16
Óhreinu börnin hennar Svandísar



30
Hægur hjartsláttur í fjölnytjaskógi



38
Perlan í alfaraleið



# Bændablaðið

14. tölublað 2023 ● Fimmtudagur 20. júlí ● Blað nr. 638 ● 29 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is

## Óviss framtíð lausagöngu

**Álit umboðsmanns Alþingis um lausagöngu sauðfjár, sem kom út í október á síðasta ári, hefur komið af stað miklum skoðanadeilum um lagalegan grundvöll sauðfjárbeitar.**

Báðir hagsmunahópar telja sig hafa rétt fyrir sér, þ.e. þeir sem telja álitið breyta öllu og hér eftir þurfi að girða allt sauðfé inni, og þeir sem segja álitið hafa lítil áhrif á óbreytt ástand. Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, telur í ljósi þessa ekki ólíklegt að deilumál um túlkun á lagagreinum um lausagöngu rati fyrir dómstóla. Túlkun Bændasamtakanna sé sú að lausaganga sé heimil.

Kristín Magnúsdóttir, lögfræðingur og landeigandi á Snæfellsnesi, segir álit umboðsmanns breyta öllu og þetta sé aðeins upphafið að miklum breytingum á lausagöngu hérlendis. Samkvæmt henni komi skýrt fram í álitinu að lausaganga í leyfisleysi sé brot á friðhelgum eignarrétti, sem varinn sé í stjórnarskránni. Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, segir óvissu sveitarfélaga vera mjög mikla. Hann getur ekki svarað því hvort sveitarfélaginu beri sannarlega að smala og fjölmargar spurningar hafa vaknað um hvernig sveitarfélaginu beri að sjá um framkvæmdina. Sveitarfélögin óska eftir skýrum leiðbeiningum um hvernig þau skuli sinna vandaðri stjórnsýslu. Álitið gefi engar leiðbeiningar hvernig framfylgja skuli þeim lögum sem umboðsmaður telur rétthærri. */ÁL*

*– Sjá nánar á síðum 20–22.*



**Vinkonurnar Glódís Tekla Björgólfsdóttir, fimm ára, og forystukindin Forynja, tveggja vetra, á Refsmýri í Fellum. Foreldrar Glódísar halda fé, geitur, hesta og hænur og eru þar að auki í hundarækt og skógrækt. Glódís hefur fengið orð á sig fyrir að vera „dýrahvíslari“ þótt ung sé að árum, hún fær jafnvel böldnustu hrúta til að éta úr lófa sér og unir sér hvergi betur en með dýrunum.** *– Sjá síðu 36.* Mynd / Agnes K.B. Jónsdóttir

## Stytta veiðar á grágæs

**Vegna fækkunar í grágæsastofninum stendur til að stytta veiðitímabil og banna sölu afurða af grágæs.**

Gangi fyrstu tillögur umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis eftir verður veiðitímabil á grágæs stytt niður í rúmar sjö vikur, frá 10. september til októberloka. Veiðar áttu, venju samkvæmt, að hefjast 20. ágúst og standa til 15. mars. Jafnframt er í bígerð að banna sölu afurða af grágæs. Ráðuneytið hélt á dögunum fund með hagsmunaaðilum um slíka tilhögun og eftir skoðun á ábendingum sem þar komu fram eru tillögur settar í samráðsgátt stjórnvalda og opið fyrir athugasemdir í um hálfan mánuð. Niðurstöðu er að vænta skömmu áður en veiðar hefðu átt að byrja. SKOTVÍS telur tillöguna ganga of langt og að bann við afurðasölu sé nægjanlegt. Stytting veiðitímabils gæti gert bændum erfiðara um vik að verja akra sína fyrir ágangi gæsa.

Grágæsastofninn hefur dregist saman um 40% frá árinu 2012. Alþjóðlegt veiðibann á grágæs gekk í gildi um síðustu áramót þegar stofninn var færður í verndarflokk. Bretar og Íslendingar voru þó undanskildir á grundvelli þess að veiðar væru sjálfbærar og í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun alþjóðlegs samnings um verndun afrísk-evrasískra vatnafugla sem eru farfuglar, AEWA. Nú þykir hins vegar ástæða til að bregðast enn frekar við ástandi grágæsastofnsins. */sá*

*– Sjá nánar á síðu 2.*

# Auka þarf ásetning nautgripa

**Auka þarf ásetning nautgripa verulega til að mæta aukinni eftirspurn eftir nautakjöti með innlendri framleiðslu.**

Nautakjötsmarkaður á Íslandi hefur vaxið um 5–6% á ári að undanförnu og vísbendingar eru um áframhaldandi uppsveiflu. Það sem af er ári hefur vöxturinn talist rúmlega 4% ef innflutningur er leiðréttur fyrir beini, skv. mælaborði landbúnaðarins og innflutningstölum Hagstofu Íslands. Þegar rýnt er betur í hlutföllin milli innlendrar framleiðslu og innflutnings sést að innlend sala hefur dregist saman um tæp 9,5% á meðan innflutningur nautakjöts hefur aukist um rúmlega 60% á fyrstu fimm mánuðum ársins borið saman við fyrstu fimm mánuði ársins 2022. Samkvæmt sláturtölum er meðalaldur UN gripa sem skilað er til slátrunar að lækka, meðalþunginn einnig, en flokkun gripanna að batna. Endurspeglar það áhrif hins nýja Angus erfðaefnis sem hefur verið innleitt í innlenda ræktun undanfarin ár, að sögn Höskuldar Sæmundssonar sérfræðings hjá Bændasamtökum Íslands. „Ef hins vegar ásetningstölur sem gefnar eru út mánaðarlega af RML eru skoðaðar sést að frá ársbyrjun 2022 til maí 2023 hefur verið stöðug fækkun nauta undir 12 mánaða á fæti. Segja má lauslega að fækkunin frá miðbiki 2021 til maí 2023 sé um 1.000 gripir. Til að setja þetta í samhengi má segja að miðað við 250,4 kg. meðalfallþunga UN gripa árið 2022 að þetta þýði vöntun á um 250 tonnum af innlendu kjöti á næstu 12-24 mánuðum. Til að setja þetta í annað samhengi jafngildir þetta samanlagðri framleiðslu 55,6 meðalframleiðslubýla UN nautakjöts árið 2022.“

Þannig sé ljóst að framboð innlendra nautgripa sé að minnka á meðan heildarmarkaður nautakjöts er í stöðugum vexti. „Ef ásetningstölur eru vísbending um framtíðina má gera ráð fyrir því að skorturinn á innlendu kjöti muni einungis aukast og líklega mun þeim skorti verða mætt með auknum innflutningi.“

Eftir upptöku EUROP kerfisins fyrir um fimm árum, fór í hönd hrina verðlækkana og versnaði markaðsstaða innlends nautakjöts verulega. „Náði það líklega hámarki í ársbyrjun 2021 þegar SS tilkynnti um lækkanir á innleggsverði til að hvetja til minni ásetnings vegna birgðasöfnunar. Þrátt fyrir að fljótt hefði verið fallið frá þeim áformum þá létu afurðarverðshækkanir á sér standa, Covid-faraldurinn hélt áfram að geisa og gríðarlegar hækkanir á áburðarverði settu strik í reikning nautgripabænda, eins og afkomuskýrsla RML fyrir árið 2021 sýndi glögglega. Má leiða líkur að því að minnkandi ásetning megi rekja að einhverju leyti til þessara þátta,“ segir Höskuldur.

Samkvæmt skýrslunni voru bændur að borga að meðaltali 412 kr. með hverju kg framleidds nautakjöts árið 2021. „Ef einungis er horft til UN gripa árið 2021, sem skýrslan fjallar um, má því áætla að bændur hafi greitt að meðaltali tæplega 105 þús. krónur með hverjum grip sem kom til slátrunar það ár, eða tæplega hálfan milljarð þegar heildar kg. fjöldi UN gripa er reiknaður.“ Slíku tapi eigi bændur erfitt að mæta til lengri tíma.

Töluverðar verðhækkanir hafa hins vegar átt sér stað frá ársbyrjun 2022 sem hefur væntanlega skilað bændum bættari afkomu en Höskuldur segir slæmt að ásetningur skuli dragast jafn mikið saman á sama tíma og raun ber vitni. „Frá ársbyrjun 2022 til maí 2023 hefur VATN vísitalan hækkað töluvert umfram vísitölu neysluverðs. Þetta er jákvæð þróun en á þó enn töluvert í land með að bæta upp lækkanir áranna 2018–2021. Þannig að þrátt fyrir batnandi afkomu er samt bil verðlækkana sem ekki hefur verið brúað. Augljóst er að gæði íslenskrar framleiðslu eru að aukast enda Angus þekkt fyrir kjötgæði. Vandinn virðist vera sá að eftirspurnin er það mikil eftir innlendum gripum að sláturhúsin ganga á eftir bændum að koma með gripi til slátrunar. Menn freistast því til að láta gripina fyrr og léttari, einkum þar sem flokkunin er þrátt fyrir allt góð. Það þýðir í reynd færri kíló af innlendu nautakjöti sem er mikið áhyggjuefni gangvart hlutdeild innlendrar framleiðslu.“ */ghp*

FRÉTTIR

Strandveiðar:

# Ráðherra ekki haggað

**Smábátasjómenn höfðu ekki erindi sem erfiði þrátt fyrir mótmæli þeirra við stöðvun strandveiða 12. júlí.**

Trillukarlar söfnuðust saman á Austurvelli 15. júlí í tilraun til að fá ákvörðun um stöðvun strandveiða hnekkt. Krafðist fundurinn þess að ríkisstjórnin brygðist við „tilhæfulausu banni við strandveiðum“ og mótmælti harðlega „fullyrðingum matvælaráðherra að öllum veiðiheimildum hafi verið ráðstafað á sama tíma og miðin allt í kringum landið eru yfirfull af þorski“. Sagði í ályktun að gríðarlegir hagsmunir væru í húfi „þar sem bann við strandveiðum sviptir eitt þúsund manns atvinnu sinni og snertir því um þrjú þúsund fjölskyldur um land allt. Ákvörðun um bann hefur því að engu eitt af meginmarkmiðum laga um stjórn fiskveiða að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu.“ Krafist var 4.000 tonna aukningar á strandveiðikvótanum.

Matvælaráðuneytið birti fyrr í mánuðinum reglugerð í Stjórnartíðindum um breytingu á reglugerð um strandveiðar. Þar er kveðið á um að Fiskistofa skuli fella úr gildi leyfi til strandveiða, frá sama tíma og strandveiðar eru stöðvaðar með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða leysa smábátasjómenn út strandveiðileyfi sem gilda á til ágústloka, 48 róðrardaga, 12 daga í hverjum mánuði, á tímabilinu maí til ágúst. Fiskistofa ákvað að stöðva strandveiðar 12. júlí á grundvelli þess að sýnt þætti að leyfilegum heildarafla yrði náð að loknum veiðum þann dag. Þrátt fyrir mótmæli Landssambands smábátaeigenda, LS, mátu Fiskistofa og matvælaráðuneytið það svo að afli yrði það nálægt hámarkinu að ekki væri forsvaranlegt að bæta við degi.

LS fór fram á að aflaviðmið yrði hækkað um 4.000 tonn en við því var ekki orðið. Í áskorun stjórnar LS til matvælaráðherra var vísað til mikilvægis strandveiða og áhuga á þeim. Eigi það jafnt við um sjómenn, fiskkaupendur, vinnsluaðila og eftirspurn frá mörkuðum. „Stjórn LS vekur athygli ráðherra á að veiðiheimildir til VS-afla [afli sem landaður er utan aflamarks þess skips sem veiðir aflann og rennur andvirði aflans í Verkefnasjóð sjávarútvegs./Innsk.blm.] í þorski hafa ekki verið fullnýttar á undanförnum árum og verða það ekki á yfirstandandi fiskveiðiári. Strandveiðar til ágústloka leiða því ekki til þess að afli verði umfram það sem ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar kveður á um.“ ... „Stjórn LS minnir á að samkvæmt ákvæði laga um stjórn fiskveiða er hverju skipi heimilt að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar mánuðina maí, júní, júlí og ágúst. Jafnframt að „Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem nýtt skal til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Aflamagn sem tiltekið er í reglugerð sem ráðherra getur breytt. Með skírskotun til þessa er það óásættanlegt að strandveiðar standi einungis yfir í hluta tímabilsins.“ segir í áskorun LS til stjórnvalda.



Sturtað var fiskhausum við dyr Alþingishússins til að mótmæla stöðvun strandveiða. Mynd / Skjáskot

Gjörningur var framinn við Alþingishúsið aðfaranótt 12. júlí til að mótmæla stöðvun strandveiðanna. Sturtaði Guðlaugur Jónasson handfærasjómaður þá fiskhausum framan við aðaldyr þinghússins og stillti upp skilti, undirritað af „Handfærasjómönnum Íslands“, þar sem kostir strandveiða voru tíundaðir. Svo sem að veiðarnar séu umhverfisvænstu fiskveiðar sem Íslendingar stundi, 700 manns missi atvinnuna, um sé að ræða brot á úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og kolefnisspor strandveiða sé 500 sinnum minna en kolefnisspor veiða sem stundaðar eru með botntrollum. Minnt er á að smábátaveiðar og sauðkindin hafi gert Ísland byggilegt og spurt hvort stjórnvöldum standi á sama um umhverfismál og komandi kynslóðir. */sá*

***– Sjá nánar á síðu 16.***

## Sumarlokun Bændablaðsins

Bændablaðið mun nú fara í stutt sumarfrí. Því kemur ekki út blað eftir tvær vikur. Næsta tölublað kemur út þann **24. ágúst** næstkomandi. Á meðan minnum við á vef okkar, **bbl.is,** og samfélagsmiðla okkar þar sem allt efni Bændablaðsins er að finna. Gleðilegt sumar!

Búrekstrarvörur, hestavörur, gæludýravörur og útivistarfatnaður í miklu úrvali

Erum á 6 stöðum á landinu.

Akureyri - Blönduós - Borgarnes
Hvolsvöllur - Reykjavík - Selfoss





LÍFLAND

fyrir lífið í landinu



Fækkað hefur verulega í grágæsastofninum undanfarinn áratug. Verndaraðgerðir eru hafnar. Mynd / Óskar Andri

Veiðar:

# Veruleg stytting veiðitíma á grágæs

## – Stjórnvöld vilja aðgerðir vegna fækkunar í stofninum. Veiðimenn ósáttir.

**Til stendur að stytta veiðitímabil á grágæs verulega og banna sölu afurða af henni, gangi fyrstu tillögur stjórnvalda eftir. Grágæsastofninn stendur völtum fótum vegna fækkunar.**

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið boðaði hagsmunaaðila til kynningarfundar 7. júlí og var efnið að kynna mögulegar aðgerðir vegna stöðu grágæsastofnsins. Til fundarins komu m.a. fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, SKOTVÍS og Fuglaverndar.



Áki Ármann Jónsson.



Sigurður Ármann Þráinsson.

***Veiðitímabilið stytt í báða enda***

Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins var á kynningarfundinum til umræðu að stytta veiðitímabilið í 10. september til októberloka og setja algert bann við sölu afurða af grágæsum. Veiðitímabilið hefur fram til þessa verið 20. ágúst til 15. mars, á bæði grágæs og heiðagæs.

Sigurður Ármann Þráinsson, deildarstjóri stefnumótunar og innleiðingar hjá ráðuneytinu, segir til skoðunar mögulegt sölubann á grágæs og breytingu á veiðitíma. Nokkrar dagsetningar hafi verið til athugunar en ekki sé ljóst hver niðurstaðan verði. Tillaga þar um fari í samráðsgátt stjórnvalda, til kynningar í allt að hálfan mánuð.

„Þegar þetta er komið úr samráðsgáttinni þurfum við að fara yfir athugasemdir og taka ákvörðun um hvort og hvað verður gert,“ segir hann. Má því líklega búast við lokaniðurstöðu um aðgerðir ráðuneytisins fljótlega í ágúst, eða aðeins nokkrum dögum áður en veiðitímabilið átti að hefjast.

***Sölubann sem fyrsta aðgerð***

Viðbrögð SKOTVÍS við hugmyndum ráðuneytisins um aðgerðir eru að sölubann ætti að vera nægjanlegt sem fyrsta skref. „Í ljósi þess að fjölgun var í talningum 2021 í Bretlandi og að veiðin hafi dregist saman úr 45.000 fuglum í 26.000 árið 2022, ætti sölubann eitt og sér að duga sem fyrsta skref,“ segir Áki Ármann Jónsson, formaður SKOTVÍS. „Veiðarnar í dag valda ekki stórfelldri fækkun en sjálfsagt að setja á sölubann til að hjálpa stofninum að ná sér á strik.“ Félagið telur að það að fara í margar aðgerðir í einu geri ómögulegt að meta árangurinn af hverri aðgerð fyrir sig. „Við höfum reynslu af því vegna veiðistjórnunar á rjúpu,“ segir Áki.

Einnig þurfi sterk rök að liggja fyrir um styttingu veiðitíma og af hverju sölubann eitt og sér ætti ekki að duga. Margir veiðimenn hafi þegar skipulagt veiðitíma í haust og breyting á honum kæmi illa við marga veiðimenn. „Það væri ákjósanlegt að slík aðgerð ætti sér lengri aðdraganda og betri kynningu,“ segir Áki. Hann bendir jafnframt á að uppstoppun fugla ætti að vera undanskilin sem afurð, þar sé um að ræða fullnýtingu bráðar og auki ekki veiðiálag. Eigi þetta líka við um rjúpu.

***Grágæs fækkað um 40% á 11 árum***

Bændasamtök Íslands hyggjast bíða átekta og sjá hver niðurstaða ráðuneytisins verður áður en brugðist verður við af þeirra hálfu. Stytting veiðitíma, einkum fram á haust, gæti þó augljóslega reynst bændum óþægur ljár í þúfu vegna ásóknar grágæsar í akra.

Gæsaveiðitímabilið átti sem fyrr segir að hefjast eftir skamman tíma og ljóst að ákvörðun um styttingu veiðitímabilsins og afurðabann gerist nokkuð bratt ef af verður.

„Grágæs hefur fækkað um 40% frá því árið 2012, úr 100 þúsund í 60 þúsund,“ segir Sigurður. Grágæsastofninn sé þó ekki kominn inn á íslenskan válista enda hafi sá listi ekki verið endurskoðaður nýlega.

Sett var alþjóðlegt bann á grágæsaveiði um síðustu áramót en Bretland og Ísland undanþegin því banni með skilyrðum. „Á vegum AEWA-samningsins (Agreement on the Conservation of African-Eurasian Migratory Waterbirds) er búið að samþykkja að sett verði veiðibann á grágæsina,“ segir hann og heldur áfram: „Ísland og Skotland gerðu fyrirvara við þá ákvörðun þannig að hún gildir í sjálfu sér ekki hér á landi og í Bretlandi. En það bætir ekki ástand stofnsins. Við hugsum þetta sem aðgerðir fram að því að búið verði að gera alþjóðlega stjórnunar- og verndaráætlun fyrir grágæsastofninn á Íslandi og í Bretlandi.“

Horft sé til þess að slík áætlun verði tilbúin og samþykkt haustið 2025. Þetta sé því tveggja ára ferli. „Halda þarf vel á spöðunum því þetta er vinna sem ætti að taka þrjú til fjögur ár. Áætlun okkar hljóðar upp á að hafa þetta tilbúið fyrir næsta aðildarfund AEWA-samningsins,“ segir Sigurður. */sá*





Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

FRÉTTIR




Reiknað afurðaverð fyrir dilkakjöt hækkar um 17% milli ára. Heimild: BÍ

# Afurðaverð fyrir dilkakjöt hækkar

**Samkvæmt útreikningum Bændasamtaka Íslands er hækkun á dilkakjöti milli ára 17%.**

Árið 2022 var reiknað afurðaverð fyrir dilkakjöt 748 kr/kg en er nú 876 kr/kg. Verð á kjöti fyrir fullorðið hækkar aðeins um 3% milli ára. Ekki hefur verið birt afurðaverð hjá Fjallalambi og Sláturfélagi Vopnafjarðar og miða útreikningar við afurðaverð þessara sláturleyfishafa árið 2022.

Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda hjá BÍ, segir ánægjulegt að afurðaverð komi fram svo snemma.

„Þessi hækkun er þó minni en mínar væntingar stóðu til. Við hjá Bændasamtökunum teljum að framleiðslukostnaður á dilkakjöti sé ríflega 2.000 kr/kg. Miðað við það vantar okkur nærri 300 kr/kg upp í þann kostnað þegar tekið hefur verið tillit til stuðnings úr búvörusamningum."

*Afkoman verri þrátt fyrir hækkun*

Árið 2022 fengu bændur viðbótarstuðning sem nam um 111 kr/kg samkvæmt rekstrargreiningu RML. Ekki verður greiddur neinn viðbótarstuðningur til bænda á þessu



Trausti Hjálmarsson, formaður búgreinadeildar sauðfjárbænda.

ári. Þá er ljóst að ýmsir kostnaðarliðir hafa hækkað talsvert milli ára.

Trausti segir því allt stefna í að afkoma sauðfjárbúa versni milli ára, þrátt fyrir hækkun afurðaverðs. „Við megum alls ekki við því að sjá framleiðsluna dragast meira saman. Ég á von á því að við sjáum frekari hækkun afurðaverðs og síðan stendur yfir endurskoðun búvörusamninga. Þar hlýtur ríkið að horfa til stöðu greinarinnar og koma til móts við hana." /uss-ghp

| Sláturleyfishafi | 2022 | 2023 | Hækkun |
|---|---|---|---|
| Fjallalamb | 746 | | |
| Kaupfélag Skagfirðinga svf | 753 | 903 | 20% |
| Norðlenska ehf | 746 | 886 | 19% |
| SAH Afurðir ehf | 746 | 886 | 19% |
| Sláturfélag Suðurlands svf | 754 | 890 | 18% |
| Sláturfélag Vopnfirðinga hf | 748 | | |
| Sláturhús KVH ehf | 753 | 903 | 20% |

Reiknað meðalverð sláturleyfishafa og hækkun milli ára. Sláturhús KVH og Kaupfélag Skagfirðinga greiða hæst verð samkvæmt þessum útreikningum, 903 kr/kg. Heimild: Bændasamtök Íslands








Hinrik Þór Sigurðsson, verkefnastjóri afreks- og mótamála, Berglind Karlsdóttir, framkvæmdastjóri LH, Erlendur Árnason, járningamaður landsliðsins, Guðni Halldórsson, formaður LH, Kristinn Skúlason, formaður landsliðsnefndar, Elvar Þormarsson, Benedikt Ólafsson, Sara Sigurbjörnsdóttir, Teitur Árnason, Herdís Björg Jóhannsdóttir, Jakob Svavar Sigurðsson, Glódís Rún Sigurðardóttir, Jóhanna Margrét Snorradóttir, Sigríður Ingibjörg Einarsdóttir, Páll Bragi Hólmarsson, Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir, Þorgeir Ólafsson, Hans Þór Hilmarsson, Guðmundur Björgvinsson, Ingibergur Árnason, Árni Björn Pálsson, Jón Ársæll Bergmann, Benjamín Sandur Ingólfsson, Hekla Katharína Kristinsdóttir U21 landsliðsþjálfari og Sigurbjörn Bárðarson landsliðsþjálfari. Mynd / HF

## Hestaíþróttir:

# Hross og knapar til reiðu búnir

**Farsælt keppnispar í hestaíþróttum mun ljúka ferli sínum saman á heimsmeistaramóti sem fram fer í Oirschot í Hollandi dagana 7.–13. ágúst. Jóhanna Margrét Snorradóttir segist ekki finna fyrir aukinni pressu en veit að fram undan er erfið kveðjustund þeirra Bárðar frá Melabergi.**

Landsliðsþjálfarar kynntu liðið föstudaginn 14. júlí sl. í sýningarsal Öskju við hátíðlega athöfn. Íslendingar senda frá sér fullskipað lið ásamt þremur ríkjandi heimsmeisturum, Benjamín Sandi Ingólfssyni, Guðmundi Björgvinssyni og Teiti Árnasyni. Mikil ólga hefur verið í kringum landsliðsmálin undanfarin misseri en tveir ríkjandi heimsmeistarar hafa verið settir úr liðinu vegna agabrota.

Jóhanna Margrét Snorradóttir og Bárður frá Melabergi hafa verið í mikilli uppsveiflu í vor og í sumar. Þau urðu þrefaldir Íslandsmeistarar á nýafstöðnu Íslandsmóti og eru miklar væntingar bundnar við árangur þeirra á mótinu. Aðspurð hvort Jóhanna finni fyrir aukinni pressu segir hún það ekki vera. „Ég finn bara fyrir þeirri pressu sem ég set á mig sjálf. Mig langar að gera vel og markmiðið er að standa mig vel og gera betur en á síðasta móti."

Það var ekkert launungarmál að Jóhanna stefndi á að komast með Bárð á Heimsmeistaramótið og tók hún ákvörðun snemma í vetur að sleppa því að taka þátt í Meistaradeildinni en þau hafa átt farsælan feril í deildinni.

„Það var rétt ákvörðun hjá mér. Hesturinn hefur aldrei verið jafnferskur og í eins miklu stuði á þessum tíma og nú. Mikið álag um veturinn, eins og hefur verið á honum, hefur stundum orðið til þess að hann mætir aðeins þreyttur inn í vorið."

Þetta er sjötta keppnistímabilið þeirra Jóhönnu Margrétar og Bárðar og kveðjustundin í Hollandi verður eflaust erfið hjá þessu frábæra pari. „Bárður mun fara til Sviss að móti loknu og ég búin að plana nokkrar helgar næsta haust og vetur að hjálpa nýjum eiganda svo þetta er engin endastöð fyrir okkur. Ég reyni að hugsa ekki mikið um kveðjustundina og einbeiti mér frekar að verkefninu sem er fram undan. Gera okkar allra besta á mótinu og svo kemur að kveðjustund sem verður erfið."

*Sterkt landslið*

Jóhanna og Bárður munu keppa í tölti, fjórgangi og samanlögðum fjórgangsgreinum. Elvar Þormarsson og Fjalladís frá Fornusöndum keppa í gæðingaskeiði, Sara Sigurbjörnsdóttir og Flóki frá Oddhóli í fimmgangi, Þorgeir Ólafsson og Goðasteinn frá Haukagili, Hvítársíðu keppa í fimmgangi, tölti, gæðingaskeiði og samanlögðum fimmgangsgreinum og Páll Bragi Hólmarsson og Vísir frá Kagaðarhóli í fjórgangi og tölti. Á skeiðvængnum verða Ingibergur Árnason á Sólveigu frá Kirkjubæ og Hans Þór Hilmarsson á Jarli frá Þóroddsstöðum.

Miklar vonir eru bundnar við U21 landsliðið en óhætt að segja að aldrei hafi verið sendur áður jafnöflugur hópur. Í hópnum eru þau Benedikt Ólafsson á Leiru-Björk frá Naustum en þau eru þrefaldir Íslandsmeistarar í gæðingaskeiði, Glódís Rún Sigurðardóttir og Salka frá Efri-Brú, Íslandsmeistarar, sem hlutu 7,60 í fimmgangi, Herdís Björg Jóhannsdóttir og Kvarði frá Pulu sem hafa farið yfir 8,00 í tölti, Jón Ársæll Bergmann og Frár frá Sandhóli, sem eru Íslandsmeistarar í tölti, fjórgangi og samanlögðum fjórgangsgreinum og að lokum Sigríður Ingibjörg Einarsdóttir á öskufljótri Ylfu frá Miðengi.

Að auki verða kynbótahross í öllum flokkum. Ársól frá Sauðanesi verður sýnd af Aðalheiði Önnu Guðjónsdóttur í flokki 5 vetra hryssna, Hrönn frá Fákshólum verður sýnd af Jakobi Svavari Sigurðssyni í flokki 6 vetra hryssna og í elsta flokki hryssna sýnir Árni Björn Pálsson Kötlu frá Hemlu II. Hann sýnir jafnframt Geisla frá Árbæ í flokki 6 vetra stóðhesta. Höfði frá Bergi verður sýndur í flokki 5 vetra stóðhesta af Þorgeiri Ólafssyni og í elsta flokki stóðhesta er það Hersir frá Húsavík, sýndur af Teiti Árnasyni. /hf



### Enn að átta sig

Ingibergur Árnason var valinn í landslið Íslands korter í kynningu, en hann og Sólveig frá Kirkjubæ eru eitt alfljótasta parið á heimsvísu í skeiðgreinunum og hafa verið um árabil.

„Ég fékk að vita af þessu klukkan ellefu í morgun svo ég er kannski aðeins að átta mig enn þá á þessu en ég er spenntur fyrir verkefninu," sagði Ingibergur við blaðamann eftir kynningu landsliðsins.

Það sem er skemmtilegt við val Ingibergs og Sólveigar er að Ingibergur er áhugamaður úr hestamannafélaginu Sörla sem stundar útreiðar af kappi en er ekki atvinnumaður í faginu. Hann hefur verið duglegur að keppa í skeiði og náð eftirtektarverðum árangri.

„Markmiðið mitt er alltaf að gera eins vel og ég get. Það er auka bónus að fá þetta tækifæri. Þetta er samt ekki auðveld ákvörðun. Þú þarft auðvitað að selja hrossið og getur ekki haldið áfram með það. Sólveig á mörg ár eftir og mér finnst hún ekki hafa toppað sig enn. Þetta verður erfitt en tækifæri sem maður grípur."



Bárður frá Melabergi mun fara til Sviss að móti loknu. Jóhanna Margrét mun fylgja honum eftir á nýjum heimaslóðum fyrst um sinn.



NÝTT Á MARKAÐI!
CAN-AM TRAXTER 6X6
1000cc / 82 hö.
770+ kg burðargeta
1600+ kg dráttargeta
6x6 drif með
ViscoLok læsingu
Kynningaverð:
4.830.000 kr. +vsk
Fullt verð: 5.990.000 kr. m/vsk
can-am®
BRP
ELLINGSEN
Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is
*Myndir sýna bíl með aukahltuum

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.** Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** **thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## LEIÐARI

### Slump

**Á dögunum sá ég mynd frá garðyrkjubónda sem sinnti kúrbítsplöntum í gróðurhúsi. Finna má þennan íslenska kúrbít í matvöruverslunum einstaka sinnum á ári.**

Slíkar vörur heyra hins vegar til undantekninga. Það er vegna þess að það borgar sig ekkert sérstaklega fyrir garðyrkjuframleiðanda að rækta kúrbít hér á landi. Sem er í raun skrítið, því kúrbítur er tiltölulega auðveldur í ræktun. Þrátt fyrir að vera harðgerð og gefandi planta krefst ræktun kúrbíts talsverðrar orku og vinnu. Hún er ekki hagstæð vara til massaframleiðslu. Að minnsta kosti er enginn hér sem skilgreinir sig sem kúrbítsbónda. Hins vegar eru til tómatabændur og gúrkubændur. Þeir njóta svokallaðra A styrkja í búvörusamningum sem þýðir að þeir fá nokkuð hærra verð fyrir hvert kíló en bóndinn sem framleiðir kíló af kúrbít. Kúrbítur, ásamt reyndar öllu öðru en tómat, gúrku og papriku, nýtur svokallaðra B styrkja. A styrkjapotturinn er 290 milljónir króna í ár og B styrkir eru samtals 37 milljónir króna. Þessu er svo skipt hlutfallslega milli framleiðenda, eftir magni. Eftir því sem meira er framleitt, því lægri krónutala dreifist út á hvert framleitt kíló. Þar sem framleiðslukostnaður og uppskerumagn getur verið misjafnt er enginn fyrirsjáanleiki til staðar. Garðyrkjuframleiðendur þurfa því að slumpa á launin sín.

Í fyrra voru flutt hingað inn 247 tonn af ferskum kúrbít. Langstærsti hluti magnsins kom frá Spáni og Hollandi. Meðalkílóverð innflutningsvörunnar var um 250 kr. Evrópuríki styrkja öll grænmetisræktun á sínum heimaslóðum. Almennt er talið mikilvægt út frá fæðuöryggi þjóðar og heilsuvernd íbúa að til staðar sé aðgengilegur og hollur matur fyrir samfélagið. Endurspeglast það helst í því að minna en 10% af þeim matvælum sem framleidd eru í heiminum rata á heimsmarkað. Stuðlað er að innanlandsframleiðslu í formi stuðnings sem getur svo verið eins misjafn og löndin eru mörg. Samkvæmt kerfinu hér er hvetjandi að færri framleiði minna magn af takmörkuðu vöruframboði. Þessu vilja garðyrkjubændur breyta.

Axel Sæland, formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda, segir að fallega sé talað um garðyrkjuna hjá stjórnvöldum hér á landi en orðunum fylgir enginn raunverulegur áhugi eða tillögur að beinhörðum aðgerðum garðyrkjuframleiðslunni til vaxtar. „Þegar núverandi ríkisstjórn tók við var hluti af samstarfssáttmála stjórnarflokkanna að stórauka framleiðslu á innlendu grænmeti með föstu „niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar og sérstökum stuðningi við útiræktun í gegnum búvörusamninga“. Þessi yfirlýsing ásamt auknum stuðningi við garðyrkjuna sem heitið var í endurskoðun árið 2020 gáfu bændum tilefni til bjartsýni, en núna, þegar kjörtímabilið er tæplega hálfnað, virðist ljóst að aukinn stuðningur ríkisstjórnarinnar við garðyrkju eru bara orðin tóm. Stjórnarsáttmálinn og fjárhagsáætlun næstu ára segi annað. Verðbólga, gríðarlegar kostnaðaraukningar og hverfandi tollvernd hafa étið upp alla aukningu í stuðningi og það rúmlega. Endurskoðun á búvörusamningi garðyrkjunnar er því í raun engin þar sem lítið er að ræða, þar sem ekki stendur til að fara í neinar stórar breytingar á samningnum né að bæta fjármagni í hann.“ Axel undirstrikar að ef raunverulegur vilji stjórnvalda standi til þess að auka innlenda grænmetisframleiðslu þurfi að gera betur, enda sé ekki endalaust hægt að velta auknum kostnaði yfir á neytendur. „Grænmeti má ekki verða að slíkri lúxusvöru að neyslan dragist saman, svo ekki sé minnst á aukna sjálfbærni, bætta lýðheilsu og minni kolefnislosun sem allt fellur vel að aukinni grænmetisframleiðslu.“ Axel hvetur bændur til þess að mæta og láta í sér heyra á bændafundum sem fara fram víða um land í ágúst.

Hvernig getum við ræktað sem mest af fersku fjölbreyttu grænmeti hér á landi, þannig að framleiðendur fái mannsæmandi tekjur og neytendur fái sanngjarnt verð? Þurfum við virkilega að slumpa á styrkveitingu miðað við framleiðslukostnað eða getum við komið okkur niður á lausn, heilsu okkar og umhverfi til bóta? Hvernig getur ungi kúrbítsræktandinn gert það að atvinnu sinni að útvega matvöruverslunum íslenskan kúrbít allan ársins hring? /ghp

## Léttleikandi sumarstemning



**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



**Á þessum tíma árs eru bændur um land allt að uppskera eftir annir vorverkanna. Misjafnt tíðarfar á landinu hefur sett svip sinn á uppskeru í magni og gæðum.**

Á austan- og norðanverðu landinu hafa bændur verið heldur fyrr að uppskera af túnum sínum og ökrum en sunnan heiða eftir ansi blautt og kalt vor og eru því heldur seinni með sína uppskeru en undanfarnar tvær vikur hafa gert heilmikið og þeir bændur eru því komnir fulla ferð áfram í sínum verkum.

Ég vona að bændur verði sæmilega settir með afurðir til vetrarins en það verður fróðlegt að fylgjast með kornvexti þegar kemur að uppskerutíma á þeim afurðum, þar sem margir hafa stokkið á „kornvagninn“ og nýtt sér fyrirframgreiðslu sem matvælaráðherra lagði til á vordögum. Samtals fá 48 bú fyrirframgreiðslu sem samanlagt eru með 1.048 hektara lands í kornrækt.

*Afurðaverð*

Mikið hefur verið rætt um afurðaverð til bænda undanfarin misseri. Þar hafa Bændasamtökin mestar áhyggjur af framleiðslu á nautakjöti þar sem þróun verðlags á afurðum til bænda hafa ekki staðið undir þróun á framleiðslukostnaði, en einnig hefur magn innflutts nautakjöts aukist verulega. Það sem af er ári er vöxturinn á heildarmarkaðinum rúmlega 4% ef innflutningur er leiðréttur fyrir beini. Þegar hlutföllin eru skoðuð nánar sést að innlend sala hefur dregist saman um tæp 9,5% á meðan innflutningur nautakjöts hefur aukist um rúmlega 60% þessa fyrstu 5 mánuði ársins borið saman við fyrstu 5 mánuði ársins 2022. Þessi staða er verulegt áhyggjuefni, sérstaklega þar sem mikið hefur verið rætt um fæðuöryggi og nauðsyn þess að vera sjálfbær í framleiðslu landbúnaðarafurða. En hvað er til ráða? Ráðherra hefur gefið skýr skilaboð um að ekki verði um frekari stuðning við framleiðslu við endurskoðun búvörusamninga. Þá er einnig beðið eftir upplýsingum frá ráðherra utanríkismála hver staða endurskoðunar á samningi við Evrópusambandið sé um innflutningskvóta eftir útgöngu Breta úr sambandinu, þar er ekki mikið að frétta. Ef til vill er best að bíða eftir loforðaflaumnum þegar kemur að næstu kosningabaráttu.

*Bændafundir*

Við hlökkum til að taka samtalið um okkar helstu áherslu mál nú seinni partinn í sumar en þá er á dagskrá fundaröð stjórnar og starfsfólks Bændasamtakanna með bændum en fyrsti fundur verður þann 21. ágúst næstkomandi.

Hvet ég alla bændur til að kynna sér fundarstaði og tíma og vona ég að við sjáum sem flesta dagana 21. ágúst til 25. ágúst.

Njótið sumarsins!

## GAMLA MYNDIN




**Mynd úr safni Bændasamtakanna sem sýnir heykögglaverksmiðju. Á bakhliðinni stendur: „Mýrdalsfóður 1987. Færiband flytur heybagga inn í færanlega fóðuriðjuna.“ Rekstur Mýrdalsfóðurs hf. hófst um áramótin 1984-85 undir stjórn Jóhannesar Kristjánssonar. Vegna riðuvarna voru miklar hindranir á flutningi verksmiðjunnar milli landshluta. Ekki fengust nægjanleg verkefni á því afmarkaða landsvæði sem hún fékk að starfa á og varð Mýrdalsfóður gjaldþrota árið 1990.** Mynd / Úr safni Bændasamtakanna.

LÍF&STARF



Reiðskóli Reykjavíkur býður upp á skemmtileg reiðnámskeið á sumrin fyrir börn á aldrinum 6–15 ára. Markmiðið er að börnin skemmti sér vel og hafi ánægju af því að kynnast hestamennskunni.



Reiðskólinn í Ysta-Gerði, Eyjafirði, gefur æskunni tækifæri til þess að stunda hestamennsku á ársgrundvelli. Að skjóta með boga er alltaf vinsælt. Hér má sjá Sif Sævarsdóttur skjóta úr kyrrstæðu standandi á hestbaki en einnig er skotið með boganum á ferð.

# Reiðskólar um land allt

Á sumrin kviknar líf í reiðskólum víðs vegar um landið þar sem börnum og unglingum gefst tækifæri á að kynnast hestinum og hestamennskunni. Það færist þó í aukana að reiðskólar séu starfandi allan ársins hring en mestur fjöldi barna sækir þó reiðskólana yfir sumartímann. Sumir þátttakendurnir hafa aldrei áður komist í snertingu við hestinn á meðan aðrir eru þaulvanir. Fyrir marga eru reiðskólarnir þeirra fyrstu kynni við hestinn og sinna þeir því mikilvægu hlutverki í nýliðun innan hestamennskunnar. Hér má sjá nokkrar vel valdar myndir úr starfi reiðskólanna víðs vegar um landið.

/þag



Reiðskólinn Hestasnilld er í Mosfellsbæ og býður m.a. upp á stutt námskeið þar sem foreldrar og börn eiga gæðastundir með hestinum. Krakkar fara á bak og foreldri teymir, ásamt því að hestarnir eru kembdir og knúsaðir.



Á Ölvaldsstöðum í Borgarfirði rekur Guðrún Fjeldsted reiðskóla og hestaleigu. Aðaláherslan eru útreiðar og að hafa gaman í náttúrunni með hestinum þar sem riðið er um í mismunandi landslagi til að auka enn meira jafnvægi knapanna. Myndir / Aðsendar



Reiðskólinn á Bjarnastöðum í Ölfusi leggur áherslu á að bæta jafnvægi knapa og hests sem má gera á margan hátt. Á myndinni má sjá Kötlu og Stjörnu stökkva yfir hindrun í ístaðslausri dýnu.



Oft og tíðum myndast dýrmætt og einstakt samband milli knapa og hests. Hér er hnáta úr reiðskólanum Hestalíf sem er á félagssvæði hestamannafélagsins Spretts.



Traust og gott samband barns og hests.

# MÆLT AF MUNNI FRAM

Í síðasta vísnaþætti birti ég stöku eina eftir ónefndan höfund sem jafnan orti undir skáldanafninu „Sláni“. Engan grun hafði ég um eiginlegt heiti þessa höfundar. Svo berast mér þau gleðilegu tíðindi í bréfstúfi frá Hallgrími Gíslasyni að hið rétta nafn höfundar sé **Sigurgeir Þorvaldsson,** sem starfað hafi um langt árabil sem lögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli. Hirði hann Hallgrímur ærið þakklæti fyrir upplýsingarnar og ekki síður hitt, hve prúðmannlega hann fletti ofan af fávísi minni. Það hefur mér nefnilega vitnast að Sigurgeir Þorvaldsson var ágætlega þekktur fyrir lipran kveðskap og birst talsvert af kveðskap hans bæði í bókum og blöðum. Til frekari staðfestu á kveðskap Slána birtast hér þrjár liprar vísur meðsendar úr bréfi Hallgríms Gíslasonar:

*Alltaf líkist e og é,*
*einnig c-ið g-i.*
*Pínulítið p og b*
*þar ei d-ið t-i.*

*H-in máttu telja tvö.*
*T-in reynast níu.*
*N-in gera samtals sjö.*
*S-in hálft í tíu.*

*Vísur þessar vinur kær*
*vitið forðum leyndust.*
*Fjórar línur fylltu þær,*
*fjórtán orðin reyndust.*

Fyrir skömmu setti ég inn á samfélagsmiðil mynd af glænýju strauborði og nýjum straubolta og lét drýgindalega yfir þeim tímamótum í gistiþjónustu okkar hjóna. **Björn Ingólfsson**, hagyrðingur á Grenivík, var einn þeirra fjölmörgu sem samglöddust mér við þessi tímamót:

*Nú er Geirhjörtur glaður*
*hinn gestrisni eðalmaður.*
*Með straujárni fín-*
*u strýkur sitt lín*
*„alsæll og uppveðraður“.*

Mikið gladdist ég við þessa hlýlegu athugasemd Björns, og falaði samstundis þessa listilega gerðu limru til birtingar í Bændablaðsþáttinn. Björn fagnaði hugmyndinni heilshugar:

*Það er endalaust undir mig hlaðið*
*að því er vandlega staðið.*
*Lífið er dans,*
*það er draumur hvers manns*
*að komast í Bændablaðið.*

Til ungs manns kvað **Jón Bjarnason** í Garðsvík:

*Vaknar fjör í ungum æðum,*
*inn um gluggann sveinninn gáir:*
*Yngismær á Evuklæðum*
*alla sína fegurð tjáir.*

*Dýrleg eins og heiðið háa,*
*himnesk eins og stjörnuglitið,*
*jarðnesk eins og blómið bláa,*
*sem bíður þess að verða slitið.*

Kunn er mörgum þessi myndræna vísa Jóns frá Garðsvík:

*Alltaf hef ég ístru þráð,*
*er hún loksins fengin.*
*Lausnarans fyrir læt ég náð*
*lykkju á buxnastrenginn.*

Nú er nepjukuldi um Norðurland eftir fádæma sumarblíðu. Því fer vel á vísu **Valborgar Guðmundsdóttur** frá Tungufelli í Breiðdal:

*Kveða á skjáinn kuldi og regn,*
*kveina strá og runnar.*
*Nepja lífsins næðir gegn*
*um nylon tilverunnar.*

Og Valborg á einnig þessa tvíræðu vísu:

*Úti um dimma ágústnótt*
*ýmsar vættir sveima.*
*Börnin sofa blítt og rótt*
*-bóndinn ekki heima.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*

FRÉTTIR

# Vilja leyfa notkun á glýfosati

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun vera að vinna að endurupptöku á notkunarheimildum á efninu glýfosat í aðildarríkjum sínum. Umhverfisverndarsamtök fordæma ákvörðunina.**


Glýfosat er virka efnið í algengum illgresiseyðum á borð við Roundup. Mynd / James Baltz

Glýfosat er virka efnið í algengum illgresiseyðum á borð við Roundup. Álitamál hefur verið um hvort notkun þess geti verið hættuleg heilsu manna og mögulega valdið krabbameini. Á undanförnum árum hefur því verið hávær umræða um takmörkun og banna við notkun þess.

Nýlega birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) samantekt á niðurstöðum sínum um notkun þess í landbúnaði. Segir í þeim að áhrif notkunar glýfosats á heilsu manna, dýra og umhverfis valdi ekki áhyggjum. Umhverfisverndarsamtök mótmæltu áliti EFTA og saka stofnunina um að ganga erinda stórfyrirtækja í matvælaiðnaði. Samkvæmt fregn miðilsins Politico mun framkvæmdastjórnin á næstu vikum kynna álit sitt og hefja viðræður um leyfisveitingu efnisins. Talsmenn hagsmunasamtakanna Pesticide Action Network Europe hafa fordæmt framferði framkvæmdastjórnarinnar og kalla eftir að EFSA birti allar niðurstöður sínar og öll gögn sem liggja þeim til grundvallar áður en farið er að ræða leyfisveitingar. Þau segja niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar „vandræðalegar“ og grafi undan rótgrónum skilningi á áhættu tengdum notkun á glýfosati. Talsmaður framkvæmdastjórnarinnar segir hana starfa gagnsætt og hafi fylgt hefðbundinni málsmeðferð.

Búist er við að endanleg ákvörðun verði tekin í október. */ghp*

# Kúasæðingar hækka í verði

**Stjórn Búnaðarsamtaka Vesturlands ákvað á fundi í lok júní að hækka gjaldskrá sína vegna kúasæðinga frá 1. júlí um 5%, þó ekki kvígusæðingar.**


Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir að sæða kú. Mynd / MHH

„Ástæðan er fyrst og fremst hækkun á kostnaðarliðum eins og launahækkun og hækkun á sæði. Með þessu erum við að reyna að halda rekstrinum á sæðingum í jafnvægi,“ segir Guðmundur Davíðsson, formaður stjórnar samtakanna, spurður út í skýringu á hækkuninni.

Tveir fastir starfsmenn vinna við sæðingar, auk afleysingafólks á Vesturlandi, og þrír verktakar sjá um sæðingar á Vestfjörðum. Eftir hækkunina 1. júlí kostar kúasæðing 4.470 kr. og kvígusæðing 2.322 kr. Heimsóknargjald er 3.270 kr. */mhh*





Í skýrslunni er greint frá því að tæplega 30% mannkyns, 2,4 milljarðar manna, hafi ekki tryggt öryggi að fæðu. Mynd / Alex Hudson

## Fæðuöryggi:

# Aðgengi að hollu mataræði fer versnandi

**Á ári hverju gefur Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) út skýrslu um stöðu fæðuöryggis og næringar á heimsvísu sem hefur það markmið að binda enda á hungursneyð og vannæringu í heiminum.**

Skýrslan greinir einnig frá þeim áskorunum sem standa í vegi fyrir því að markmiðin náist. Í skýrslunni má lesa um markmið sjálfbærrar þróunar heimsins sem gera ráð fyrir að binda enda á hungursneyð og vannæringu á heimsvísu árið 2030.

Í skýrslunni er greint frá því að um 735 milljónir manna á heimsvísu hafi upplifað hungursneyð árið 2022, sem er aukning um 122 milljónir manna frá árinu 2019. Helstu orsakir eru taldar vera Covid-heimsfaraldurinn, veðurfarsbreytingar og hamfarir ásamt stríðinu í Úkraínu. Þó ber að geta þess að hungursneyð í heiminum hefur ekki aukist milli 2021 og 2022. Ef fram heldur sem horfir munu markmið Sameinuðu þjóðanna um að enda hungursneyð í heiminum fyrir árið 2030 ekki nást og gerir skýrslan nú ráð fyrir að um 600 milljónir manna verði alvarlega vannærðir árið 2030.

***Fæðuöryggi ótryggt***

Í skýrslunni er sjónum beint að aukinni þéttbýlismyndun sem hefur áhrif á hvernig og hvað fólk borðar. Áætlanir gera ráð fyrir að 7 af hverjum 10 muni búa í stórborgum árið 2050. Þessar breytingar kalla á bæði áskoranir og tækifæri til að tryggja að allir hafi, fjárhagslega og landfræðilega, aðgang að hollu mataræði. Áskoranirnar felast einnig í auknu aðgengi að ódýrum og tilbúnum skyndibita sem er oftar en ekki hitaeiningaríkur, hár í fitu, sykri og/eða salti sem getur leitt til vannæringar. Auk þess er talið að aðgengi að grænmeti og ávöxtum til að mæta daglegum viðmiðum af hollu mataræði sé ekki nægjanlegt. Með aukinni þéttbýlismyndun verður einnig breyting á nýtingu lands sem hefur þar með áhrif á landbúnað.

Fæðuöryggi er skilgreint sem svo að fólk, á öllum tímum, hafi raunverulegan og efnahagslegan aðgang að nægum, heilnæmum og næringarríkum mat sem fullnægir þörfum þess til að lifa virku og heilsusamlegu lífi.

Í skýrslunni er greint frá því að tæplega 30% mannkyns, sem jafngildir 2,4 milljörðum manna, hafi ekki tryggt öryggi að fæðu. Þar af eru um 900 milljón manna sem standa frammi fyrir alvarlegu fæðuóöryggi. Einnig er vakin athygli á því að efnahagslegur aðgangur fólks að hollu mataræði fer versnandi en árið 2021 hafði 42% mannkyns ekki efni á hollu mataræði. Þetta er aukning um 134 milljónir manna frá árinu 2019. */þag*

# Munu heiðra Bjarna

**Bjarni Guðmundsson, fyrrverandi prófessor á Hvanneyri, fagnar 80 ára afmæli í sumar.**

Af því tilefni munu Landbúnaðarsafn Íslands og Landbúnaðarháskólinn heiðra hann með málþingi á Hvanneyri þann 31. ágúst.

Bjarni varði stórum hluta síns starfsferils við varðveislu landbúnaðarsögu Íslands. Hann á stóran þátt í því að Landbúnaðarsafn Íslands er til í þeirri mynd sem það er í dag. Bjarni hefur enn fremur gefið út fjölda bóka, þar sem þróun íslenskra búhátta eru gerð skil.

Bjarni segir að Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Anna Heiða Baldursdóttir, starfsmenn safnsins, eigi allan heiðurinn að skipulagningu viðburðarins. „Mín viðbrögð eru fyrst og fremst þakklæti.“

***Tengsl safns og skóla***

„Þær stöllur fengu þessa hugmynd og voru svo vinsamlegar að spyrja mig hvort ég kærði mig um þetta. Mér fannst málefnið sem þær ætluðu að fjalla um vera áhugavert, þannig að ég sagði já,“ segir Bjarni. Á þinginu verður fjallað um hvernig hægt er að miðla landbúnaðartengdum fróðleik í gegnum safn og skóla og hvernig þessar tvær stofnanir tengjast.

Bjarni segist túlka viðfangsefnið þannig að skólastofnanir horfi ekki bara fram, heldur minnast þær líka þess sem hefur gengið á undan. Bjarni segir söfn geta gefið þarflegt innlegg til framtíðarinnar, sama hvers eðlis söfnin eru.

***Sagan mikilvæg***

„Á þessum breytingatímum sem við lifum núna, þá verður maður var við að tengslin við það sem er liðið eru losaralegri en þau hafa verið oft áður. Ekki það að við eigum alltaf að vera að horfa í baksýnisspegilinn, en það getur verið gagnlegt að horfa á þróunina svo maður átti sig betur hvað bíður í framtíðinni,“ segir Bjarni.

Hann telur að fáar atvinnugreinar hafi breyst jafn mikið og land' búnaðurinn. Bændur voru mjög snemma að byrja að nýta sér það sem í dag er kallað tölvutækni. „Þetta hefur létt feikilega mikið og við njótum þess núna, hvort sem það er sjálfstýring í traktor, mjöltun, fóðrun eða gagnaöflun.


Bjarni Guðmundsson verður áttræður í sumar.

Ef þú heyrir tikkið í mjaltaþjóni og sérð kusuna labba þarna inn, lausa við mislyndan fjósamann, og allar upplýsingar eru færðar nákvæmlega inn, þá er ekki annað hægt en að dást að þessari tækni, sem á rætur í handvirkri skráningu í byrjun síðustu aldar. Þessi þróun er í raun alveg stórkostleg,“ segir Bjarni Guðmundsson.

Viðburðurinn er ókeypis og öllum opinn. */ÁL*


Nýr Amarok
- allir vegir færir
Kominn í sýningarsalinn
Amarok
Volkswagen hefur endurhannað Amarok frá grunni og uppfært með nútímalegum tæknibúnaði og kraftmiklu fersku útliti.
Millikassi með hátt og lágt drif
Dregur allt að þrjú og hálft tonn
800 mm vaðdýpi
Hleðslusvæði nægjanlegt fyrir Euro-bretti á hlið
Val um 3.0 L TDI V6 og 2.0 L TDI díselvél
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu
5
5 ára ábyrgð eða 200.000 km - hvort sem kemur fyrr
Hekla
Laugavegi 174, 105 Rvk. Sími 590 5000 www.hekla.is
Höldur Akureyri Bílasala Selfoss Bílakjarninn Reykjanesbæ BVA Egilstöðum

FRÉTTIR



Borun við Reyki fyrir hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar. Mynd / RARIK

# Vantar nýja vinnsluholu

**Borun er hafin við Reyki fyrir hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar.**

Byrjað var að bora fyrstu af fjórum rannsóknarholum við Reyki laust fyrir síðustu mánaðamót, að því er kemur fram á vef RARIK.

Er farið í verkefnið til að finna meira heitt vatn fyrir hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar þar sem afkastageta núverandi svæðis er um það bil fullnýtt. Segir að ætlunin sé að bora fjórar rannsóknarholur, allt að 500 m djúpar, og út frá þeim gögnum sem fást úr holunum verði ný vinnsluhola staðsett.

Að tillögu ÍSOR er borað austan og vestan við núverandi vinnslusvæði og er ætlunin að leggja mat á stærð svæðisins, athuga hvort líkur séu á að finna heitt vatn utan við núverandi nýtingarsvæði og sem fyrr segir að finna hentuga staðsetningu fyrir vinnsluholuna sjálfa.

„Verktaki við borunina er Finnur ehf. á Akureyri en það fyrirtæki hefur nýlega flutt inn nýjan öflugan beltabor sem hentar vel í umrætt verk," segir í tilkynningu RARIK. „Ummerki á landi ættu því að vera í lágmarki, auk þess sem nauðsynleg loftpressa er höfð á vörubíl sem getur í þessu verkefni staðið á vegslóðum sem þegar eru til staðar og þaðan lagðar loftslöngur að bornum." */sá*



Loftmynd af nýju brúnni og gömlu brúnni yfir Núpsvötn.

# Einbreiðum brúm fækkar

**Nýjar tvíbreiðar brýr voru nýlega vígðar austan Kirkjubæjarklausturs.**

Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, og Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra mættu ásamt gestum í Skaftafellssýsluna til að klippa þar á borða vegna vígslu nýrra tvíbreiðra brúa yfir Núpsvötn og Hverfisfljót austan Kirkjubæjarklausturs. Með tilkomu þessara brúa fækkar einbreiðum brúm og verða því 29 á hringveginum.

Umferðaröryggi eykst til muna með nýju, tvíbreiðu brúnum og þær stuðla að greiðari samgöngum.

Áður var brúin yfir Núpsvötn sú brú þar sem flest slys hafa orðið við einbreiða brú á hringveginum. */mhh*




Geitur:

# Um 8% fjölgun milli ára

**Fjöldi íslenskra geita fer hægt vaxandi og eru nú skráðar 1.886 geitur í landinu. Þeim fjölgar að meðaltali um 8% á ári um þessar mundir.**

Samkvæmt mælaborði landbúnaðarins stækkaði íslenski geitastofninn um 214 geitur milli áranna 2021 og 2022, að sögn Brynjars Þórs Vigfússonar, formanns Geitfjárræktarfélags Íslands. Segir hann þar væntanlega um sjálfbæra stækkun stofnsins að ræða. Frá 2002 hefur stofninn stækkað reglulega ár hvert.

„Líklega má helst þakka stækkun stofnsins óeigingjörnu framlagi geitabænda í að viðhalda honum," segir Brynjar. „Ef vel á að vera þarf stofninn að komast upp í um 4.800–7.200 kvendýr til að forðast útrýmingu. Við eigum töluvert eftir í land þar. En verði áfram sú fjölgun sem hefur verið getur þess ekki verið langt að bíða."



Íslenski geitastofninn stækkar frekar hægt en örugglega þó. Mynd / Jón Eiríksson

### *Ná þarf afurðum á markað*

Til þess að stofninn nái almennilegri fótfestu segir hann búum með 50 eða fleiri geitum þurfa að fjölga. „Svo það geti orðið að veruleika þarf að ná að koma afurðum á markað þannig að góð afkoma verði af ræktuninni. Þar hefur mikið og gott starf verið unnið af frumkvöðlum víðs vegar um landið. Mögulega þurfa að koma á sviðið aðilar sem kaupa afurðir af bændum og koma þeim á markað. Nú eru flestar, ef ekki allar, geitaafurðir á markaði vegna einstaklingsframtaks sem bæði hefur sín tækifæri og takmörk."

Geitin gefur af sér þrenns konar afurðir: kjöt, mjólk og fiðu. Allt eru þetta afurðir sem eru verðmætar. Brynjar segir mögulega þurfa að auka aðgengi að styrkjum fyrir geitabændur, bæði fyrir frumkvöðla og rannsóknir á afurðum og ræktun. „Þróunarfé fyrir geitur og fagráð geitfjárræktar á fullan rétt á sér, líkt og í öðrum greinum. Þar þarf lítið annað en viljann að vopni og hann skortir ekki hjá geitabændum. Allt getur þetta hjálpað til við að stækka stofninn og efla ræktun og komið honum á góðan stað."

### *Hækkun áskriftar letjandi*

Formaðurinn telur að greinin hafi orðið fyrir miklu bakslagi þegar gjaldskrá hækkaði hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, RML, varðandi skýrsluhaldsforritið Heiðrúnu. Þar hafi gjaldskrá hækkað á bilinu 130–400% á einu bretti fyrir bændur.

„Árlegur kostnaður fór úr um 1.000 kr. í 4.700 kr. að meðaltali á skýrslufærða geit miðað við þau gögn sem ég hef. Ég held því miður að þar muni einhverjir hugsa sig vandlega um þegar kemur að endurnýjun áskriftar. Er það er mjög miður þar sem skýrsluhald er mikilvægt, sér í lagi þegar kemur að því að lágmarka skyldleikaræktt og halda utan um lítinn stofn.

Eftir samtal við RML tel ég að þessu verði ekki breytt, þótt ágóðinn af þessari hækkun sé mögulega ekki marktækur í bókhaldi RML. En þetta er þungt fyrir geitabændur ofan á allar aðrar hækkanir," segir Brynjar. */sá*

Kópasker:

# Fyrsta skóflustungan í áratugi

**Laugardaginn 24. júní síðastliðinn var fyrsta skóflustungan tekin að byggingu nýs parhúss á Kópaskeri.**

Ekki hefur verið byggt nýtt hús á Kópaskeri í áratugi og því um sögulegan viðburð að ræða. Húsið verður við Drafnargötu 4 og er byggt fyrir Leigufélagið Bríet, óhagnaðardrifið leigufélag.

Markmið félagsins er að vera hluti af uppbyggingu og styrkingu leigumarkaðar, sem stuðlar að öryggi á langtímaleigumarkaði með sérstaka áherslu á landsbyggðina og í samstarfi við sveitarfélögin í landinu.

„Það hefur verið unnið að þessu verkefni frá árinu 2020 og því stór stund að loksins sé búið að taka fyrstu skóflustunguna. Það hefur líka verið vöntun á húsnæði á staðnum í nokkur ár og það hefur staðið atvinnulífinu og vexti staðarins fyrir þrifum," segir Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Norðurþings.

Ríflega 120 manns búa á Kópaskeri. Reiknað er með að íbúðirnar verði tilbúnar til afhendingar á vordögum árið 2024. */mhh*



Fv. Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Norðurþings, Marinó Eggertsson, Eggert Marinósson byggingarverktaki, Charlotta Englund, atvinnu- og samfélagsfulltrúi Öxarfjarðarhéraðs og Elvar Árni Lund, sviðsstjóri hjá Norðurþingi. Marinó, faðir Eggerts, byggði síðasta íbúðarhúsið sem reist var á Kópaskeri á níunda áratug síðustu aldar. Mynd / Haukur Snorrason

Innviðaráðuneyti:

# Rannsókna þörf á hampsteypu

**Hampsteypa fellur ekki undir samhæfðan staðal um byggingarvörur sem innleiddar eru af Staðlaráði Íslands.**

Nauðsynlegt er að gera frekari rannsóknir og leggja mat á notkunarhæfni hampsteypu við íslenskar aðstæður til að nota hana í auknum mæli. Þetta er meðal þess sem kemur fram í svari innviðaráðherra við fyrirspurn Indriða Inga Stefánssonar um hampsteypu á Alþingi.

Hampsteypa er ekki nothæf sem berandi byggingarefni en er í flestum tilvikum notuð sem einangrunarefni eða sem innveggjahleðslur, mest þá sem forsteyptir hleðslusteinar. Mat Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) á efniseiginleikum hampsteypu er að hljóðísog sé gott, hún hafi nokkuð lága rúmþyngd og ágæta einangrunarhæfni. Efnið sé mjög gufuopið og rakadrægt, hafi góða varmarýmd og ágæta efniseiginleika til að geyma raka og sleppa honum aftur til baka í umhverfið.

„Rannsóknir hafa sýnt að hampsteypa er viðkvæm fyrir hitabreytingum í þornunarferli, sem hefur áhrif á eiginleika hennar, og þar er kuldi einna helst áhrifaþáttur," segir jafnframt í svari innviðaráðherra. Framleiðsla við stýrðar aðstæður er einn besti kosturinn til að hámarka gæði hennar.

Segir í svarinu að telja verði að staðsteypa eða önnur hrávinnsla á verkstað sé vandasöm við íslenskar aðstæður ef tryggja eigi gæði hampsteypunnar.

„Efnið hefur langan útþornunartíma og gæti haft í för með sér lengri framkvæmdatíma. Rannsóknir á hentugri efnisblöndu fyrir íslenskt veðurfar hafa ekki verið gerðar enn sem komið er, svo vitað sé."

Í Bændablaðinu í apríl sl. kemur fram að byggja eigi tilraunahús með hampsteypu á sumarbústaðalandi í Grímsnesi. HMS fylgist með rannsókninni og fær niðurstöður hennar til rýni og til að meta frekari rannsóknarþörf. */ghp*




**BYD T3** er glæsilegur valkostur fyrir atvinnurekendur og einyrkja. BYD T3 er ríkulega búinn og uppfyllir allar nútíma kröfur um þægindi og öryggi og er **100% rafknúinn.**

Komdu í heimsókn og kynntu þér BYD T3, við tökum vel á móti þér.

Hámarks afköst 100 KW/134 hö

Nánari upplýsingar á **vatt.is**



VERÐ KR.

5.450.000

DRÆGNI ALLT AÐ

310 KM

soludeild@vatt.is / Vatt ehf. Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf



Ýmsir vilja að skoðaðir verði möguleikar á Íslandi til notkunar lyfjahamps í lækningaskyni. Mynd / Hayley Zacha

# Bændasamtökin styðja frekari athugun

**Nokkrar umsagnir hafa borist velferðarnefnd Alþingis um þingsályktunartillögu um ræktun lyfjahamps og notkun kannabisefna í lækningaskyni sem lögð var fram á vorþingi.**

Í umsögn Bændasamtaka Íslands kemur fram að samtökin „styðja það meginefni þingsályktunartillögunnar að setja á laggirnar starfshóp til að kanna breytingar á regluverki, sem gera eigi það kleift að hefja rannsóknir á möguleikum til notkunar og hagkvæmni ræktunar slíkra plantna á Íslandi í lækningaskyni". Í tillögunni fólst að settur yrði á fót starfshópur sem hefði „það hlutverk að útbúa frumvarp sem heimili fyrirtækjum að sækja um leyfi fyrir ræktun lyfjahamps til kannabisræktunar og fyrir framleiðslu og dreifingu á kannabislyfjum í lækningaskyni. Um verði að ræða fjögurra ára tilraunaverkefni sem hefjist 1. janúar 2024. Heilbrigðisráðherra leggi fram frumvarp þessa efnis fyrir 31. desember 2023."

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga mælir ekki með stofnun slíks starfshóps og vísar m.a. til rannsókna, þróunar og íslenskra lyfjalaga og -reglugerða um framleiðslu lyfja. Þá sé vísindalega sannaður ávinningur af notkun kannabis í læknisfræðilegum tilgangi veikur. Hampfélagið fagnar hins vegar þingsályktunartillögunni en gerir þær breytingatillögur að vinnsla lyfjahamps sé ekki einskorðuð við Cannabis Sativa, sem hafi lágt THC-gildi, því þar með takmarkist þau yrki sem hægt sé að nota í framleiðsluna. Jafnframt segir að áríðandi sé að leyfi til að nota lyfjahamp sé ekki takmarkað við ákveðna sjúkdóma.

Í greinargerð með tillögunni er vísað til fyrirkomulags hjá Dönum en ræktun lyfjahamps þar er háð leyfi dönsku lyfjastofnunarinnar og landbúnaðarstofnunin umsagnaraðili varðandi landbúnaðarhliðina. Ríkislögreglan leggi mat á umsækjendur vegna ræktunarleyfa. Á fimmta tug landa hafa lögleitt kannabis til lækninga að hluta eða fullu.

Frestur til að skila umsögnum rann út í maílok en málinu var vísað til velferðarnefndar hálfum mánuði áður. Um er að ræða endurtekna þingsályktunartillögu frá 2022 en svipuð tillaga kom fyrst fyrir þingið 2017. */sá*

# Hænur í fangelsi

**Í fangelsinu á Sogni í Ölfusi eru nokkrar hænur, sem fangar og fangaverðir sjá um.**

Nýlega auglýsti fangelsið eftir nokkrum hænum til viðbótar og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Margir buðu hænur og fór svo að fimm hænur bættust við. „Við heitum nýju hænunum góðum félagsskap og góðu atlæti frá þessum tíu eldri hænum sem við erum með," segir Baldur Gauti Tryggvason, varðstjóri á Sogni. */mhh*




Það gefur föngunum á Sogni mikið að fá að sjá um hænurnar og fá góðan félagsskap frá þeim.




VEIÐIFÉLAGAR FISHPARTNER

VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskektum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

**Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.**


# Ýruskjótt folald með einkennilega blesu

**Ýruskjóttur blesóttur kallast litasamsetning þessa fallega folalds.**

„Hann er eini hesturinn með þessa samsetningu á Íslandi eða brún ýruskjóttur og varblesóttur," segir Bríet Auður Baldursdóttir á Akurey 2 í Rangárþingi eystra, einn eigenda folaldsins Prins, sem er með þessa einstöku litasamsetningu. Prins fæddist þann 18. júní síðastliðinn. Litaafbrigðið ýruskjótt kemur frá afa hans, Ellert ifrá Baldurshaga, sem var fyrsti hesturinn sem skilgreindur var ýruskjóttur. Foreldrar Prins eru Ófeigur frá Baldurshaga, móálóttur ýruskjóttur með vagl í auga, og móðir er Ekkja frá Nesi, sótrauð, breiðblesótt, leistótt með grásprengt fax og tagl. Auk Bríetar eru María Brá og Ronja Bella Baldursdætur eigendur Prins.

Blesa Prins þykir sérstaklega athyglisverð en þekkist í erlendum hestakynjum og nefnist þar „Badger face" en hefur ekki sést áður á Íslandi. */mhh*



Prins með móður sinni, Ekkju, úti í haga í Akurey 2 en hann er með einstaklega fallega litasamsetningu. Mynd / Aðsend

Hrunamannahreppur:

# Burt með allan njóla og kerfil

**Njóli og kerfill voru til umræðu í umhverfisnefnd Hrunamannahrepps á dögunum.**

Nefndin hefur með sérstakri bókun hvatt íbúa sveitarfélagsins, lóða- og landeigendur til að hreinsa dauðan og illa farinn gróður af lóðum og fjarlægja ágengar gróðurtegundir eins og kerfil og njóla, til að sporna við útbreiðslu.

„Fólk er því miður frekar rólegt í að ráðast í þá vinnu að eyða þessum tegundum. Auðvitað eru nokkrir sem eru mjög duglegir og við mættum öll taka þau okkur til fyrirmyndar, t.d. hafa bræðurnir Guðmundur og Sigurður Magnússynir verið ansi duglegir að vinna að því að reyna að uppræta þessar tegundir og þá sérstaklega kerfilinn. Þeir hafa gefið sér tíma til að stoppa hvar sem þeir eru á ferðinni og moka upp brúska með vegum. Það hafa því fleiri en við Hrunamenn fengið að njóta



Halldóra Hjörleifsdóttir.

þeirra verka. Nauðsynlegt er að fara í sameiginlegt átak í eyðingu og svo að vinna jafnt og þétt að því að halda þessum tegundum niðri. Við verðum að gera þetta saman, annars tekst þetta ekki," segir Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður nefndarinnar.

Halldóru þykir slæmt þegar njóli nær að dreifa sér eins mikið og hann er að gera í Hrunamannahreppi, það sé ekki til mikillar prýði fyrir samfélagið.

„Kerfillinn er ansi skæður þar sem hann dreifir sér hratt og yfirtekur jarðveginn og skemmir fyrir öðrum gróðri í kringum sig. Njólinn er ekki eins slæmur með það, en það er með hann eins og kerfilinn að hann er fljótur að dreifa sér og það er mjög slæmt að fá hann í tún og grænmetisgarða því hvorki menn né skepnur vilja éta hann. Best væri auðvitað að finna eitthvert gagn af þessum tegundum og nýta þær. Slæmt er að þurfa að eyða tíma í að útrýma þessum gróðri sem virðist dafna sama hversu leiðinlegt veðurfarið er hjá okkur." */MHH*

Innviðir:

# Sunnlendingar vilja höfuðstöðvar Landsvirkjunar til sín

**Landsvirkjun leitar nú að nýjum höfuðstöðvum eftir að mygla greindist í skrifstofuhúsnæði fyrirtækisins.**

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) vill að höfuðstöðvarnar verði fluttar á Suðurland. „Stór hluti raforkuframleiðslu landsins fer fram á Suðurlandi og er það ein af niðurstöðum orkunýtingarstefnu sveitarfélaga á starfssvæði SASS 2017-2030 að eðlilegt sé að höfuðstöðvar Landsvirkjunar séu staðsettar þar sem orkuframleiðslan fer fram. Í ljósi þeirrar aðstöðu sem Landsvirkjun er í vegna myglu í höfuðstöðvunum þykir stjórninni ástæða til að vekja athygli fyrirtækisins á þeim augljósa kosti að nýta tækifærið og byggja upp nýjar höfuðstöðvar á Suðurlandi," segir Ásgerður K. Gylfadóttir, formaður stjórnar SASS.

Flutningur Landsvirkjunar myndi efla atvinnulíf á Suðurlandi



Ásgerður K. Gylfadóttir.

og skapa tekjur fyrir sveitarfélagið þar sem uppbyggingin ætti sér stað. Eftirsóknarverð störf myndu flytjast inn á svæðið, auk þess sem starfsemin yrði meira í tengslum við uppsprettu orkunnar.

„Ég er bjartsýn á að stjórn og forsvarsmenn Landsvirkjunar sjái þá möguleika sem felast í frekari uppbyggingu á starfsemi fyrirtækisins á Suðurlandi. Mikil gróska og uppbygging hefur átt sér stað í landshlutanum á síðustu árum sem gerir það að enn betri kosti bæði til reksturs og búsetu. Þetta yrðu um 180 störf ef öll starfsemin flytti en samkvæmt auglýsingu Landsvirkjunar þurfa nýjar höfuðstöðvar að vera um 5–6 þúsund fermetrar á 2–4 hæðum og þær þurfa að geta mætt breytilegum þörfum fyrirtækisins til lengri og skemmri tíma," segir Ásgerður.

### *Bjóða Hellu fram*

Byggðaráð Rangárþings ytra hefur samþykkt að beina því til stjórnar Landsvirkjunar að skoðað verði að höfuðstöðvar fyrirtækisins verði fluttar á Hellu að hluta eða öllu leyti. Fyrirtækið sé í eigu þjóðarinnar allrar og það eigi ekki að vera náttúrulögmál að höfuðstöðvar fyrirtækisins séu í Reykjavík. */mhh*

# BK HÖNNUN

MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR



### BANKIRAI 28X145

Rásað og slétt yfirborð

Lengdir frá 290 cm og upp í 490 cm. Einnig til í 21x145 mm.

**2590 kr. meterinn**



### GAGNVARIN FURA 28X145

Rásað og slétt heflað

Lengdir 300 cm og 400 cm. Einnig til í öðrum stærðum.

**700 kr. meterinn**



### THEMO VIÐUR 26X140

Slétt heflað, bakaður viður

Lengdir 300 cm og 480 cm.

**1780 kr. meterinn**



### HLÖÐUFELL 14,4 $M^2$

34 mm bjálki og tvöföld nót.

400x400 cm utanmál á bjálka. Grunnur 380x380 cm. Gólf ekki innifalið.

**625.000 kr**



### VÖRÐUFELL 10,6 $M^2$

34 mm bjálki og tvöföld nót

300x400 cm utanmál á bjálka. Grunnur 280x380 cm. Gólf ekki innifalið.

**550.000 kr**



### BÚRFELL 11,8 $M^2$

34 mm bjálki og tvöföld nót

450x300 cm utanmál á bjálka. Grunnur 430x280 cm. Gólf ekki inniflalið.

**675.000 kr.**



### JUNIOR T GRÓÐURHÚS

Junior T er 12,8 $m^2$ glerhús. 4 mm hert gler.

Svart á lit
Utanmál 318 x 401 cm

**1.035.000 kr**



### MODERN GRÓÐURHÚS

Modern 34 er 14,2 m glerhús. 4 mm hert gler

Svart á lit
Utanmál 310x458 cm

**1.500.000 kr**



### MASTER GRÓÐURHÚS

Master 34 er 14,2 $m^2$ glerhús m. 4mm hertu gleri.

Svart, grænt eða állitað.
Utanmál 310x458 cm

**949.000 kr**

**WWW.BKHONNUN.IS - 571-3535 - SALA@BKHONNUN.IS**

FRÉTTIR



# Tekur aftur upp verðviðmið

**Auðhumla mun aftur taka upp viðmið varðandi úrvalsmjólk og verðfellingar á grundvelli líftölumælinga frá og með 1. ágúst nk.**

Í tilkynningu frá samvinnufélaginu er sagt að vel hafi verið fylgst með mælingum líftöluvélarinnar og að undanfarnar vikur hafi hún gengið mjög vel og mælingar verið stöðugar og án vandkvæða. Því muni félagið aftur miða við að greiða fyrir úrvalsmjólk og verðfella hrámjólk miðað við hefðbundin viðmið sem má nálgast á vefsíðu Auðhumlu.

Í mars sl. gaf félagið það út að vafi léki á réttmæti á niðurstöðum líftölumælinga og því notaði það ekki þær tölur til verðfellingar á hrámjólk frá 16. janúar sl. Á sama tíma var viðmiðunum vegna úrvalsmjólkur breytt tímabundið.

Frá 1. ágúst nk. mun Auðhumla miða við að greiða fyrir úrvalsmjólk sem er undir 20.000 ein/ml og verðfella hrámjólk miðað við hefðbundin viðmið, þ.e. hrámjólk sem fær hærri líftölugildi en 80.000 ein/ml falli í 2. flokk með 16% verðfellingu af lágmarksverði mjólkur, hrámjólk sem fari yfir 200.000 ein/ml falli í 3. flokk með 36% verðfellingu af lágmarksverði mjólkur og hrámjólk sem fer yfir 500.000 ein/ml falli í 4. flokk með 60% verðfellingu af lágmarksverði mjólkur. */ghp*

# Samstarf RML og LbhÍ

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) og Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) munu efla samstarf sín á milli á næstu misserum.**

Í því felst að faghópar munu vinna að málefnum búgreina og faglegra þátta sem snerta landbúnað, landnýtingu, umhverfis- og loftslagsmál. Sérstaklega verður hugað að samstarfi um ný rannsóknarverkefni BS, MS og PhD nema og leiðir til fjármögnunar slíkra verkefna.

„Endurmenntun LbhÍ hefur eflst mikið á undanförnum misserum og lögð er áhersla á að standa saman um áframhaldandi uppbyggingu námskeiða sem svara best þörfum bænda og annarra hagaðila,“ segir í tilkynningu.

Þar kemur jafnframt fram að í ágúst verði sameiginlegur ráðunautafundur RML og LbhÍ þar sem starfsmönnum gefst kostur á að setja sig inn í verkefni hver annars ásamt því að ræða nýja samstarfsfleti.

„Sérfræðiþekking einstakra greina í landbúnaði byggir á mjög fáu fólki og því mikilvægt að samvinnan sé góð á milli aðila. Mikil tækifæri eru til að efla enn frekar samstarfið og þá ekki síst til að sækja fram og auka enn frekar samstarf í rannsóknum og nýsköpun,“ segir í tilkynningu frá RML og LbhÍ. */ghp*






Eggjabúið er við Ulefoss. Á bænum er líka blómarækt í gróðurhúsum, krá og bændaverslun. Myndir / Aðsendar

# Ungur Íslendingur eggjabóndi í Noregi

## – Segir afkomumöguleika góða og lánakjör hagstæð

**Ólafur Lindgren Sigurðsson tekur við eggjabúi í Noregi í haust. Hann segir bankann hafa verið viljugan til að lána, þar sem afkoma búsins er góð.**

Ólafur, sem er 25 ára, hefur dvalið löngum stundum á Krossi í Landeyjum þar sem pabbi hans er kúabóndi. Hann er þó alinn upp að mestu í Noregi, hjá norskri móður sinni. Ólafur hefur alltaf viljað vera bóndi og stefndi um tíma að því að taka við búi föður síns. Victoria, unnusta Ólafar, hafði ekki áhuga á að flytja frá Noregi og settu þau því stefnuna á að hefja búskap þar í landi.

*Fjármögnun mikil vinna*

Ólafur segir mikla vinnu liggja að baki fjármögnun á jörðinni, en hann þurfti að eiga fyrir þriðjungi kaupverðsins. „Það sem hjálpaði okkur er að það eru svo góðar tekjur af búinu,“ segir Ólafur, sem gerði lánastofnanir viljugri til að fjármagna. Hann telur að ekki hefði fengist fyrirgreiðsla fyrir kaupum á jafndýru búi með verri afkomumöguleika.

Enn fremur er seljandinn tengdur Ólafi fjölskylduböndum og seldi unga parinu á lægra verði en á almennum markaði. „Hann vildi að við tækjum við. Hann var búinn að segja að ef við tækjum ekki við, þá myndi hann ekki selja,“ segir Ólafur, en fráfarandi bóndi er 74 ára gamall. Ólafur og Victoria taka formlega við búinu 1. september næstkomandi.

*7.500 lausagönguhænur*

Bærinn er staðsettur við Ulefoss, sem aftur er skammt frá Skien í Þelamörk, í sunnanverðum Noregi. Á búinu eru 7.500 hænur og er uppistaða búrekstursins eggjaframleiðsla. Á jörðinni eru einnig gróðurhús sem eru notuð til að rækta blóm á vorin. Þau eru með litla sjálfsafgreiðsluverslun þar sem fólk getur keypt afurðirnar af bænum. „Fólk kemur inn og tekur það sem það vill fá. Þau skrifa niður hvað þau taka og borga annaðhvort í síma eða með peningum,“ segir Ólafur. Búðin er smá og er staðsett í gömlu útihúsi á bænum. Þar að auki eru þau með litla krá.

*Dagleg störf eggjabóndans*

Núna eru þau gjarnan með fráfarandi bónda í almennum störfum. Dagleg bústörf felast meðal annars í því að fara í hænsnahúsin á morgnana og tína saman þau egg sem hafa dottið úr hreiðrunum. Hænurnar ganga lausar og verpa almennt í varpkassa og rúlla eggin þá niður á færiband. Þaðan fara eggin í rými þar sem þau eru með aðstöðu til að flokka og pakka afurðunum í neytendapakkningar. Stærstu eggin eru seld heima á bæ, á meðan flest eru seld í verslunum í gegnum bændasamlagið Nortura.

Nokkurt ræktarland fylgir jörðinni, sem er leigt út. Ólafur segir ekki mikinn pening fást úr ræktun korns þessi misserin, en er áhugasamur um að stunda slíka ræktun síðar. Ólafur mun einnig taka yfir snjómoksturinn á svæðinu, sem fráfarandi bóndi hefur sinnt til þessa. Ólafur segir að það sé gott að vera bóndi í Noregi, þó hlutirnir gætu alltaf verið betri. „Þetta eru þokkaleg laun, en mættu alveg vera meiri þegar maður sér hversu marga tíma maður er að vinna.“ Hann viðurkennir að starf bóndans sé líka lífsstíll.

Aðspurður um frekari samanburð á búrekstri á Íslandi og í Noregi, segir Ólafur að veðrið sé óneitanlega mildara hjá honum, á meðan á Íslandi sé oft rok og rigning. Þegar Bændablaðið ræddi við Ólaf var 30 gráðu hiti, sem hann sagði að væri reyndar fullmikið af því góða. */ÁL*



Ólafur Lindgren Sigurðsson og Victoria Bjune taka við eggjabúi í Þelamörk í Noregi í haust. Ólafur á ættir að rekja til Landeyjanna.



Góð aðstaða er til að flokka og pakka eggjunum.

CLAAS

## CLAAS rúlluvélar og heyvinnutæki





**CLAAS Rollant Uniwrap rúllusamstæður**
Þar sem afköst, magn og heygæði skipta máli.

**CLAAS Disco sláttuvélar**
Vinnslubreidd 2 - 10,7 metrar með og án knosara.

## CLAAS heyvinnutækin eru þekkt fyrir framúrskarandi hönnun, gæði og áreiðanleika.





**CLAAS Volto heytætlur**
Vinnslubreidd 4,5-13 metrar, drag- og lyftutengdar.

**CLAAS Liner múgavélar**
Vinnslubreidd 3,2-15 metrar.

VÉLFANG - *VERKIN TALA*

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

NYTJAR HAFSINS

# Óhreinu börnin hennar Svandísar




Kjartan Páll Sveinsson
kjartan.sveinsson@gmail.com




Hundruð trillukarla og -kvenna gengu fylktu liði niður á Austurvöll laugardaginn 15. júlí til að mótmæla stöðvun strandveiða. Greinarhöfundur er fyrir miðju. Mynd / Gísli Páll Guðjónsson

**Strandveiðifélag Íslands boðaði til mótmælaaðgerða laugardaginn 15. júlí síðastliðinn. Tilefnið var ótímabær stöðvun strandveiða fjórða árið í röð.**

Hundruð trillukarla og -kvenna söfnuðust saman við Hörpu og gengu fylktu liði niður á Austurvöll. Þar tók KK lagið og stappaði í okkur stálinu; Kristján Torfi og Trillukarlakórinn sungu um vélarvana bát og fiskifræði; Valdimar Jóhannesson, kvótabani og reynslubolti, hvatti okkur til frekari aðgerða; Arthur Bogason minnti hópinn á mikilvægi samstöðu; og Kári Stefánsson kjarnaði boðskap mótmælanna með þrumuræðu. Hann benti á að það væri á ábyrgð stjórnvalda að sjá til þess að aflaheimildum væri skipt með sanngjörnum hætti: „Þegar ráðherra sem hefur látið hafa það eftir sér að hún sé hlynnt strandveiðum segir nú að ekki sé lagaheimild fyrir að auka aflaheimildir strandveiða, er hún að benda okkur á, svo ekki verður um villst, að Alþingi Íslendinga sé ekki að vinna vinnuna sína.“

### *Þess vegna mótmæltum við*

Hverju vorum við þá að mótmæla? Við vorum að mótmæla þeirri vanvirðingu og því skeytingarleysi sem okkur hefur verið sýnt. Við erum vön óvissu, enda háð duttlungum veðurfars, vélabilana og fiskgengdar. En stærsti óvissuþátturinn eru þó stjórnvöld og í ár náði þessi sveiflukenndi ruglingur sem einkennir ákvarðanatöku stjórnvalda hæstu hæðum. Fyrirkomulag vertíðarinnar var óráðið í báða enda. Hún hófst á frumvarpi um svæðaskiptingu aflaheimilda sem kom inn á borð atvinnuveganefndar örfáum dögum fyrir vertíðarbyrjun. Þegar ljóst var að frumvarpið myndi ekki ná í gegnum Alþingi í tæka tíð fórum við í fyrsta róður sumarsins með það hangandi yfir okkur að fyrirkomulagið gæti breyst í miðri vertíð. Halla Signý Kristjánsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, orðaði það svo: „Að vori er sumarið fram undan í strandveiðinni í óvissu“, og bætti svo við: „Það er verið að taka áhættu með markmið kerfisins og því er stefnt í hættu.“

Vertíðin byrjaði með óvissu og endaði með sama hætti. Svo fór að lokum að þessi vertíð varð sú stysta frá upphafi og strandveiðiflotanum var tilkynnt það 11. júlí kl. 14.00 að hann væri allur eins og hann leggur sig atvinnulaus frá og með miðnætti. Nú segir ráðherra að ráðuneyti hennar hafi „ekki lagaheimild“ til þess að bæta við pottinn þó svo að Strandveiðifélag Íslands hafi síðasta sumar bent henni á hvar aflaheimildir væru að finna. Hvers vegna hefur verið hægt að auka heimildir öll undanfarin ár en ekki þetta árið? Svandís hafði allan veturinn til þess að hugsa þetta og finna lausn en ákvað að gera það ekki. Hún getur ekki falið sig á bak við lagaheimildir. Þetta var pólitískt val.

Það sem er þó sárast eru þau sviknu loforð sem einkenna framkomu ráðherra og Vinstri grænna í okkar garð. Þegar Svandís settist í ráðherrastól sjávarútvegsmála fór strandveiðiflotinn að þora að vona að kannski væri kominn ráðherra sem myndi mjaka kerfinu í rétta átt. Hennar flokkur var þá nýbúinn að heyja kosningabaráttu þar sem lofað var að „aflaheimildir í 5,3% kerfinu verði auknar í hóflegum áföngum með það sem endamarkmið að 8-10% veiðiheimilda verði til ráðstöfunar í slíkum tilgangi“ og að festa „þarf strandveiðar enn betur í sessi“. Þegar hennar fyrsta strandveiðivertíð, 2022, endaði með ótímabærri stöðvun 21. júlí, óskaði Strandveiðifélagið eftir fundi. Við áttum í kjölfarið góðan fund með ráðherra (þó hún hafi séð til þess að draga hann svo langt fram eftir ágústmánuði að ljóst var að þeirri vertíð yrði ekki bjargað) og gengum við hæfilega bjartsýn af þeim fundi. Svandís sýndi okkur mikinn skilning og virtist bæði skilja sjónarhorn okkar og hafa samúð með því. Fundinum síðasta sumar lauk með loforði um samvinnu, að ráðuneytið og strandveiðiflotinn myndi vinna að bættu kerfi í sameiningu. En svo heyrist ekki múkk frá ráðuneytinu og nú virðist ráðherra ekki kannast við nein þessara loforða.

### *Óhreinu börnin*

Það er ómögulegt að segja hvað vakir fyrir Svandísi með þessari ótímabæru stöðvun og skeytingarleysi í okkar garð. Henni hefur verið tíðrætt um það að trillukarlar og -konur mættu kalla sig ráðherra strandveiða. Ég hef enga ástæðu til að trúa öðru en að hún vilji, innst inni, gera okkur hærra undir höfði. Það er þó í hæsta lagi furðulegt að ráðherra Vinstri grænna skuli taka grjótharða afstöðu gegn lítilmagnanum sem stundar umhverfisvænar fiskveiðar. Eitthvað er það sem hræddi hana svo mjög að úr varð stysta strandveiðivertíð í sögu kerfisins. Það kæmi mér ekki á óvart að sá orðrómur sé á rökum reistur að handhafar kvóta hafi herjað bæði á matvælaráðuneytið og aðra stjórnarflokka og hótað öllu illu ef bætt yrði í pottinn.

Hvað sem því líður þá hefur ráðherra enn sem komið er ekki sýnt það í verki að hún sé strandveiðiráðherra, enda erum við hætt að líta á hana sem slíka. Okkur trillukörlum og -konum líður eins og óhreinu börnunum hennar Evu. Atvinnugrein sem ætti að vera í algjörum forgangi er alltaf látin mæta afgangi og fær í besta falli nokkrar mylsnur sem detta af gnægtarborðum sægreifanna. Við erum bæði sár og reið yfir því að komið sé fram við okkur sem annars flokks útgerðarform, þegar sannleikurinn er sá að við stöndum fremst meðal jafningja hvað varðar umhverfisvernd, byggðasjónarmið, gæði og verðmæti afla, og rétt almennings til atvinnufrelsis og rétt til að velja sér búsetu. Samt er þessu málefni iðulega stillt þannig upp að umhverfisvænar veiðar sem skapa sjálfbær störf í brothættum byggðum séu eitthvert sérstakt vandamál.

### *Frumvarpaveturinn mikli*

Það þýðir lítið að gráta orðinn hlut. Nú verðum við að horfa til framtíðar og styrkja strandveiðikerfið þannig að sátt ríki um það hringinn í kringum landið. Svandís hefur sagt að „væntanlega verður næsti vetur tileinkaður nýjum frumvörpum til heildarlaga“ og því til mikils að vinna. Ég tel að mótmæli síðustu helgar hafi sýnt að strandveiðiflotinn ætli ekki lengur að líða sinnuleysi stjórnvalda. Eins er ljóst að ráðherra verður að taka til greina vilja þjóðarinnar, en samkvæmt skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands vilja 72,3% Íslendinga að hærra hlutfall heildarkvóta renni til strandveiða. Við köllum því á ný eftir samstarfi við ráðherra og hennar ráðuneyti í því að finna farsæla lausn á vanda strandveiðiflotans til frambúðar. Hún getur fallið í gleymskunnar dá sem enn einn ráðherrann sem lúffaði fyrir ofríki stórútgerðarinnar. Eins gæti hennar verið minnst í sögubókum sem þeim ráðherra sem vann samkvæmt vilja þjóðarinnar og hafði mannréttindi og náttúruvernd að leiðarljósi. Hennar er valið.




„Við erum bæði sár og reið yfir því að komið sé fram við okkur sem annars flokks útgerðarform,“ segir Kjartan í grein sinni. Mynd / Ragna Gestsdóttir


SKIPULAGSAUGLÝSING

*Í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.*

**Breyting á stefnu fyrir landbúnaðarsvæði**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 11. maí 2023 að auglýsa tillögu að breytingu á stefnu fyrir landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Borgarbyggðar.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is og á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is frá 20. júlí til og með 4. september 2023. Ef óskað er eftir nánari kynningu á tillögunni þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýsta skipulagstillögu og er frestur til að skila inn athugasemdum til 4. september 2023. Athugasemdum skal skila inn í Skipulagsgátt eða skriflega í þjónustuver Borgarbyggðar, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@borgarbyggd.is.

Borgarbyggð, 20. júlí 2023
**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.**

BORGARBYGGÐ

limtrevirnet.is

# STEINULLAR-EININGAR

## Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

ISO 9001

ÍSLENSKT gjörið svo vel

CE









# Kjötframleiðsla jókst lítillega á fyrsta þriðjungi ársins

**Heildarkjötframleiðsla á fyrstu fjórum mánuðum ársins var 6.700 tonn, rétt rúmlega 100 tonnum eða 1,6% meiri en árið 2022.**

Er það lítillegur viðsnúningur frá árinu á undan en þá hafði framleiðsla dregist saman um 300 tonn sem var 4,4%.

Mestu munar um viðsnúning í framleiðslu svína- og alifuglakjöts. Framleitt magn svínakjöts á fyrstu fjórum mánuðum 2022 var 270 tonnum minna en árið 2021 en í ár er magnið 150 tonnum meira en í fyrra. Hins vegar dróst töluvert úr framleiðslu ungnautakjöts á milli ára.

Þrátt fyrir að aukning hafi verið á framleiðslu frá því í fyrra heldur hún ekki í við fjölgun fólks sem þarf að næra á landinu. Miðað við fólksfjölda, ferðamannafjölda og meðalgistinætur ferðamanna má áætla að á fyrstu fjórum mánuðum ársins hafi að meðaltali verið um 417.000 manns í mat á landinu á hverjum degi. Eru það yfir 25.000 en á sama tíma og í fyrra og næstum 50.000 fleiri en fyrir tveimur árum. Sé framleiðslumagni deilt á þennan fjölda sést að samdráttur á mann nemur tæplega 5% á milli ára og 14% sé horft tvö ár aftur í tímann.

Á fyrstu fjórum mánuðum ársins voru flutt inn 354 tonn af nautakjöti, 868 tonn af svínakjöti og 674 tonn af alifuglakjöti. Sé það borið saman við innlenda framleiðslu er markaðshlutdeild þessara afurða 18,5% fyrir naut, 21% fyrir svín og 18% fyrir alifuglakjöt. Hafa verður þó í huga að megnið af innflutningi er beinlaust en innlend framleiðsla er mæld með þyngd beina. Því má álykta að í raun sé markaðshlutdeild erlends kjöts hærri en hér sést.

*/SFB*












Klippið út

# VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN

## Í samstarfi við KUHN verksmiðjurnar hefur Vélfang ákveðið að framlengja afsláttartilboð sitt 5 ágúst.




## Tryggðu þér KUHN á góðu verði og farðu öruggur út í sumarið.

### Sláttuvélar

| Tegund | Útbúnaður | Fjöldi diska | Vinnslu breidd m | Þyngd kg | Afl þörf hö | Verðlistaverð án vsk | Verðlistaverð með vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| GMD 310 | Diskasláttuvél með reimdrifi | 8 | 3,10 | 711 | 56 | 1.926.000 | 2.388.240 | 1.637.000 | 2.029.880 |
| GMD 3511 | Bein driftenging með vökvafjöðrun | 8 | 3,51 | 950 | 49 | 2.555.000 | 3.168.200 | 2.172.000 | 2.693.280 |
| GMD 4011 | Bein driftenging með vökvafjöðrun | 9 | 4,0 | 1085 | 55 | 2.985.000 | 3.701.400 | 2.537.000 | 3.145.880 |
| GMD 4411 | Bein driftenging með vökvafjöðrun | 10 | 4,4 | 1120 | 61 | 3.118.000 | 3.866.320 | 2.650.000 | 3.286.000 |
| GMD 310 F | Framsláttuvél | 8 | 3,1 | 1010 | 43 | 2.935.000 | 3.639.400 | 2.495.000 | 3.093.800 |
| GMD 3525 F | Framsláttuvél | 8 | 3,5 | 1180 | 49 | 3.738.000 | 4.635.120 | 3.177.000 | 3.939.480 |
| A-rammi | A rammi/hraðtengi f. framsláttuvélar | | | | | 125.000 | 155.000 | 106.000 | 131.440 |
| GMD 8730 | Sambyggð sláttuvél (3 stk.) | 21 | 8,2-8,8 | 2648 | 122 | 7.750.000 | 9.610.000 | 6.588.000 | 8.169.120 |
| GMD 9530 | Sambyggð sláttuvél (3 stk.) | 23 | 9,1-9,5 | 3405 | 135 | 10.080.000 | 12.499.200 | 8.568.000 | 10.624.320 |
| GMD 10030 | Sambyggð sláttuvél (3 stk.) | 24 | 9,5-9,9 | 3530 | 141 | 10.530.000 | 13.057.200 | 8.951.000 | 11.099.240 |
| FC 3515D | Með knosara og vökvafjöðrun | 8 | 3,5 | 1620 | 85 | 4.465.000 | 5.536.600 | 3.795.000 | 4.705.800 |
| FC 3125 DF | Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj. | 7 | 3,1 | 1320 | 68 | 3.856.000 | 4.781.440 | 3.278.000 | 4.064.720 |
| FC 3525 DF | Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj. | 8 | 3,5 | 1390 | 77 | 4.264.000 | 5.287.360 | 3.624.000 | 4.493.760 |
| FC 8830 DF | Sambyggðar m/ knosara og vökvafj. | 21 | 8,73 | 4420 | 191 | 12.285.000 | 15.233.400 | 10.442.000 | 12.948.080 |
| FC 10030DF | Sambyggðar m/ knosara og vökvafj. | 24 | 9,93 | 4650 | 221 | 13.740.000 | 17.037.600 | 11.679.000 | 14.481.960 |
| FC3561TLD | Dragtengd með knosara, hliðartengd | 8 | 3,5 | 2280 | 90 | 5.410.000 | 6.708.400 | 4.599.000 | 5.702.760 |
| FC3561TCD | Dragtengd með knosara,miðjutengd | 8 | 3,5 | 2480 | 84 | 6.170.000 | 7.650.800 | 5.245.000 | 6.503.800 |
| BKE 250 | Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu | | 2,5 | 710 | 54 | 1.525.000 | 1.891.000 | 1.296.000 | 1.607.040 |
| BP30 | Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu | | 3,03 | 920 | 78 | 1.790.000 | 2.219.600 | 1.522.000 | 1.887.280 |
| BPR 305 | Hagasláttuvél fram- og afturvél | | 3,03 | 1100 | 100 | 2.465.000 | 3.056.600 | 2.095.000 | 2.597.800 |

Ath. allar sláttuvélar eru með hraðskiptibúnaði á hnífum

### Heytætlur

| Tegund | Útbúnaður | Fjöldi arma | Vinnslu breidd m | Þyngd kg | Afl þörf hö | Verðlistaverð án vsk | Verðlistaverð með vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| GF 502 | 4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 6 | 5,4 | 505 | 20 | 1.317.000 | 1.633.080 | 1.119.000 | 1.387.560 |
| GF 5202 | 4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 7 | 5,4 | 660 | 23 | 1.564.000 | 1.939.360 | 1.329.000 | 1.647.960 |
| GF 642 | 6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 6 | 6,4 | 840 | 30 | 1.975.000 | 2.449.000 | 1.679.000 | 2.081.960 |
| GF 6502 | 6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 6 | 6,5 | 920 | 30 | 2.257.000 | 2.798.680 | 1.918.000 | 2.378.320 |
| GF 7902 | 8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 5 | 7,8 | 1150 | 40 | 2.920.000 | 3.620.800 | 2.482.000 | 3.077.680 |
| GF 7902T | 8 stjörnu dragtengd á vagni | 5 | 7,8 | 1515 | 40 | 3.798.000 | 4.709.520 | 3.228.000 | 4.002.720 |
| GF 8703 | 8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 6 | 8,7 | 1380 | 50 | 3.375.000 | 4.185.000 | 2.869.000 | 3.557.560 |
| GF 8703 T | 8 stjörnu dragtengd á vagni | 6 | 8,7 | 1760 | 50 | 4.070.000 | 5.046.800 | 3.460.000 | 4.290.400 |
| GF 10803 | 10 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 6 | 10,8 | 1620 | 55 | 4.470.000 | 5.542.800 | 3.800.000 | 4.712.000 |
| GF 10803T | 10 stjörnu dragtengd á vagni | 6 | 10,8 | 1980 | 55 | 5.055.000 | 6.268.200 | 4.297.000 | 5.328.280 |
| GF 13003T | 12 stjörnu dragtengd á vagni | 6 | 13,0 | 2800 | 80 | 7.050.000 | 8.742.000 | 5.993.000 | 7.431.320 |



### Múgavélar

| Tegund | Útbúnaður | Fjöldi arma á stj | Fjöldi tinda á arm | Vinnslu breidd m | Þyngd kg | Verðlistaverð án vsk | Verðlistaverð með vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| GA300GM | Einnar stjörnu lyftutengd | 9 | 3 | 3,2 | 286 | 820.000 | 1.016.800 | 697.000 | 864.280 |
| GA3901 | Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli | 10 | 4 | 3,9 | 520 | 1.255.000 | 1.556.200 | 1.067.000 | 1.323.080 |
| GA 4201 | Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli | 11 | 4 | 4,2 | 560 | 1.400.000 | 1.736.000 | 1.190.000 | 1.475.600 |
| GA5031T | Einnar stjörnu dragtengd m/ veltiöxli | 15 | 4 | 5,0 | 860 | 2.229.000 | 2.763.960 | 1.895.000 | 2.349.800 |
| GA 7501+ | 2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli | 11 | 4 | 6,8-7,5 | 1590 | 4.084.000 | 5.064.160 | 3.471.000 | 4.304.040 |
| GA 8131 | 2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli | 12 | 4 | 7,1-8,0 | 1930 | 4.820.000 | 5.976.800 | 4.097.000 | 5.080.280 |
| GA8731 | 2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli | 13 | 4 | 7,7-8,6 | 2250 | 5.950.000 | 7.378.000 | 5.058.000 | 6.271.920 |
| GA9531 | 2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli | 15 | 4 | 8,4-9,3 | 1932 | 6.221.000 | 7.714.040 | 5.288.000 | 6.557.120 |
| GA 13031 | 4ra stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli | 11 | 4 | 8,4-12,5 | 5100 | 11.222.000 | 13.915.280 | 9.539.000 | 11.828.360 |
| GA 6002 | 2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar | 10 | 3 | 3,0-5,8 | 1120 | 3.100.000 | 3.844.000 | 2.635.000 | 3.267.400 |

### Herfi,tætarar og sáðvélar

| Tegund | Útbúnaður | Vinnslu breidd m | Þyngd kg | Aflþörf hö. lágm.-hámark | Verðlistaverð án vsk | Verðlistaverð með vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| HRB302D | Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli | 3,0 | 1170 | 60-140 | 2.292.000 | 2.842.080 | 1.948.000 | 2.415.520 |
| HR 304D | Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli | 3,0 | 1295 | 80-190 | 2.729.000 | 3.383.960 | 2.320.000 | 2.876.800 |
| HR 3004D | Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli | 3,0 | 1390 | 80-250 | 2.820.000 | 3.496.800 | 2.397.000 | 2.972.280 |
| HR 3504D | Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli | 3,5 | 1635 | 90-250 | 3.245.000 | 4.023.800 | 2.758.000 | 3.419.920 |
| HR 4004D | Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli | 4,0 | 1850 | 100-250 | 3.598.000 | 4.461.520 | 3.058.000 | 3.791.920 |
| HR5004DRC | Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu | 5,0 | 2625 | 130-250 | 6.163.000 | 7.642.120 | 5.239.000 | 6.496.360 |
| HR6004DRC | Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu | 6,0 | 3350 | 180-350 | 7.386.000 | 9.158.640 | 6.278.000 | 7.784.720 |
| EL92/180 | Jarðtætari | 1,8 | 525 | 51-100 | 1.405.000 | 1.742.200 | 1.194.000 | 1.480.560 |
| EL92/230 | Jarðtætari | 2,3 | 605 | 58-100 | 1.521.000 | 1.886.040 | 1.293.000 | 1.603.320 |
| EL122/250 | Jarðtætari, gaddakefli kr. 450.000 án vsk | 2,5 | 955 | 65-125 | 1.906.000 | 2.363.440 | 1.620.000 | 2.008.800 |
| EL122/300 | Jarðtætari, gaddakefli kr. 530.000 án vsk | 3,0 | 1105 | 75-125 | 2.079.000 | 2.577.960 | 1.767.000 | 2.191.080 |
| EL162/300 | Jarðtætari með gaddakefli "packer" | 3,0 | 1711 | 90-165 | 2.820.000 | 3.496.800 | 2.397.000 | 2.972.280 |
| PRE300 | Premia 300 korn- og grassáðvél | 3,0 | 780 l fræbox, herfi | | 2.911.000 | 3.609.640 | 2.474.000 | 3.067.760 |

### Sambyggðar rúllu- og pökkunarvélar

| Tegund | Útbúnaður | Sópvinda | Dekkjastærð | Verðlistaverð án vsk | Verðlistaverð með vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| i-BIO | Rúllar og pakkar í sama hólfi,netb.búnaður, 14 hnífar, stíflulosunarbúnaður og IntelliWrap | 2,3 m | 500/45-22,5 | 11.550.000 | 14.322.000 | 10.973.000 | 13.606.520 |
| i-BIO OC23 | 23 hnífar annars sami búnaður og að ofan | 2,3 m | 500/45-22,5 | 12.050.000 | 14.942.000 | 11.448.000 | 14.195.520 |
| Plast- og netbindibúnaður KUHN i-BIO+, pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum | | | | | | 958.000 | 1.187.920 |
| FBP3135-14 | 14 hnífar,sjálfv.smurkerfi, netb.búnaður, tandem vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb. | 2,3 m | 500/45-22.5 | 14.300.000 | 17.732.000 | 13.585.000 | 16.845.400 |
| FBP3135-23 | 23 hnífar,sjálfv.smurkerfi, netb.búnaður, tandem vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb. | 2,3 m | 500/45-22.5 | 14.800.000 | 18.352.000 | 14.060.000 | 17.434.400 |
| FBP3135-23 | 23 hnífar,sjálfv.smurkerfi, netb.búnaður, tandem vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb. | 2,3 m | 500/45-22.5 | 15.760.000 | 19.542.400 | 14.972.000 | 18.565.280 |
| | Plast- og netbindibúnaður, pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum | | | | | | |
| | 3D (þríviddar) pökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30% | | | | | | |



ATH. Þetta er aðeins lítið brot af vöruúrvali frá KUHN hægt er að fá meiri upplýsingar á www.kuhn.com eða hjá sölumönnum Vélfangs í s. 580-8200

## Vertu klár – veldu KUHN

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

**Vélfang ehf. áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði fyrirvaralaust. Verð miðast við gengi EUR 140 og gerður er fyrirvari um ásláttarvillur.**

FRÉTTASKÝRING



Umboðsmaður Alþingis hefur bent sveitarfélögum landsins á að styðjast við aðrar lagagreinar en áður, til að ákveða hvort hreppnum beri að smala ágangsfé. Þau lög sem umboðsmaður vill að séu notuð eru stuttorð og opin, sem hefur orðið til þess að hagsmunaaðilar hafa túlkað þau á misjafna vísu. Mynd úr Fnjóskadal. Mynd / Áskell Þórisson

# Deilt um framtíð lausagöngu

## – Breytir álit umboðsmanns Alþingis stöðu sauðfjárbeitar?

**Undanfarin misseri hefur verið mikil umræða um lausagöngu sauðfjár, eftir álit umboðsmanns Alþingis síðasta haust. Túlkun álitsins er allt frá því að það breyti engu, yfir í endalok sauðfjárbeitar utan girtra svæða. Sveitarfélögum hefur borist fjöldi beiðna um smölun á ágangsfé, en þau eru hikandi í viðbrögðum, þar sem vafamálin eru margvísleg. Hvað er það sem breyttist?**

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Þann 11. október síðastliðinn skilaði umboðsmaður Alþingis af sér áliti, eftir að landeigandi á Snæfellsnesi hafði sent inn kvörtun eftir að ráðuneyti sveitarstjórnarmála hafði stutt ákvörðun Snæfellsbæjar um að neita að smala ágangsfé af jörðinni.

Þeir sem vilja lesa álitið í heild sinni geta flett upp máli 11167/2021 á heimasíðu umboðsmanns Alþingis. Það er þó líklegt að hjá flestum vakni fleiri spurningar en svör, enda álitið tyrfið og með vísunum í hin og þessi lög og þróun þeirra. Hér fyrir neðan eru viðtöl við nokkra af þeim aðilum sem þekkja málið best, en túlkun þeirra á mikilvægi og áhrifum álitsins er ekki alltaf sú sama.

### *Talsverður aðdragandi*

Kristínu Magnúsdóttur er málið kunnugt. Hún var ósátt við mikinn ágang búfjár á jörð hennar á Snæfellsnesi og eru hún og maðurinn hennar landeigendurnir sem sendu umboðsmanni Alþingis kvörtun. Kristín, sem er lögfræðimenntuð og hefur oft skrifað um málið í fjölmiðlum, segir álit umboðsmanns breyta öllu. Hún vonar að þetta sé upphafið að þeim breytingum að ágangsbeit í heimalandi hætti. Jafnframt vonast hún eftir að búfjáreigendur taki ábyrgð á sínum rekstri og dýrum.

Kristín tekur sérstaklega fram að nú séu búfjáreigendur og Snæfellsbær með aðgerðir í gangi til að varna ágangi. Ástandið sé orðið miklu betra og vill hún hrósa öllum hlutaðeigandi aðilum.

Forsaga málsins er sú að Kristín og eiginmaður hennar sendu Snæfellsbæ beiðni um að smala ágangsfé á jörð þeirra. Þau töldu sveitarfélagið bera skyldu til þess samkvæmt lögum um afréttarmál, fjallskil o.fl. frá 1986. Í 33. grein þeirra laga segir meðal annars: „Stafi ágangur [...] af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda ...“

### *Yngri lögin framar*

Sveitarstjórnin taldi hins vegar að henni bæri ekki að smala og báru fyrir sig 8. og 9. grein laga um búfjárhald frá 2013. Þar er sagt að landeigendum sé heimilt að friða land sitt fyrir umgangi og beit búfjár að undangengnum ákveðnum skilyrðum. Lagagreinina er hægt að túlka með svokallaðri gagnályktun, sem segir að allt land sé ófriðað, nema annað sé tekið fram.



Kristín Magnúsdóttir. Mynd / ÁL

Þar sem land Kristínar var ekki friðað samkvæmt nauðsynlegum skilyrðum, væri ekkert sem sveitarstjórnin gæti gert. Enn fremur fengu þau þær leiðbeiningar að þau mættu ekki reka féð sjálf, þó það væri komið inn fyrir girðingar.

Kristín kvartaði undan þessari ákvörðun til ráðuneytis sveitarstjórnarmála árið 2020. Árið 2021 komu leiðbeiningar frá ráðuneytinu, sem studdu framkvæmd sveitarstjórnarinnar. Ráðuneytið vísaði meðal annars í þá meginreglu lögfræðinnar að þegar tvö lög skarast, eigi yngra ákvæðið að gilda – svokallað „lex posterior“. Lagagreinarnar úr lögunum frá 2013 höfðu sem sagt forgang á lagagreinarnar úr lögunum frá 1986.

Þetta töldu hjónin brjóta gegn 72. grein stjórnarskrárinnar sem segir meðal annars: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

### *Umboðsmaður breytir fyrri túlkun*

Kristín og leitaði því til umboðsmanns Alþingis sumarið 2021, sem skilaði áliti í málinu síðastliðið haust. Í álitinu segir að hefði ætlun löggjafans með lagasetningunni verið að takmarka eignarrétt landeigenda, þannig að hann þyrfti að þola ágang búfjár og gæti ekki leitað til yfirvalda til að láta smala burt ágangsfé, hefði það þurft að koma skýrt fram í lögunum. Einnig með hvaða hætti slíkt samræmdist öðrum lögum og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

> „Að segja að álit umboðsmanns sem kollvarpar þessum furðulegu lagaákvæðum, hafi lítil áhrif, er auðvitað galið.“

Kristín segir að umboðsmaður sé í raun að segja að landeigendur megi friða land sitt og ganga í gegnum allar þær kvaðir sem eru í lagagreinum 8 og 9 í lögum um búfjárhald frá 2013. „En ef þú gerir það ekki, þá hefur þú samt allan rétt samkvæmt lögum um afréttarmál frá 1986,“ segir Kristín. Ekki sé hægt að beita gagnályktun og túlka lögin þannig að beit sé heimil á öllu landi sem hefur ekki verið friðað. „Að segja það að álit umboðsmanns sem kollvarpar þessum furðulegu lagaákvæðum, hafi lítil áhrif, er auðvitað galið,“ segir Kristín.

Í áliti umboðsmanns Alþingis segir að lagaákvæðin í lögum um afréttarmál, fjallskil o.fl. frá 1986 séu í samræmi við „stjórnarskrárverndaða friðhelgi eignarréttarins“. Jafnframt séu þau í samræmi við „þá aldagömlu grunnreglu að búfjáreigendum sé óheimilt að beita fé sínu leyfislaust á annars manns land“.

### *Saga laganna*

Kristín telur mikilvægt að skilja forsögu laganna til að hrekja þær fullyrðingar að lausaganga byggi á aldagamalli hefð. Hún nefnir að fram til ársins 1969 var notast við mjög forn lög um afréttarmál, fjallskil og fleira. Þá voru samþykkt lög á Alþingi sem voru mikið til unnin af nefnd sem fór vel í gegnum þann rétt sem hafði verið um aldir. Þessi lög





**Flosi Hrafn Sigurðsson.** Mynd / Aðsend

voru síðar endurskoðuð og eru nú lög 6/1986 um afréttarmál, fjallskil o.fl. sem eru enn í gildi.

Árið 2002 voru samþykkt lög um búfjárhald sem voru byggð á eldri lögum. Kristín segir að þar hafi verið bætt inn 8. og 9. greininni sem segi að landeigandi hafi heimild til að friða land sitt fyrir beit. Með þessu segir Kristín að allt land á Íslandi hafi orðið að beitilandi fyrir kindur, vegna þess að hægt var að beita gagnályktun á lagagreinarnar.

Þessar greinar fluttust yfir í núgildandi lög um búfjárhald frá 2013 og eru áfram númer 8 og 9. Fyrrnefnda lagagreinin segir að til þess að friða land þurfi að girða það, fá girðinguna vottaða árlega, fá samþykki sveitarstjórnar sem þarf svo að auglýsa friðunina í Stjórnartíðindum. Þessar kvaðir segir Kristín vera svo íþyngjandi að enginn landeigandi hafi friðað jörð sína með þessum hætti.

Kristín segir að við vinnslu frumvarpsins á Alþingi hafi ekkert verið rætt um áðurnefndar lagagreinar. Þær voru hvorki teknar fyrir í nefndum eða í ræðusal, þrátt fyrir að fjölmargir hafi sent inn athugasemdir sem gagnrýndu þær.

*Lausaganga nýlegt hugtak*

Kristín segir að orðið „lausaganga“ hafi fyrst komið fyrir í orðskýringum með breytingum á lögum um búfjárhald árið 1991, þó orðið komi hvergi annars staðar fyrir í þeirri útgáfu laganna. Fyrir þann tíma hafi orðið ekki fundist í neinum lögum. „Lausaganga er þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi,“ segir orðrétt í áðurnefndum orðskýringum.

Þau rök að lausaganga sauðfjár hafi alltaf verið heimil segir Kristín að standist ekki. Hér á öldum áður hafi smaladrengir og -stúlkur gætt þess að fé héldi sér á réttu beitilandi, á meðan geldfé var rekið á afrétt. Kristín tekur fram að samkvæmt lögunum sé beit á afrétt ekki lausaganga, enda sé sauðféð þar í fullu leyfi. „Þegar talsmenn sauðfjárbænda, og nú Bændasamtökin, segja að kindur hafi gengið frjálsar um landið frá aldaöðli er það ansi ónákvæmt. Þær voru í vörslu í heimasveitum en gengu frjálsar á afréttum sem eiga það sammerkt að vera utan byggða,“ segir Kristín.

*Einfaldast að girða beitilandið af*

„Ef allir girða kindurnar úti, hvar enda kindurnar? Á eignarlandi bóndans. Er þá ekki réttast að

> „Við erum í stökustu vandræðum, af því að menn eru að túlka þetta eins og þeim hentar.“

> „Það eru margir sem eru að biðja um smölun núna.“

bóndinn girði kindurnar sínar inni?“ segir Kristín. Hún segir að búfjáreigendur og landeigendur þurfi að gera samkomulag sín á milli um beit. „Það er til eitthvað sem heitir frjálsir samningar,“ segir Kristín.

Varðandi þau rök sem hafa oft heyrst að sauðfjárræktin muni hrynja ef bændur missa heimild til að beita öll lönd, segir Kristín: „Semjið við nágrannann. Ef þú átt ekki land eða beitarrétt á afrétti, vertu ekki með kindur.“

Kristín segir að það séu þrjár ástæður fyrir því að flest lönd í heiminum, nema Ísland, girða sitt búfé inni. Í fyrsta lagi er það eignarréttur hinna landeigendanna. Í öðru lagi velferð dýranna. Í þriðja lagi er það öryggi vegfarenda.

*BÍ gruggi vatnið*

„Það sem Bændasamtökin eru að gera núna er að grugga vatnið. Þau voru að skrifa álit og senda á Samtök sveitarfélaga. Þau fara rosalega fjallabaksleið að því að finna út að heimaland þýði ekki heimaland. Það sé bara stéttin í kringum húsið hjá þér. Þar með eigi bara að smala ef það eru kindur á stéttinni hjá þér.

Þegar umboðsmaður segir að þessar lagagreinar geti ekki gilt, þá gera Bændasamtökin eins lítið og þau geta úr þeim úrskurði, sem gerbreytti lagalegri stöðu landeiganda. Einhver gæti haldið að hagsmunasamtök allra bænda legði upp úr því að verja og vernda eignar- og nýtingarrétt allra bænda, en horfði ekki á málið í gegnum skráargat þeirra kindaeigenda sem heimta að fá að beita annarra manna lönd í óleyfi,“ segir Kristín.

Kristín segir að álit umboðsmanns hafi tekið eitt og hálft ár í vinnslu, og hjá þeim starfi fjöldi lögfræðinga. Enn fremur hafi dómsmálaráðuneytið og innviðaráðuneytið fellt fyrri leiðbeiningar í samræmi við álit umboðsmanns. Matvælaráðuneytið hafi jafnframt gefið það álit að það væri sammála túlkun umboðsmanns.

„Þetta er hersing lögfræðinga og þeir taka allir undir álit umboðsmanns. Hvað gera Bændasamtökin? Leita að einhverjum lögfræðingi og borga honum væntanlega gott kaup til að komast að einhverri annarri niðurstöðu. Að þeir skuli nota félagsgjöld allra annarra til þess að kaupa lögfræðiálit til að grugga vatnið og komast að því að kindur megi vera alls staðar í leyfisleysi er sorglegt,“ segir Kristín.

*Álitið segir lítið um túlkun*

Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, segir álit umboðsmanns í grunninn



**Kristinn Jónasson**. Mynd /Alfons Finnsson



**Í áliti umboðsmanns Alþingis segir að lög um búfjárhald frá 1986 séu í samræmi við „þá aldagömlu grunnreglu að búfjáreigendum sé óheimilt að beita fé sínu leyfislaust á annars manns land“. Sauðfé á beit í Brynjudal.** Mynd / Áskell Þórisson

segja að lög um búfjárhald frá 2013, þar sem kveðið er á um heimildir til að friða landsvæði fyrir ágangi búfjár, gangi ekki framar ákvæðum laga um afréttarmál, fjallskil o.fl. frá 1986. Álit umboðsmanns segir þó ekki hvernig eigi að túlka síðarnefndu lögin.

Flosi Hrafn segir að næsta verkefni sé að finna út hvernig skuli túlka þau lög, sem sé hægara sagt en gert. „Þau uppfylla lítið af þeim skilyrðum sem við erum vön í annarri stjórnsýslulegri framkvæmd – að það séu nákvæm skilyrði fyrir því hvenær stjórnvöld eigi að taka til aðgerða. Bæði við hvaða aðstæður stjórnvöld eigi að grípa inn í, og hvernig framkvæmdin eigi að vera. Þessi lög eru mjög stuttorð og opin til túlkunar,“ segir Flosi Hrafn. Vegna þessa sé skiljanlegt að aðilar séu ósammála um túlkunina.

*Vísað fram og til baka*

Nýlega komu leiðbeiningareglur frá innviðaráðuneytinu, sem Flosi Hrafn segir að hafi verið vísað leyti til matvælaráðuneytisins. Flosi Hrafn segir Sambandið vonast annars vegar eftir að matvælaráðuneytið gefi út leiðbeiningarreglur, sem séu unnar í samvinnu við Sambandið og fleiri hagsmunaaðila. Hins vegar vonist aðilar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga að þetta leiði til heildarendurskoðunar á löggjöf um afréttarmál, fjallskil o.fl., sem Flosi segir að sé mjög þörf.

*Margar beiðnir um smölun*

„Þetta er í grunninn erfið staða fyrir sveitarfélögin, því þau vilja auðvitað fara eftir þeim lögum sem til staðar eru. Þau fá þetta verkefni hratt upp í hendurnar – það eru margir sem eru að biðja um smölun núna.

Svo hefur verið löng bið eftir leiðbeiningarreglum frá innviðaráðuneytinu, sem var vonast til að myndu varpa ljósi á það hvernig sveitarfélögin ættu að haga sér. Svo er niðurstaðan sú að þær leiðbeiningareglur gagnast mjög lítið.

Auðvitað er þetta erfitt fyrir sveitarfélögin, því ef þau ákveða að smala, þá þurfa þau líka að ákveða á hvern kostnaðurinn er settur,“ segir Flosi Hrafn. Hann segir að það séu tveir möguleikar, í fyrsta lagi að leggja þann kostnað á alla íbúa með því að sveitarsjóður greiði. Í öðru lagi væri hægt að leggja kostnaðinn á viðkomandi sauðfjárbónda.

„Kostnaður við smölun getur hlaupið á hundruðum þúsunda, sérstaklega ef um stórt svæði er að ræða, og að taka slíka ákvörðun gegn stökum sauðfjárbónda getur verið þungbær,“ segir Flosi Hrafn.

*Fjölmargar túlkanir*

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, segir að í kjölfar álits umboðsmanns síðastliðið haust, hafi óvissa sveitarfélaganna aukist.

„Við sem stýrum sveitarfélögunum vitum ekki hvernig við eigum að haga okkur í þessum málum. Það sem flækir þetta allt saman eru misvísandi skilaboð sem við erum að fá. Við fáum skilaboð frá innviðaráðuneytinu að Samband sveitarfélaga og matvælaráðuneytið eigi að hlutast til um að það verði settar skýrar reglur um þetta.

Svo fáum við skilaboð frá Bændasamtökunum um að reglurnar séu mjög skýrar og það þurfi ekki og megi ekki smala. Á meðan fáum við skilaboð frá landeigendum um að okkur beri að smala og það sé alveg skýrt í áliti umboðsmanns Alþingis.

*– Framhald á næstu síðu.*



Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 — 2022

Sumaropnun:
Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga LOKAÐ

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.

## FRÉTTASKÝRING

Það sem okkur finnst skipta máli er að við vöndum þá stjórnsýslu sem við eigum að framfylgja. Við erum í stökustu vandræðum, af því að menn eru að túlka þetta eins og þeim hentar. Ég get því ekki með góðri samvisku sagt hvort okkur beri sannarlega að smala eða ekki," segir Kristinn.

*Ótal spurningar og vafamál*

„Það er rosalega erfitt að ætlast til þess að sveitarfélögin eigi að vera einhver hlaupatík, án þess að um þetta séu skýrar reglur eða lög," segir Kristinn. Aðspurður segist hann ekki hafa mikla skoðun á því hvernig regluverkið verði, aðra en þá að það verði að vera mjög skýrt.

Hann segir fjölmargar spurningar hafa vaknað hjá sveitarfélaginu sem þurfi að skýra. Á sveitarfélagið að hafa forgöngu að því að smala ágangsfé? Á sveitarfélagið fyrst að hafa samband við eigendur fjárins og hvað gerist ef sá sem haft var samband við reynist svo ekki eiga kindurnar? Er sveitarfélagið bótaskylt ef sá sem tekur að sér smölun fyrir hreppinn skaðar féð? Á sveitarfélagið að smala alla daga og skiptir fjöldi fjárins máli? „Það er endalaust hægt að halda áfram," segir Kristinn.

*Dómsmál líkleg niðurstaða*

Kristinn segir tvær niðurstöður líklegar í þeirri stöðu sem komin er upp. Að allir hlutaðeigandi aðilar setjist niður og myndi skýrar reglur, eða að á þetta verði reynt fyrir dómsstólum, þar sem báðir hagsmunahópar telja sig hafa rétt fyrir sér. Kristinn vonast til að hægt sé að leysa stök deilumál með beinu samtali beggja aðila.

Þetta mál sé þó það stórt að Kristinn telur að stjórnvöld þurfi að móta stefnu um það hvernig skuli haga sauðfjárbúskap almennt á Íslandi.

*Breytt landnýting*

„Þetta er alltaf að verða flóknara og flóknara, sérstaklega núna þegar margar jarðir eru að seljast til annars en landbúnaðar. Þá er fólk oft að horfa til þess hver eignarrétturinn er, frekar en hvar það keypti viðkomandi jörð," segir Kristinn. Hann telur eðlilegt að gera ráð fyrir ágangi sauðfjár í landbúnaðarhéruðum þar sem lausaganga er ekki bönnuð og þeir sem vilji vera án þess þurfi hugsanlega að girða sínar jarðir. Sjónarmið margra landeigenda, sem segja eðlilegra að búfjáreigendur girði sitt fé inni, skipti þó líka máli.

„Það sem ég óttast mest í þessu, sem framkvæmdastjóri sveitarfélags, er ósættið sem er að grassera upp núna á milli þeirra sem búa og hafa atvinnu af landbúnaði og þeirra sem eiga land, en hvorki búa á svæðinu né stunda landbúnað," segir Kristinn.



**Bæjarstjóri Snæfellsbæjar segir sveitarfélögin kalla eftir skýrum leiðbeiningum, því þau vilja vanda þá stjórnsýslu sem þau eiga að framkvæma. Fulltrúar Bændasamtaka Íslands benda á að það sé sveitarfélaga að banna lausagöngu búfjár innan síns svæðis.** Mynd / Áskell Þórisson



**Gunnar Þorgeirsson.**

„Eins og lögin eru í dag, þá stendur hvergi að það eigi að girða kindurnar inni."



**Trausti Hjálmarsson.**

„Ég vil hvetja alla hlutaðeigandi aðila til að, hvar sem þessi deilumál eru, að sýna hvert öðru tillitssemi og umburðarlyndi."

*Lausaganga ekki bönnuð*

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að á meðan gildandi lög í landinu séu eins og þau eru og Vegagerðin sinni ekki girðingum meðfram þjóðvegum landsins, þá verði áfram deilur um beit og ágang búfjár.

Gunnar telur ekki ólíklegt, þar sem vafi er á túlkun laganna, að aðilar muni leita til dómstóla.

„Lausaganga búfjár er ekki bönnuð á Íslandi. Það eru sveitarfélögin sem ákveða hvort lausaganga er bönnuð eður ei.

Svona hefur þetta verið frá örófi alda. Eins og lögin eru í dag, þá stendur hvergi að það eigi að girða kindurnar inni," segir Gunnar.

*„Sumt er ómögulegt"*

„Ég skil marga af þessum einstaklingum þar sem sauðfé gengur á milli jarða þar sem eru engar girðingar. Þá þurfa menn að sjá sóma sinn í að girða einkalönd. En að girða afréttargirðingu í heilu sveitarfélagi, sem eru fleiri tugir kílómetra, er ekki einfalt. Að öllu jöfnu ertu að girða í þannig landi að það þarf að girða einu sinni á ári, því girðingin fer í drasl á veturna.

Ég held að þetta sé langerfiðast þar sem landslagið er erfitt, til dæmis ef þú átt land í sjó fram. Hvernig leysum við það ef það er ómögulegt að girða á mörkum? Sumt er ómögulegt," segir Gunnar og nefnir sem dæmi Vestfirði, þar sem landamörk geta verið um snarbratta fjallshlíð. „Kindurnar rölta bara niður í fjöru eða upp fyrir girðinguna."

*Göt með ógirtum vegum*

„Í mínum huga er vandinn meðal annars sá að þjóðvegir landsins eru ekki afgirtir en þar er Vegagerðin að þvera einkalönd ábúenda. Hvernig eiga menn að bregðast við lausagöngumálum á meðan Vegagerðin getur farið í gegnum einkalönd manna án þess að girða? Það er ekki bóndans að girða meðfram þjóðvegi," segir Gunnar.

Þó svo að landeigendur séu sammála um að girða á mörkum, þá sé enn opið meðfram vegum og Vegagerðin reynir að komast hjá notkun ristahliða. „Það á ekki að veita framkvæmdaleyfi í gegnum bújarðir manna nema að girða beggja vegna vegarins. Þá er ekkert mál að girða meðfram landamerkjum."

*Engum lögum breytt*

Trausti Hjálmarsson, formaður búgreinadeildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir álit umboðsmanns Alþingis ekki fela í sér neina umturnun, enda hafi engum lögum verið breytt. „Okkar skilningur er skýr og enn þá sá sami, að lausaganga búfjár á Íslandi er heimil, nema stjórnvaldsfyrirmæli kveði á um annað," segir Trausti.Hann bætir við að landeigendur hafi skýra heimild samkvæmt lögum um búfjárhald að friða sitt land. Þeir þurfa þó að gera það með réttum hætti. „Bændum verður ekki metið það til sakar að búfé gangi laust á meðan lausaganga búfjár er heimil," segir Trausti.

*Fjallskilasamþykktir misítarlegar*

Trausti segir að eitt mikilvægasta atriðið í þessu samhengi sé að skipulag á landnotkun sé í höndum sveitarfélaga og það sé undir þeim komið að langmestu leyti hvernig úr þessum málum sé unnið. „Lausaganga búfjár er hluti af skipulagsmálum sveitarfélaga og þar spila fjallskilasamþykktir meginhlutverk. Sveitarfélögin þurfa að rísa undir þeirri ábyrgð sem er á þeirra herðum."

Trausti segir það koma fram í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. að sveitarfélögunum beri að gera fjallskilasamþykktir. Þær taka á og skilgreina þau atriði sem ekki eru skilgreind í lögum, meðal annars hvað sé ágangur og hvenær hann megi teljast verulegur.

Þær séu þó misítarlegar milli sveitarfélaga og taki ekki alltaf á þeim málum sem þeim ber. Trausti telur að best færi á því ef sveitarfélögin yfirfæru sínar fjallskilasamþykktir og gættu að því að hugtök séu vel skilgreind.

*Sýnum tillitssemi og umburðarlyndi*

„Ég held að til þess að skapa frið, þá þurfi allir að vera tilbúnir að skapa friðinn. Þá ætla ég engan að fría, hvorki búfjáreigendur né landeigendur. Ég vil hvetja alla hlutaðeigandi aðila, hvar sem þessi deilumál eru, að sýna hvert öðru tillitssemi og umburðarlyndi. Lausagangan er heimil og við þurfum að hafa okkar samskipti við nágrannana sem allra best.

Þar þurfa allir að gefa eftir, en við erum ekki að fara að standa í stórvægilegum breytingum á þessari réttarheimild búpenings á Íslandi. „Garður er grannasættir" eins og oft hefur verið sagt og girðingar geta leyst ótrúlegustu vandamál," segir Trausti.



KRONE **sláttuvélar** *til afgreiðslu strax!*



**EasyCut F320 M upphengd**
Miðjuhengd framsláttuvél.
Vinnslubreidd 3.16 m.
**2.599.000 + vsk.**

**Vinsælasta útfærslan af Krone fram-sláttuvélum**



**Miðjuhengdu sláttuvélarnar sem endast og endast!**

**EasyCut R miðjuhengdar**
Vinælustu Krone sláttuvélarnar.
Vinnslubreidd 3.16 m - **2.299.000 + vsk.**
Vinnslubreidd 4.04 m - **2.749.000 + vsk.**

**Fjórhjól** *til afgreiðslu strax!* SEGWAY

***Næst mest seldu hjólin í sínum flokki á síðasta ári!***

**Enda virkilega vel útbúin 570 cc. hjól sem hafa komið einstaklega vel út á Íslandi.**
Sem dæmi um staðalbúnað má nefna rafmagnsstýri, spil, dráttarkúlu, mismunadrif bæði að framan og aftan með rafmagnsdriflæsingum, 14” beadlock felgur, 26” dekk og handahlífar.

Grunnverð aðeins
***1.899.000 m/vsk.***
*dráttarvélaskráning*

**Við afhendum hjólin án aukakostnaðar á næstu afgreiðslustöð Samskipa.**

**Þú finnur allt um Segway fjórhjól og buggybíla á hesja.is**





# Viðburðadagatal

– Frá og með 20. júlí –24. ágúst

### Austurland & Austfirðir

| | |
|---|---|
| 26.–30. júlí | Franskir dagar – Bæjarhátíð á Fáskrúðsfirði |
| 29. júlí | Tónlistarhátíðin Bræðslan |
| 4.–6. ág. | Neistaflug – 30 ára í ár. Fjölskylduhátíð Neskaupstaðar, markaður, strandblaksmót, flugeldar o.fl. |
| 12. ág. | Árleg flugeldasýning Björgunarfélags Hornafjarðar haldin á Jökulsárlóni |
| 17.–20. ág. | Útsæðið – Bæjarhátíð Eskifjarðar |

### Norðurland & Norðausturland

| | |
|---|---|
| 20.-21. júlí | Alþjóðleg tónlistarhátíð Sunnuhvoli Bárðardal |
| 28.–30. júlí | Mærudagar Húsavíkur, tívolí, froðurennibraut og tónleikar– Diljá og Páll Óskar meðal þeirra sem koma fram. |
| 29. júlí | Fjölskylduhátíðin Trilludagar á Siglufirði |
| 3.–6. ág. | Berjadagar, árleg tónlistarhátíð í Ólafsfirði |
| 4.–6. ág. | Síldarævintýri á Siglufirði – fjölskylduhátíð |
| 4.–6. ág. | Ein með öllu á Akureyri |
| 11.–13. ág. | Fiskidagurinn mikli á Dalvík – 20 ára í ár! |
| 25.–27. ág. | Akureyrarvaka – Menningarhátíð Akureyrar |

### Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

| | |
|---|---|
| 3.–6. ág. | Unglingalandsmót UMFÍ – vímulaus íþrótta- og fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11–18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum |
| 3.–7. ág. | Kotmót Hvítasunnukirkjunnar, kristilegt fjölskyldumót að Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð |
| 3.–7. ág. | Flúðir um Versló – Bæjarhátíð á Flúðum |
| 4.–7. ág. | Tónlistarhátíðin Innipúkinn í Reykjavík |
| 4.–6. ág. | Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum |
| 8.–13. ág. | Hamingjan við hafið – Fjölskylduhátíð í Þorlákshöfn |
| 8.–13. ág. | Hátíðin Hinsegin dagar eru í Reykjavík |
| 10.–13. ág. | Sumar á Selfossi – Bæjarhátíð á Selfossi |
| 12. ág. | Gleðigangan, hápunktur Hinsegin daga fer fram |
| 12.–14. ág. | Töðugjöld – Bæjarhátíð á Hellu á Rangárvöllum |
| 16.–20. ág. | Bæjarhátíðin Fjölskyldudagar í Vogum |
| 18.–20. ág. | Blómstrandi dagar – Bæjarhátíð í Hveragerði |
| 19. ág. | Menningarnótt Reykjavíkur |
| 24.–27. ág. | Í túninu heima – Bæjarhátíð Mosfellsbæjar |
| 25.–27. ág. | Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli |

### Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

| | |
|---|---|
| 26.–30. júlí | Eldur í Húnaþingi – Bæjarhátíð á Hvammstanga |
| 28.–29. júlí | Smástund í Grundarfirði – bæjarhátíð |
| 28.–30. júlí | Reykholtshátíðin – Tónlistarhátíð sem leggur áherslu á klassíska tónlist frá 18. og 19. öld. |
| 4.–6. ág. | Norðanpönk í Laugarbakka Vestur-Húnavatnssýslu |
| 4.–6. ág. | Sæludagar KFUK&KFUM – vímulaus hátíð við Eyrarvatn |
| 10.–12. ág. | Act Alone – árleg leiklistarhátíð á Suðureyri |
| 12. ág | Hvanneyrarhátíð |
| 18.–20. ág. | Reykhóladagar, heimagerð súpa, kassabílarallý o.fl. |

*Auðvitað hefur eitthvað ekki komist á lista, en hér að ofan er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.*

## Verslunarmannahelgin:

# Stiklað á stóru

**Í ár eru alls 149 ár frá því að fyrsta þjóðhátíðin var haldin á Íslandi.**

Var það í tilefni þúsund ára afmælis Íslandsbyggðar og heimsóknar Kristjáns konungs níunda sem þá færði Íslendingum *„stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands“* eins og kemur fram í þriðja bindi „Tíðinda um stjórnarmálefni Íslands, gefnu út af hinu Íslenzka Bókmentafélagi“ árið1875.

Eru þjóðhátíðir jafnan þekktar sem hátíðir mikils gleðskapar, og þykir við hæfi að væta aðeins kverkarnar. Voru því höfuðborgarbúar ekki allir jafnhamingjusamir árið 1902, er þjóðhátíð var haldin undir merkjum Góðtemplaranna sem sáu um hátíðarhöldin það árið. Kemur fram í seyðfirska ritinu Frækorn „(Heimilisblað með myndum)“ að þar hefði verið *„allt drykkjuslark bannlýst“*.



Fréttir úr Rekjavík.

—o—

ÞJÓÐHÁTÍÐ héldu Reykvíkingar 2. ágúst. Fór hún fram vel og siðsamlega og þótti öllum skemmtileg, sem tóku þátt í henni, en það mun hafa verið um 3000 4000 manns. Gleðileg nýbreytni við þjóðhátíð höfuðstaðarins þetta ár var það, að Bakkus var látinn sitja heima í skrauthýsi sínu, og allt drykkjuslark bannlyst frá samkomustaðnum. Var þetta Goodtemplurunum að þakka, sem réðu öllu hátíðarhaldinu. Og rétt höfðu þeir til þess með því þeir eru fjölmennastir allra félaga Rvíkur. Nokkur óánægja út af þessu virtist vera á undan, en á eftir var almenningur auðsjáanlega glaður yfir öllu.

**Þjóðhátíðarfréttir frá árinu 1902 er Góðtemplarar héldu um taumana.** Mynd / timarit.is

### *Tappinn í flöskuna og öryggið á oddinn?*

Eitthvað hefur þetta verið misjafnt með árunum. Bindindismót Galtalækjar var haldið a.m.k. árlega í 30 ár, frá árinu 1960, og þá ætlað sem mótvægi við þá sukksömu útivistarmenningu sem hafði þegar skapast um verslunarmannahelgi Íslendinga. Lýsir þó ónefndur blaðamaður upplifun sinni af hátíðinni: *„Mín eftirminnilegasta útihátíð var „bindindismótið“ í Galtalæk. Sú hátíð var algjörlega einstök, fólk beitti öllum brögðum til þess að smygla áfengi inn á þessa „bindindishátíð“ og mikið fjör í kringum smyglið. Hvergi var meira fyllerí en í Galtalæk.“*

Húnaver þótti einnig nokkuð eftirminnilegt, þá sérstaklega fimm þúsund smokka hátíðin í Húnaveri árið 1989 sem Jakob Magnússon Stuðmaður og félagar stóðu fyrir. Varð hátíðin þekkt undir þessu nafni vegna smokkaþurrðar – en þeir bæði seldust upp á svæðinu auk þess sem apótek nærliggjandi bæja voru þurrausin. Haft var eftir Jakobi Magnússyni að þegar hefðu farið í sölu fimm þúsund smokkar og væru frekari birgðir á leiðinni.




**Rúnar Júlíusson heitinn, söngvari Trúbrots, forðar sér hér upp á þak vegna ágangs aðdáenda.** Mynd / timarit.is

### *Með friði og spekt*

Kemur fram í dagblaðinu Vísi, þriðjudaginn 5. ágúst, að gífurlegur fjöldi hefði sótt útihátíðir, en samkomuhald allt farið með afbrigðum vel fram. Til að mynda kom fram í fréttinni að einungis eitt og hálft prósent gesta í Húsafelli hefði verið tekið fyrir ölvun enda að sögn Kristleifs Þorsteinssonar, bónda á Húsafelli, hefði lögreglan innt gott starf af hendi og *„sýnt fádæma dugnað og lipurð og rekið af sér allt slyðruorð“*. Þótti útihátíðin einna ógleymanlegust þar sem vinsælasta unglingahljómsveit þess tíma, Trúbrot, heillaði áhorfendur upp úr skónum. Raunar fór það svo að áhorfendur urðu heldur aðgangsharðir og á einhverjum tímapunkti forðaði söngvari hljómsveitarinnar, Rúnar Júlíusson, sér upp á þak skýlisins og hélt þar áfram söng sínum.




Sammæltust forsvarsmenn útihátíða yfir landið þó um að þetta væri besta verslunarmannahelgin í langan tíma þar sem tónlist og innri ró héldust í hendur – og var henni líkt við Woodstock, tónlistar- og friðarhátíðina víðfrægu, sem haldin var í New York sama ár, þó reyndar um tveimur vikum seinna.

Í ár verður að venju mikið um að vera á landsvísu og allar líkur á góðu veðri hvar sem fólk kýs að halda verslunarmannahelgina hátíðlega, með góðri tónlist og gleði í hjarta.

*/SP*




Það liggur þrotlaus ransóknar- og prófunarvinna á bakvið utanborðsmótora Suzuki sem skilar sér í krafti, sparneytni, áreiðanleika og endingu. Komdu við og kynntu þér úrvalið og möguleikana. Við tökum vel á móti þér

Nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki á Íslandi
Skeifunni 17
Sími 568 5100
www. suzuki.is





## Vestfirðir:

# Ögurball í Ísafjarðardjúpi

**Einn vinsælasti viðburður ársins á Vestfjörðum er hið goðsagnakennda og víðfræga Ögurball.**

Var það fyrst haldið árið 1926, er Ungmennafélagshúsið var byggt í Ögri, en þar geta allt að 80 manns dansað með góðu móti enn þann dag í dag. Duttu böllin niður um hríð en verið haldin árlega frá árinu 1999 þar sem stuðbandið „Halli og Þórunn“ hafa spilað fyrir dansi. Sú nýlunda er þetta árið að við stuðinu tekur hljómsveitin Fagranes og pásutrúður er hinn vel kunni Erpur Eyvindarson. Átján ára aldurstakmark er á svæðið og rukkað inn á staðnum – en með aðgöngumiða fæst tjaldstæði, aðgangur að ballinu og heimagerður rabarbaragrautur með rjóma.

Hefur grauturinn verið viðloðandi ballið frá því að elstu menn muna, en áður fyrr, þegar fólk fór um á hestum, gangandi eða siglandi var boðið upp á staðgóðan graut með rjóma áður en heim væri haldið.

Skötuveisla er í hádeginu á föstudeginum og hægt að panta í skötuna í s. 868 5906 eða á Facebook síðu Ögur Travel. Laugardagurinn hefst með sögugöngu um svæðið sem lýkur með messu í Ögurkirkju klukkan ellefu, en um hana sér Hjálmar Jónsson, fyrrverandi dómkirkjuprestur. Ögurballið sjálft er þá um kvöldið og mikil stemning og eftirvænting eins og gefur að skilja fyrir þeirri gleði.

Um tíuleytið á sunnudagsmorgun er kaffihúsið opnað þar sem hægt er að hressa sig á kaffisopa eða öðru áður en heim er haldið. */SP*

FRANZEFOSS MINERALS



# Verum ekki súr

## Nú er tíminn til að kalka

### Dolomit Mg-kalk er hagkvæmur kalkgjafi
### – 3.500 kr/t afsláttur til þeirra sem kaupa Yara áburð

### Fagleg þjónusta
### – Tökum jarðvegssýni og túlkum niðurstöður




Almennt er sýrustig lágt í jarðvegssýnum hjá bændum, því vill SS leggja sitt af mörkum til að auka aðgengi bænda að Dolomit Mg-kalki. Kalkið er í boði frá 7 höfnum um land allt. Við leggjum endurgjaldslaust til Bredal kalkdreifara. Traustir verktakar dreifa kalkinu á hagkvæman hátt.

Frekari upplýsingar um kölkun
er að finna á yara.is eða með því
að skanna QR-kóðan

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is



Ungir sem aldnir koma saman og taka til hendinni í Frúargarðinum. Staðarbúar komu saman í júní og lyftu grettistaki í garðinum og fögnuðu – í kjölfarið –með götugrilli í Skemmunni kaffihúsi. Myndir / Aðsendar

# Hvanneyrarhátíð

**Ærið verður um að vera á Hvanneyri aðra helgina í ágúst, en laugardaginn þann tólfta verður hin sívinsæla Hvanneyrarhátíð haldin á milli kl. 13–17.**

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskólans, mun setja hátíðina kl. 13.30 á kirkjutröppunum en í kirkjunni má hlýða á ljúfa tóna yfir daginn. Þar munu Reynir del Norte, einn helsti fulltrúi spænsks gítarleiks á Íslandi, og Þórarinn Torfi, gítarleikari og söngvaskáld , flytja nokkur lög hvor.

Landbúnaðarsafn Íslands býður gestum að líta við án endurgjalds og verða gamlar dráttarvélar og annað áhugavert til sýnis fyrir utan. Einnig verður boðið upp á andlitsmálun og geta ungir sem aldnir tekið þátt í leikjum og sprelli á vegum Ungmennafélagsins Íslendings. Keppt verður í dráttarvélaakstri eins og vani er, merk saga Frúargarðsins verður sögð auk þess sem gestir geta séð sýninguna „Konur í landbúnaði í 100 ár“ á lofti Halldórsfjóss. Hægt verður að gæða sér á veitingum í Skemmunni kaffihúsi og Kvenfélagið 19. júní verður einnig með veitingasölu. Þá verður markaður í hlöðunni með handverk og góðgæti beint frá býli og opið fjós hjá Hvanneyrarbúinu sem gaman er að heimsækja. Þá sýnir Álfheiður Marinósdóttir, kennslustjóri Lbhí, býflugnabúin sín og hægt verður að horfa á gömul myndbrot í sögu og viðburðum frá Hvanneyri.

Dagskránni lýkur kl. 17 en kl. 20 verður brekkusöngur á kirkjuhólnum ef veður leyfir, annars þenja gestir og gangandi raddbönd sín í hlöðu Halldórsfjóss. Fyrir sundglaða má minna á að Hreppslaug er opin til klukkan 22. /SP



Hvanneyrarhátíðin er jafnan vel sótt.



Voru sjálfboðaliðar óþreytandi við þau verk er vinna mátti þó askan dreifðist um allt. Hér eru ötulir vinnumenn og konur með gosið í baksýn. Mynd / Sigurjón Einarsson frá Oddsstöðum - Wikipedia

## Vestmannaeyjar fyrir hálfri öld:

# Heimaeyjargosið

**Nú 3. júlí síðastliðinn voru fimmtíu ár síðan fyrsta gosi sem hafist hefur í byggð lauk.**

Er um Heimaeyjargosið að ræða, en það þótti ótrúleg gæfa hve vel tókst til við björgun á fólki og stórum hluta eigna. Þó gróftust í öskuna nær þriðjungur húsa, þar á meðal rafveitan, en með ötulli vinnu og þolgæði sjálfboðaliða, björgunarsveitarmanna og annarra tókst að bjarga því sem bjargað varð.

Langflestir eyjabúa flýðu gosið sjóleiðina en nokkur hundruð manns með flugvélum, þá aðallega eldriborgarar og sjúklingar. Komu allir sem vettlingi gátu valdið til aðstoðar, til að mynda bátar sem voru á veiðum í nágrenni eyjanna og allur tiltækur floti flugvéla sem náðist í. Fór svo að á morgni fyrsta gosdags höfðu allir eyjabúar stigið fæti á öruggt land, að undanskildum þeim 2-300 sem urðu eftir til að sinna því sem sinna þurfti. Voru kindur fluttar með flugvél Fraktflugs yfir til meginlandsins, auk kálfa. Hænsnfé hins vegar var sett í kassa og flutt með skipi til lands.


32 SÍÐUR OG LESBÓK
Morgunblaðið
LAUGARDAGUR 27. JANÚAR 1973

Morgunblaðið laugardaginn 27. janúar, skömmu eftir að gos hófst. Myndatextinn segir: *„Vikurinn kaffærir húsin smátt og smátt. Í baksýn er ógnvaldurinn spúandi eldi og eimyrju.“* **Ljósmyndari er Sigurgeir Jónasson.** (www.timarit.is)

Hófst þá ótrúlegt þrekvirki þeirra sem eftir stóðu. Neglt var fyrir glugga húsa sem sneru að gosinu, húsþök styrkt og gjalli sópað af þökum. Búslóðum var pakkað saman og fluttar til geymslu auk þess sem þúsundum bifreiða var komið upp á land. Talið er að komið hafi verið í veg fyrir milljarðatjón á eignum bæjarbúa.

Stuttu eftir upphaf gossins var stofnaður sjóður til þess að tryggja hag Vestmannaeyinga, m.a. vegna tekjumissis og eignatjóns. Einnig til þess að greiða kostnað vegna björgunarstarfs, tryggja hag Vestmannaeyinga og stuðla að vernd og endurreisn byggðar. Var sá sjóður kallaður Viðlagasjóður. Það var ekki vanþörf á þessu enda, eins og kemur fram í Gosannál Vestmannaeyinga, að um tveimur mánuðum eftir að gos hófst, var lítið lát á ósköpunum.

**26. mars:** Hraun fer enn að renna og 30 hús fara undir hraun. Vatnsleiðslan komin í sundur. Rafstöðvarhúsið farið undir hraun. Mörg gömul og merk hús fara undir hraun, t.d. Brydeshús, sundlaugin, Godthåb, bankahúsið gamla og verslun Haralds Eiríkssonar. Gaseitrun hættulega mikil.

Mánuði síðar er enn heitt í kolunum, en þó reyna sumir að halda dampi og setja niður kartöflur.

**25. apríl:** Mikill hiti í húsum við Kirkjubæjarbraut, viður svíður og málning flettist af. Einhverjir hafa sett niður kartöflur.

Flutningur fjölskyldna aftur til Vestmannaeyja til baka hófst fyrir alvöru í ágúst og í nóvember sama ár höfðu rúmlega 2.000 manns snúið til baka af rúmum 5.000. Þeirra beið mikil og erfið vinna, enda þótt gosi hefði lokið stóð þykk askan eftir og talið er að eyðilegging hafi orðið á allt að 60% húsa bæjarins.

Í dag búa rúmlega fjögur þúsund manns í Heimaey, 12. fjölmennustu byggð á Íslandi, en Vestmannaeyjar samanstanda af alls 15 eyjum og um 30 skerjum og dröngum. /SP





Í Morgunblaðinu miðvikudaginn 24. janúar má sjá brot af upplifunum þeirra Eyjamanna sem flúðu heimili sín – við komuna til Þorlákshafnar. Til vinstri eru þau Pétur Guðjónsson og Lilja í Kirkjubæ og segir Lilja að í raun hafi eldhafið verið við bæjardyrnar hjá þeim. Á myndinni til hægri hefur ungi maðurinn í hægra horninu orðið og segir: *„Nei, maður varð ekki hræddur heldur aðallega ruglaður, já, alveg ringlaður.“* (www.timarit.is)




Tökum samtalið!
Bændafundir 2023
21.-25. og 30. ágúst
Stjórn og starfsfólk Bændasamtakannafundar með bændum um starfsemi samtakanna, málefni sveitanna og komandi tíð.
Fundirnir eru öllum opnir og boðið er upp á léttar veitingar.
21. ágúst
kl. 11:00 - Hótel B59 í Borgarnesi
kl. 16:00 - Félagsheimilið Hvammstanga
kl. 20:00 - Ljósheimar í Skagafirði
22. ágúst
kl. 12:00 - Hlíðarbær í Eyjafirði
kl. 19:00 - Breiðamýri í Þingeyjarsveit
23. ágúst
kl. 12:00 - Hótel Skúlagarður í Kelduhverfi
kl. 20:00 - Barnaskólinn á Eiðum
24. ágúst
kl. 12:00 - Brunnhóll í Suðursveit
kl. 17:00 - Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri
25. ágúst
kl. 15:00 - Félagsheimilið Hvoll, Hvolsvelli
kl. 20:00 - Hótel Selfoss
30. ágúst - Vestfirðir
kl. 12:00 - Edinborgarhúsið á Ísafirði
kl. 17:30 - Félagsheimilið Patreksfirði
BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS
Nánari upplýsingar má finna á bondi.is



Bragi Halldórsson er einn fremsti krossgátuhöfundurinn hérlendis. Mynd / Una Theodór Braga.

# Leikur að orðum

## – Krossgátuhöfundurinn Bragi Halldórsson tekinn tali

**Krossgátur þekkja allir. Upphaflega komnar af því sem kallast orðaferningur, samkvæmt aldagömlum heimildum sem má m.a. finna í íslenskum handritum.**

Gengur lausnin út á að fylla ferning af orðum eftir gefnum vísbendingum en hafði eiginlegur skapari krossgátunnar, Arthur nokkur Wynne frá Bretlandi, kynnst þessum leik sem barn. Samdi hann fyrstu krossgátuna sem gefin var út þann 21. desember árið 1913. Eina fyrstu íslensku krossgátuna má finna í Morgunblaðinu frá árinu 1927, samheitakrossgátu svokallaða þar sem lausnarorðið er samheiti vísbendingarinnar. Innihélt þessi fyrsta íslenska gáta tvö dönsk orð og er því talið að fyrirmyndin hafi komið frá Danmörku.

Hérlendis líkt og annars staðar um heiminn hefur krossgátan haldið velli og vinsældum þó ekki séu þeir margir höfundarnir. Bragi Halldórsson er einn fárra krossgátuhöfunda hérlendis, enda mikill íslenskumaður og grúskari að eðlisfari. Auk krossgátugerðar heldur hann úti vefsíðu með íslensku almanaki með yfirliti yfir alla íslenska frí- og tyllidaga. Sjá má stuttar upplýsingar um hvern dag, en ef ýtt er á slóð hleðst inn frekari skýring. Geta áhugasamir hlaðið almanakinu inn í tölvuna hjá sér með leiðbeiningum á síðunni www.islensktalmanak.is

„Ég á upphaf ferilsins að þakka, ef svo má að orði komast, honum Gunnari Smára Egilssyni, einum stofnenda Fréttablaðsins.

Ég var viðloðandi Fréttablaðið frá upphafi og hafði samið þar næstum því 5.000 krossgátur þegar yfir lauk. Ég var hálffúll að hafa ekki náð heilum 5.000, þetta voru 4.800 og eitthvað. Blaðið hefði þurft að lifa í ár til viðbótar, þá hefði ég náð því,“ segir Bragi.

### *Þjálfun í knöppu formi*

Um krossgátu Fréttablaðsins sá upphaflega eldri maður sem hafði ákveðið að sínum eftirlaunaárum skyldi varið í að setja saman krossgátur fyrir aðra. Hress og kátur karl sem límdi saman og handteiknaði gátur upp á gamla mátann. Krossgátuferill Braga hófst á þann hátt að hann tók við af þessum herramanni og setti sitt handbragð á verkið. Lit- og eða ljósmyndir tóku að birtast með gátunum og þótti Bragi laginn við verkið.

„Það er samt þannig með mig að ég hef alltaf verið vinnufær, en er hins vegar óvinnustaðafær. Get helst bara sinnt sérverkefnum og tek ekki við skipunum. Enda hefur það fylgt mér í lífinu að vera þrjóskur, kannski um of á köflum. Ég sem um mitt og þá við yfirmenn á borð við ritstjóra eða forstjóra. Á sama tíma set ég engin skilyrði heldur er jafnræðis gætt í samningum.



Krossgáta.

Þessa einkennilegu gátu eiga menn að leysa á þann hátt, að skrifa einn staf í hvern hinna hvítu reita. Þessir stafir eiga að mynda orð, hvort sem lesið er þvert yfir reitina eða niður. Svörtu reitirnir takmarka orðin, og þau orð, sem hjer eiga að vera, eiga menn að finna, með tilstyrk þeirra leiðbeininga sem hjer fylgja.

Lárjett

1. Málmblendingur. 5. Konunafn. 8. Notað í húsum. 9. Hægt. 10. Menn og konur. 12. Hljóð. 13. Tími. 15. Hreyfing. 16. Danskt ættar- og trjánafn. 17. Blettur. 18. Kona. 21. Kveinstafir. 23. Góð eign. 25. Til áburðar og reiðar. 28. Pat. 30. Sjest oft auglýst í Reykjavík. 32. Bátur. 34. -vís. 35. Á líkama þínum. 37. Í húsi. 38. Órói. 39. Leiðinlegt málfæri. 41. Lögur. 44. Rjett. 45. Föt.

Lóðrjett

1. Guðfræðingur. 2. Fiskur. 3. Geta bæði verið undir- og yfir- 4. Forsetning. 5. Forsetning. 6. Óhál. 7. Mannsnafn. 9. Dvaldist. 11. Vitfirrings- 12. Oftast út við sjó. 14. Á fati. 16. Árásir. 19. Atviksorð. 20. Vilt. 22. Konunafn danskt. 24. Kauptún. 26. Óhreint. 27. Á fæti. 29. Skraf. 31. Saurga. 33. Hást. 36. Föt. 39. Ber. 40. Veikindamerki. 42. Læti (jargon). 43. Í geisla.

Hér geta áhugasamir ráðið eina fyrstu krossgátu sem birtist í blöðum hérlendis. Mynd / timarit.is/ Lesbók Morgunblaðsins árið 1927.

Þegar ég tók við krossgátugerðinni var það samkvæmt beiðni Gunnars Smára, sem var nú ekki ritstjóri, en bað mig um alls kyns furðulegustu hluti. Ég átti semsagt að setja upp myndskreytta krossgátu í knöppu formi – og er í raun ekki hægt að segja að ég hafi fengið vel borgað fyrir! Ég er nefnilega þannig gerður að ég legg svo mikið í útlit og nostur við verkið að stundum tekur það mun lengri tíma en þyrfti að gera. Svona fyrir utan það að ég er bæði les- og skrifblindur og afrita því og lími orðin. Útkoman yrði sjálfsagt stórhættuleg ef ég skrifaði staf,“ segir Bragi kíminn.

Auk Fréttablaðsins hefur Bragi víða stigið niður sem hönnuður krossgátna, til að mynda fyrir Fréttatímann á árunum 2010–2017. Vegna þess að ekki var pláss fyrir birtingu lausna í því blaði bauð Bragi upp á vefsíðuna www.krossgatur.gatur.net þar sem hægt var að finna bæði lausnirnar og krossgáturnar. Í dag hýsir því vefslóðin fjölda ókeypis gátna og lausna, sem fólk sækir sér enn til gamans þótt nýtt efni hafi ekki komið inn í nokkur ár.

### *Brennandi áhugi gegnum árin*

Hérlendis eru þeir teljandi á fingrum annarrar handar sem í dag semja krossgátur og telur Bragi sig vera með þeim yngri. Er hann undir mikilli eftirspurn enda afar vinsæll í starfi.

„Ég hef nánast verið í fullri vinnu við krossgátugerð undanfarin tíu ár,“ segir hann. „Þetta er ástríða mín að mörgu leyti. Verst er að geta ekki ráðið gáturnar sjálfur vegna blindu minnar en ég get samið þær því ég lít á krossgátu sem uppsett stærðfræðidæmi ef hægt er að útskýra það þannig.

Ég hef alla tíð haft brennandi áhuga á íslensku, alinn upp hjá ömmu minni og afa með annan fótinn. Á því heimili var mikið af gestum, ljóðskáldum og öðrum áhugasömum um íslenska tungu auk þess sem afi starfaði að nokkru sem íslenskukennari. Stóð mig vel í skóla, ef ég nennti. Þarna kom þrjóskan inn í, fékk annaðhvort tíu eða núll, þá hreif íslenskan mig sérstaklega. Sjálfur hef ég skrifað og gefið út nokkrar bækur með miklum pælingum um texta og orð enda íslenskan svo merkilegt og ríkt mál auk óþrjótandi möguleika til þess að smíða nýyrði. Sem dæmi má nefna orðið tölvu sem ég tel einu mestu snilldina; þá „tölur og völva“. Í öðrum löndum hefur fólk í fleiri tilvikum en fáum frekar kosið að taka orðið computer og aðlaga það að sínu tungumáli. Svona er íslenskan skemmtileg,“ lýkur Bragi máli sínu glaðlega.

Bragi, sem var einn fyrstu vefhönnuða landsins, minnist í kjölfarið ársins 1984, þegar fyrsta MacIntosh-tölvan kom til Íslands, en hún var öll á íslensku. „Sá sem þýddi stýrikerfið – sú þýðing á orðum hafa nær öll fest í tungumálinu. Ástæða þess er að með tölvunni fylgdi pínulítið margmiðlunarforrit þar sem útskýrt var fyrir hvað ensku orðin stæðu og því auðvelt að yfirfæra það yfir á okkar ástkæra ylhýra. Reyndar, þótt orðin að vista (save) hafi fest og afrita (copy) hafi haldið velli hefur „klippa-líma“ (cut-paste) aldrei gert það,“ segir hann íhugull.

### *Áfram gakk*

Bragi hefur alla tíð verið óþrjótandi brunnur pælinga þegar kemur að uppbyggingu orða og merkingu þeirra. Gaman er að heimsækja vefsíðu almanaksins, *(islensktalmanak.wordpress.com)* en þar má finna hugrenningar hans um jólasveinana þar sem hann hefur velt fyrir sér hvernig hægt sé, í stað þess að persónugera þá – kannast við heiti þeirra sem veðurbrigði eða annað.

Ef tekinn er sem dæmi Hurðaskellir, einnig þekktur undir nafninu Faldafeykir, má sjá að um ræðir einhvern eða eitthvað sem skellir hurðum, feykir upp pilsum og þar fram eftir götunum – og hver er líklegri til þess en vindurinn sjálfur?

Bragi glímir í dag við óútskýrðan sjúkdóm sem veldur því að hann heldur engu niðri nema rjómablandi og er því ekki samur og áður. Hann berst þó ótrauður áfram og ætlar að vinna bug á þessu ósýnilega meini enda ekki við öðru að búast af manni sem er vanur að bera höfuðið hátt undir byr þrjósku. */SP*




BÍLABÚÐ BENNA LÆKKAR VEXTI!
3.9%
ÓVERÐTRYGGÐIR FASTIR VEXTIR Á VÖLDUM NOTUÐUM BÍLUM
Opel Corsa
2016 / Bensín / Sjálfskiptur / 115 þ.km.
VERÐ: 1.290.000 KR. 1
DÆMI:
Útborgað ................. 543.450 kr.
Fjöldi greiðslna ........ 24
Greiðsla á mánuði ... 34.900 kr.
Opel Ampera-e
2020 / Rafmagn / Sjálfskiptur / 30 þ.km.
VERÐ: 4.390.000 KR. 2
DÆMI:
Útborgað ................. 1.805.743 kr.
Fjöldi greiðslna ........ 36
Greiðsla á mánuði ... 79.711 kr.
Chevrolet Spark
2016 / Bensín / Beinskiptur / 107 þ.km.
VERÐ: 750.000 KR. 3
DÆMI:
Útborgað ................. 450.000 kr.
Fjöldi greiðslna ........ 24
Greiðsla á mánuði ... 15.000 kr.
Nissan Micra Tekna
2019 / Bensín / Beinskiptur / 59 þ.km.
VERÐ: 2.490.000 KR. 4
DÆMI:
Útborgað ................. 990.000 kr.
Fjöldi greiðslna ........ 36
Greiðsla á mánuði ... 46.607 kr.
Toyota Hilux
2015 / Dísel / Beinskiptur / 126 þ.km.
VERÐ: 4.990.000 KR. 5
DÆMI:
Útborgað ................. 2.050.058 kr.
Fjöldi greiðslna ........ 36
Greiðsla á mánuði ... 90.493 kr.
SsangYong Rexton
2016 / Dísel / Sjálfskiptur / 154 þ.km.
VERÐ: 2.890.000 KR. 6
DÆMI:
Útborgað ................. 1.194.956 kr.
Fjöldi greiðslna ........ 36
Greiðsla á mánuði ... 52.755 kr.
SsangYong Korando
2018 / Dísel / Sjálfskiptur / 90 þ.km.
VERÐ: 3.290.000 KR. 7
DÆMI:
Útborgað ................. 1.357.833 kr.
Fjöldi greiðslna ........ 36
Greiðsla á mánuði ... 59.943 kr.
SsangYong Tivoli
2018 / Dísel / Sjálfskiptur / 87 þ.km.
VERÐ: 2.590.000 KR. 8
DÆMI:
Útborgað ................. 1.072.799 kr.
Fjöldi greiðslna ........ 36
Greiðsla á mánuði ... 47.364 kr.
3,9 prósent vextir. Hámarkslán fyrir einstakling 2.000.000 kr. og fyrir hjón 4.000.000 kr. og innborgun að lágmarki 39%. Lánstími allt að 36 mánuðir.
Árlegur hlutfallskostnaður/Heildarverð:
1)11,9%/1.381.060 kr. • 2)8,7%/4.675.332 kr. • 3)19,6%/809.990 kr. • 4)8,6%/4.786.482 kr. • 5)8,4%/5.307.812 kr. • 6)9,7%/3.094.134 kr. • 7)9,3%/3.515.788 kr. • 8)9,9%/2.777.895 kr.
VIÐ LÆKKUM VEXTI!
Við leggjum okkar að mörkum fyrir heimilin og bjóðum 3.9% vexti við fjármögnun á völdum notuðum bílum í takmarkaðan tíma og þú ferð áhyggjulaus til Tene.
Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl.
Nánari upplýsingar á
notadir.benni.is
Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Krókhálsi 9, Reykjavík
590 2035
Bílabúð Benna

VIÐTAL



Skógarbændurnir Björn Bjarndal Jónsson og Jóhanna Róbertsdóttir. Vegurinn endar í Kluftum í Hrunamannahreppi. Hjónin hafa komið sér upp íbúðarhúsi á fallegum stað með stórbrotnu útsýni til suðurs. Myndir /ghp



Fyrir fáeinum árum var þessi breiða svartur melur og brún rofabörð. Nú má sjá gróna brekku og móagróður er farinn að taka yfir rýrgresið. Einnig hafa birkiplöntur skotið upp kollinum.



Hugað að brunavörnum. Þar sem lengra er í ár og læki á skógræktarsvæðinu hafa hjónin komið upp tjörnum svo hægt verði að nálgast vatn í skógi framtíðarinnar. Einnig má finna klöppur á áberandi stöðum sem hægt verður að grípa í ef eldur kemur upp í gróðri.

## Skógrækt:

# Hægur hjartsláttur í fjölnytjaskógi



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

**Kyrrð og náttúrufegurð einkennir umhverfi Klufta í austanverðum Hrunamannahreppi. Þessi fyrrum eyðijörð er nú lögbýli skógarbændanna Björns Bjarndal Jónssonar og Jóhönnu Róbertsdóttur sem eru að umbreyta hluta jarðarinnar í nytjaskóg og útivistaparadís.**

Umfangsmesta ríkis- og atvinnutengda skógræktarverkefni landsins er „Skógrækt á lögbýlum“. Í því felst að skógarbóndi á lögbýli skuldbindur sig til að taka ákveðinn hluta jarðar sinnar, að lágmarki 10 hektara, til nytjaskógræktar. Þátttaka í verkefninu er háð þinglýstu samkomulagi milli bónda og Skógræktarinnar og eru í dag gildandi 700 skógræktarsamningar en undir þeim eru um 54.000 hektarar lands.

Hjónin Björn og Jóhanna hafa verið hluti af verkefninu síðan árið 2016. Þau eru á sjöunda ári framkvæmda við að koma á fót 112 hektara skógi á jörð sinni, Kluftum í Hrunamannahreppi. Björn er skógfræðingur og formaður Félags skógarbænda á Suðurlandi. Hann var lengi verkefnastjóri hjá Skógræktinni. Jóhanna starfaði sem verkefnastjóri Rauða krossins en þau hafa nú bæði lokið störfum.

„Við erum búin að planta í rétt um 80 hektara lands. Við gáfum okkur tíu ár í að gróðursetja og það gengur vel, þurfum jafnvel ekki nema níu ár til þess,“ segir Björn og þykir það nokkuð rösklega gengið til verks því samhliða gróðursetningum hafa hjónin staðið í mikilli uppgræðslu rofabarða og mela, mótað sjö kílómetra af slóðum sem munu koma til með að vera skógarstígar framtíðarinnar. Skógræktarsvæðið þeirra liggur um hvamma, brekkur og gil hvar lækjarsprænur renna víða svo hjónin hafa lagt ræsi svo aðgengi verði eins og best verður á kosið.

„Áður en við vitum af verður kominn tími á fyrstu umhirðu skógarins. Þá þarf bæði að koma með íbætur ef ræktin hefur ekki heppnast, uppkvista trén og taka tvítoppa svo þau verði góð tré til nytja,“ segir Björn. Áður en hafist var handa við umbreytingu svæðisins höfðu þau Jóhanna hannað svæðið á heildstæðan hátt og sjá þau glytta í framtíðarsýnina þó fæst tré nái einum metra í dag.

„Þú getur ekki verið í skógrækt og hugsað í dögum eða vikum. Þú verður að hugsa í árum og áratugum. Þú verður að geta séð fyrir þér hvernig skógurinn verður þegar hann er kominn upp. Þér ber skylda til að hugsa um hvað þú ert að gera því þú ert að breyta ásýnd landsins. Þess vegna má ekki hlaupa til og gróðursetja hvar sem er. Það þarf að gera áætlanir og með þeim verður framtíðarsýnin ljós.“

### *Kostnaður nær allur greiddur*

Fimm skref þarf til að hefja skógrækt á lögbýlum samkvæmt vefsíðu Skógræktarinnar. Sækja þarf um þátttöku, því næst er væntanlegt skógræktarsvæði tekið út, að því búnu er hægt að gera skógræktarsamning og í kjölfarið hefst vinna við kortlagningu ræktarsvæðisins og gerð skógræktaráætlunar. Loks er skógarbónda skylt að sækja grunnnámskeið í skógrækt áður en hafist er handa við undirbúning lands og gróðursetningu.

Skógræktarsamningurinn er þinglýstur á jarðir og því fylgja kvaðir sem skógarbóndinn þarf að standa við til að fá ríkisgreiðslurnar sem þeim fylgja, en Skógræktin greiðir allt að 97% af kostnaði við fyrir fram samþykktar framkvæmdir. Bændur fá þannig greitt fyrir jarðvinnslu, gróðursetningu, slóðagerð og áburðargjöf, Skógræktin útvegar plöntur og bændur fá greitt fyrir umhirðu ungskóga og vörslu landsins.

Björn segir að skógræktarlög á






Öll fjölskyldan tekur þátt í skógræktinni á Kluftum, bæði börn og barnabörn njóta þess að græða landið. Matthías, Anný og Edvard eru hér reiðubúin til verka með afa sínum. Mynd / Aðsend



Hér er búið að plægja fyrir plöntun trjáa á stóru svæði og gróðursetja. Hjónin eru á sjöunda ári framkvæmda við að koma á fót 112 hektara skógi.

Íslandi séu með þeim bestu sem hann þekkir til.

„Lög um nytjaskógrækt á Íslandi eru einstaklega góð, meðal annars vegna þess að hið opinbera kemur á fót ákveðnu kerfi, skyldum og kvöðum til að byggja upp skóga hér. Þannig er komið í veg fyrir að breyta ásýnd landsins hugsunarlaust, heldur eru búnar til áætlanir og reglur í kringum það svo hægt verði að segja í framtíðinni að við höfum staðið eins vel að skógræktinni og kostur er.“

Eftirlit er með þeim framkvæmdum sem skráðar eru í verkefnið og Skógræktin kemur ár hvert og tekur út skógana, athugar hvort fylgt er eftir áætlunum, könnun gerð á gróðursetningu og staðsetningum. Ef áætlunum er ekki fylgt fá bændur ekki greitt.

*Afurðir og úrvinnsla*

Hins vegar segir Björn að þar með sé ekki öll sagan sögð. „Það er fátt í íslenskum lögum sem segir þér hvernig þú átt að hugsa um skóga þangað til þú heggur þá. Þar er brotalöm. Kerfið heldur ekki utan um umhirðuþátt skóganna þegar þeir eru komnir yfir fyrsta skrefið. Ekkert sem segir þér til um hvernig standa skuli að umhirðu skógarins eftir fyrstu grisjun.“

Þó ferli frá plöntun að trjáhöggi sé langt þá þurfi þeir sem halda skóga að eiga von um að fá greitt fyrir afurðir þegar þar að kemur. „Því miður eru ekki margir kaupendur að íslensku timbri í dag og þar af leiðandi eru ekkert margir skógarbændur að standa í grisjun, þó komið sé að því.“

Björn segir að Félag skógarbænda á Suðurlandi hafi nýlega markað stefnu til framtíðar. „Við gerðum áætlun til ársins 2050 um hvernig við ætlum að standa að umhirðu, grisjun, úrvinnslu og markaðssetningu skógarafurða.“ Stefnan hefur fengið heitið „Fræ til framtíðar“ og hægt er að nálgast hana á vefsíðu félagsins, skogarbondi.is.

Björn bendir á að langan tíma muni taka að fá gæðatimbur úr íslenskum skógum, en þrátt fyrir það felist í trjánum nytjar, til að mynda sé eftirspurn eftir skógarafurðum í olíu- og fataiðnaði erlendis.

Hann segir að það liggi mikil tækifæri í að taka vel utan um afurða- og markaðsmál skógræktarinnar, enda séu í þeim mikil verðmæti utan kolefnisbindingar. „Skógurinn getur gefið svo margt annað en timbrið, sýnilegt og ósýnilegt. Auðveldast er að nefna sveppi sem dæmi um það sýnilega, sem við gætum nýtt í miklu meira mæli. Síðan er það ósýnilega sem er kannski verðmætast af öllu; upplifunin. Bara lyktin í íslenskum skógum er oft svo mögnuð að hún gæti orðið söluvara. Sjálfur hef ég haft þá ánægju að taka á móti fjölfötluðu fólki úti í skógi og aldrei fengið jafn sterk viðbrögð og þegar ég lét þau finna lykt af mismunandi trjátegundum. Þetta eru verðmæti.“

Í október nk. munu skógarbændur standa fyrir málþingi þar sem einmitt verður fjallað um matarkistu íslenskra skóga og verðmætin sem í þeim felast.

– *Framhald á næstu opnu.*



VIÐTAL


Björn lítur yfir brekku með furutrjám sem eru að ná sér á strik eftir vorhretið. Í skóginum má meðal annars finna greni, aspir og birki. Íbúðarhús hjónanna sést í fjarlægð.

### Þetta gerir skógarbóndi

Störf bænda eru fjölbreytt árið um kring. Vinnuár skógarbænda hefst strax um áramót, því þá þurfa þeir að vera búnir að ákveða hvað þeir ætla að gera það árið.

Samkvæmt skógræktaráætlun sinni leggja þeir inn beiðni til Skógræktarinnar um ákveðið magn af plöntum til gróðursetningar. Út frá því útvegar Skógræktin plöntur til handa bændum.

Fyrstu vetrarmánuðina segir Björn að sé nokkuð rólegur tími. „Ég er engu að síður í þeim hópi sem tel mikilvægt að skógarbændur sæki þau námskeið sem eru í boði. Við fæðumst ekki með vitneskjuna um skógrækt en auðveldasta og fljótlegasta leiðin til að öðlast þekkinguna er að sækja sér menntun.“

Þannig, segir Björn, sé lærdómsríkt að taka þátt í félagsstarfi skógarbænda. Þau hjón eru sjálf í einum af þremur leshópum skógarbændafélagsins þar sem m.a. er farið í heimsóknir milli bænda og þeir kynna sér starf kollegana og læra jafnvel af árangri þeirra og mistökum.

Þegar líður að vori sé mikilvægt að útvega sér allt sem til þarf í gróðursetningu, kaupa áburð og yfirfara öll tól og tæki. „Það er fátt leiðinlegra en að lenda í biluðum verkfærum fyrir gróðursetningu,“ segir Björn, enda má þá engan tíma missa því frá miðjum maí er mikið um að vera. „Við vitum það að viku af júní þá þurfum við að vera búin með gróðursetningu á öllum plöntum sem koma úr frysti. Við getum svo tekið okkur aðeins lengri tíma með bakkaplöntur og asparstiklinga.“

Þegar vorgróðursetningu lýkur tekur við girðingarvinna og viðhald slóða. „Svo skiptir miklu máli, eins og núna í júlí, að komast reglulega um og skoða trén með tilliti til sjúkdóma og plága sem geta sprottið upp,“ segir Björn. Ef svo ber undir þurfi að bregðast fljótt við, láta sérfræðinga á Mógilsá vita. „Sem betur fer höfum við verið mjög laus við plágur hingað til. Við förum vikulega, göngum um og skoðum trén. Hér getur komið upp ertuygla á greni sem er mjög hvimleitt.“

Þá er júlí einnig tími jarðvinnu. Ef undirbúa þarf svæði fyrir haustgróðursetningu þarf að koma því í verk og einnig er gott að undirbúa svæði fyrir næsta ár.

„Í ágúst taka svo haustgróðursetningar við. Um leið og við gróðursetjum gefum við áburð. Við erum komin með seinleystan áburð sem plönturætur geta legið upp við án þess að brenna og því gefum við jafnóðum.“

Eftir að öllum gróðursetningum er lokið hefst vinna við umhirðu skógarins; uppkvistun, tvítoppar teknir og millibilsjöfnun – en í því felst að lökustu trén eru tekin og magn trjáa minnkar þar. Fyrsta grisjun hefst svo um 30 ára aldurinn. „Umhirðuþátturinn er mjög mikilvægur og skógarbændur verða að gera sér grein fyrir því að um leið og maður setur niður tré þá er verkefnið ekki þar með búið. Maður þarf að passa vel upp á að það fjármagn sem ríkið leggur til nytjaskógræktar á Íslandi nýtist sem best.“

### Að njóta og nýta

Björn segir að enginn fari af stað í skógrækt í dag til þess að græða peninga, heldur til að græða upp landið. „Auðvitað geta jarðir hækkað í verði þegar á þeim er skógur en þú ert samt á öðrum forsendum. Þeir sem mennta sig í skógrækt gera það ekki til að fara í „bissness“. Þeir sem ráða sig í skógræktarvinnu spyrja ekki um laun – fólk er í þessu af hugsjón. Þannig er þetta bara.“

Hjónin segja skógræktina einnig fjölskyldufag og taka bæði börn þeirra og barnabörn virkan þátt í uppgræðslunni. „Við tökum myndir af svæðinu og biðjum þau að skoða þær eftir þrjátíu til fimmtíu ár. Þar sem áður voru rofabörð og svartir melar verður gróðursæll verðmætur skógur.“

Því ef vel gengur mun ásýnd Klufta breytast verulega næstu áratugi. Rúmlega 100 hektara skógur með blönduðum trjátegundum munu prýða landið og ofan við það mun uppgrætt land og birkikræða líðast upp yfir 300 metra hæðina. Berjamóa má finna víða. Timbur skógarins verður nýtanlegt og gnægð fæðu verður að finna, slóðarnir munu svo bjóða upp á gönguleiðir gegnum fjölbreytt skógarlandslag. „Í framtíðinni verður þetta skógur til að njóta, ekki síður en að nýta,“ segir Björn enda feli útivist í skógi í sér mikla hugarró.

Skógurinn er óárstíðarbundinn bendir Jóhanna á. „Það er alveg eins gott að fara út í skóg á veturna og á sumrin. Hann gefur þér alltaf kyrrð og friðsæld. Þegar maður kemur á svona stað þá er eins og það hægi á hjartslættinum.“


Bæjarrústir Klufta sem fór í eyði árið 1954. Þar var kýrin Huppa til 17 ára aldurs. Í forgrunni má sjá breiðu af höskollum.

## Huppa frá Kluftum

Jörðin Kluftar var lengi efsta byggða ból í Hrunamannahreppi en fór í eyði árið 1954. Saga Klufta er samofin sögu íslensku mjólkurkýrinnar, en þar ólst upp afburðakýrin Huppa. Hún fæddist þann 3. nóvember árið 1926 og lifði þar til 17 ára aldurs.

Huppa er talin vera sú kýr sem hefur haft hvað víðtækust áhrif á nautgriparækt hér á landi.

Í Morgunblaðinu á fæðingardegi Huppu árið 1976 er grein um kúna í tilefni 50 ára afmælis hennar. Þar er sagt að synir hennar hafi verið notaðir til kynbóta á nokkrum stöðum á landinu og síðar sonar- og dætrasynir. „Eftir að sæðingar nautgripa hófust og einkum eftir að djúpfrystingartæki voru tekin í þágu nautgriparæktar, hefur útbreiðsla Kluftakynsins enn aukist og má nú telja víst, að þorri íslenskra kúa eigi ætt sína að rekja að einhverju leyti til Huppu.“

Áhrifa Huppu gætir nú sem fyrr og óhætt er að segja að sem næst allar núlifandi kýr reki ættir sínar til hennar á einn eða annan hátt. Þá dregur afurða- og skýrsluhaldskerfi í nautgriparækt nafn sitt af Huppu. Jörðin Kluftar var tekin af skrá yfir eyðibýli nýlega enda hafa Björn og Jóhanna þar nú búsetu.





Hér sést nokkuð myndarleg ösp í forgrunni en í bakgrunni má sjá brekku með úrvalsbirki úr yrkinu ´Emblu´.


Þegar líða fer að vori þarf að yfirfara öll verkfæri fyrir gróðursetningu og kaupa áburð. Neðst til vinstri sést áburðurinn sem bændurnir nota; seinleyst korn sem sett eru niður undir plönturnar.


vfs.is
Milwaukee
M18 FUEL
GIRÐINGABYSSA
• FRÁBÆR KRAFTUR
• "READY TO FIRE" TÆKNI, ENGIN BIÐTÍMI
• ENGIN GASHYLKI OG ENGIN ÞÖRF Á HREINSUN
• "DRY-FIRE" LÆSING
• SKÝTUR ALLT AÐ 600 GIRÐINGARLYKKJUM MEÐ EINNI 3.0AH M18 RAFHLÖÐU
SKANNAÐU OG SKOÐAÐU NÁNAR
VERKFÆRA SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


MHG VERSLUN
Husqvarna á Íslandi
Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl
Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG
Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | Sími 544 4656 | www.mhg.is

LÍF&STARF



Viðarhitaðir heitapottar og finnsk gufa hefur verið samofin hátíðinni frá upphafi. Sólin lék við hátíðargesti á föstudeginum og var þá að vonum þéttsetið í pottunum. Mynd / Anne Laure Amayon



G! Festival fer fram í Syðrugøtu en íbúar þess eru um 500 talsins. Mynd / ghp



Mörg þúsund manns sóttu hátíðina í ár. Mynd / Marius Mada Dale



Per Martin Gregersen, sveitastjóri Eysturkommúnu, er að vonum stoltur af vinsældum G! Festival sem fer fram í júlímánuði ár hvert. Mynd / ghp

## Færeyjar:

# Gata sem iðar af lífi

**Litrík menningarstarfsemi í smærri sveitarfélögum er verðmætt aðdráttarafl. Það spilar mikilvægt efnahagslegt og félagslegt hlutverk og blæs hressandi lífi í lítil samfélög.**

Tónlistarhátíðin G! Festival í Götu í Færeyjum hefur farið vaxandi á undanförnum árum og er nú meðal stærstu hátíða þar í landi. Per Martin Gregersen er sveitarstjóri Eysturkommúnu, hvar Gata er staðsett. Hann segir menningarhátíðina vera grundvallarviðburð fyrir þetta litla bæjarfélag. „G! Festival er okkar þjóðhátíð, í gamla daga vorum við með minni hátíðir en hún dró ekki að gesti utan bæjarins. Þessi hátíð hefur hins vegar dregið til sín fólk alls staðar af frá Færeyjum og einnig erlenda gesti, sem geta þá komið hingað og notið náttúrufegurðarinnar og menningarinnar. Svæðið er fullkomið fyrir hátíð af þessari stærðargráðu. Hátíðin vekur jafnan jákvæða athygli á sveitarfélaginu og er því mikilvægur kynningarvettvangur fyrir svæðið.“

### *Framsækið samfélag*

Per Martin var aðeins þrítugur þegar hann var kjörinn sveitarstjóri þessa fjórða stærsta sveitarfélags Færeyja sem telur um 2.300 íbúa. Hann er uppalinn í bænum og vill ekki neins staðar annars staðar búa. Meginatvinnuvegur bæjarfélaganna er sjávarútvegur, en eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins er með framleiðslu í sveitarfélaginu. Þá segir Per Martin að staðsetning þess sé hentug fyrir fólk sem starfar annars staðar, þannig sé stutt að sækja vinnu til höfuðborgarinnar.

„Ég er fæddur og uppalinn hér og hef alltaf verið hér og bærinn stendur nærri hjarta mínu.

Það er reyndar tilfellið með fólk frá Götu, svo virðist sem það vilji alltaf flytja til baka. Hér er huggulegt andrúmsloft, þetta er mjög framsækið samfélag, nýsköpun og ný fyrirtæki eru velkomin hingað,“ segir hann, enda hefur íbúum sveitarfélagsins fjölgað statt og stöðugt síðustu ár.

Upphaf G! Festivals má rekja til upphaf aldarinnar, en færeyskir tónlistarmenn komu henni á fót eftir að hafa hafa tekið þátt í Iceland Airwaves hér á landi.

„Þeir byggðu lítið svið hér á ströndinni og buðu færeyskum tónlistarmönnum að spila. Nokkrum árum síðar voru alþjóðlegir listamenn farnir að mæta og hátíðin sprakk út,“ segir Per Martin. Gegnum árin hefur hátíðin svo vaxið, hún er einkar vinsæl meðal heimamanna og erlendum gestum fjölgar ár frá ári. Uppistaða listamanna hátíðarinnar eru innlendir og er hún því mikilvægur stökkpallur fyrir færeyskt tónlistarlíf. Meðal innlendra flytjenda var Eivör, rapphljómsveitin RSP, Byrta var með endurkomu og Sakaris, sem hér er búsettur, fór á kostum. Þá mátti stíga færeyskan dans, hlýða á kvennakór og innlenda þjóðlagatónlist og tilraunagjörninga listamanna. Íslenskir flytjendur tróðu líka upp, þar á meðal Bríet, Axel Flóvent og Árstíðir.

Samofin hátíðinni er svo rammfinnsk gufuhefð með viðarhituðum heitapottum á ströndinni. Per Martin segir að finnskur maður hefði verið á staðnum með fargufu á einni af fyrstu hátíðunum og einhverra hluta vegna varð sú dægradvöl fastur liður. Sjá mátti tugi hátíðagesta njóta sín á ströndinni, jafnvel undir dynjandi tónlist á sviðinu steinsnar þar frá. */ghp*



Matarlykt lá í loftinu þegar sjávarútvegsfyrirtæki staðarins bauð upp á heimatilbúna máltíð úr færeyskum hráefnum. Mynd / Alessio Mesiano




Husqvarna®
HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Þjónustuverkstæði og varahlutir
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm
Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max
Husqvarna K770 14” Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata
Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg
Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is


#HVANNEYRARHATID
NÁNAR Á FACEBOOK
HVANNEYRAR-HÁTÍÐ
12.ágúst KL.13-17
VERIÐ VELKOMIN AÐ NJÓTA MEÐ OKKUR Á HVANNEYRI - LANDBÚNAÐARSAFN ÍSLANDS | ULLARSELIÐ | FERGUSONFÉLAGIÐ | FRÚARGARÐURINN | SÖGULEGAR BYGGINGAR | VÍSINDAHORN FYRIR BÖRN | MARKAÐUR Í HALLDÓRSFJÓSI | ANDLITSMÁLUN TÓNLIST Í HVANNEYRARKIRKJU | LEIKIR OG SPRELL | AKSTURSLEIKNI Á DRÁTTARVÉLUM | OPIÐ FJÓS | OFL. OFL

VIÐTAL

## Múlaþing:

# „Voðalega pirrandi dýr“

## – Mæðgur laumuðu geitum í bústofninn meðan bóndinn var á sjó



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Geiturnar Gæfa, Heiðdís og Skeggi, sem er þó ekki lengur í tölu lifenda en var faðir Refsmýrarkiðlinganna í ár. Myndir / AKBJ

**Á Refsmýri í Fellum, Fljótsdalshéraði, er stundaður býsna litríkur búskapur en geitur eru nýjasta viðbótin og stendur til að gera veg þeirra meiri.**

Þarna búa hjónin Agnes Klara Ben Jónsdóttir og Björgólfur Jónsson ásamt dóttur sinni, Glódísi Teklu, fimm ára, og senn er von á nýjum fjölskyldumeðlim í heiminn. Agnes og Björgólfur eru bæði fædd og uppalin á Stöðvarfirði en fluttu árið 2014 til Egilsstaða, og um tíma Svíþjóðar, en keyptu Refsmýri árið 2020.

Hann er sjómaður og vinnur fulla vinnu á sjó með búskapnum en hún menntuð í lögreglufræði og hefur verið að taka ýmsan starfa að sér með búskapnum, þar sem Björgólfur er ekki heima nema um það bil hálft árið í heildina. Agnes hefur auk þess verið í hundarækt í rúman áratug. „Því miður sér maður ekki að það verði hægt að lifa af búskap neitt á næstunni meðan hlutirnir halda áfram að þróast eins og þeir hafa gert þessi þrjú ár síðan við keyptum,“ segir hún og á þar við alræmda afkomuerfiðleika íslenskra bænda.

Refsmýringar hafa verið í heyönnum og þótt jörðin sé ekki stór þarf að heyja vetrarforða fyrir skepnurnar og kennir þar ýmissa grasa: „Við erum með um 350 kindur, þrjár merar og þrjár geitur en þær verða fleiri í haust þar sem við höldum nú huðnunni sem fæddist og eigum eftir að fá okkur nýjan hafur fyrir stofninn,“ upplýsir Agnes og heldur áfram: „Hér eru líka einhver 20-30 hænsn þar sem ég ungaði út í vor og við eigum eftir að kyngreina þá viðbót og sjá hvað verða margar hænur hjá okkur eftir það. Einnig erum við með þrjár tegundir af hundum.“

### *Kiðlingarnir eru eins og gæludýr*

Fjölskyldan elskar dýr og samvistir við þau. Nágrannahjón og bændur í Fellum, Heiðveig Agnes og Helgi Hjálmar á Setbergi, höfðu ítrekað hvatt til að Refsmýrarfólk tæki hjá þeim geitur en Björgólfur þrjóskaðist við. Næst þegar hann fór á sjó notuðu mæðgurnar tækifærið og sóttu sér geitur í Setberg. Björgólfur spurði við heimkomu hvað yrði þá næst komið í húsin þegar hann kæmi heim eftir sjóferð og sú stutta fimm ára svaraði að bragði: „Kannski kengúrur!“

„Síðan þá hafa geiturnar verið hjá okkur og Björgólfur tuðað mismikið yfir þeim en samt geri ég ekki annað en að ná myndum af honum vera að knúsast í henni Gæfu, að greiða á henni hökutoppinn og ég veit ekki hvað,“ segir Agnes hlæjandi. „Þegar ég fór að tala um að gera almennilegt svæði fyrir þær og benti á neðsta hornið í fjárhúsunum, sagði hann: „Já, það væri nú alveg hægt að hafa einhverjar tíu geitur þarna.“ Svo hann er ekki svo ósáttur við þær. Ef þið spyrjið hann eru þetta voðalega pirrandi dýr en svo fer hann að tala um hvað geiturnar séu nú skemmtilegar inn á milli!“ segir Agnes, létt í tali.

Hún segist sjá mikinn mun á kiðlingum og lömbum. „Kiðlingar eru meira eins og gæludýr. Meðan flest lömb eru ekkert spennt fyrir klappi eða að láta elta sig, elta kiðin mann út um allt.“ Geiturnar séu þó misjafnar.

„Dóra vill t.d. ekkert með klór eða klapp hafa en Heiðdís er aðeins forvitnari. Hún er dóttir Gæfu sem elskar allt klapp og klór. Kiðið hennar Gæfu, hann Geitungur, mætti t.d. oft inn á kaffistofu til okkar í sauðburði og reyndi að troða sér alls staðar þar sem við, og sérstaklega Glódís, vorum. Þau hlupu í eltingarleik allan ganginn í fjárhúsunum ásamt því að hún var á hjóli og hann hlaupandi á eftir henni.“

Til stendur að fjölga geitunum á komandi árum og nýta kjötið til heimabrúks.

### *Litli dýrahvíslarinn*

Áður hefur verið minnst á Glódísi Teklu, fimm ára heimasætu á Refsmýri. Hún hefur alveg sérstaka tengingu við dýr og hefur verið kölluð „dýrahvíslari“ þótt ung sé að árum. Hún hefur verið innan um hunda og hvolpa frá öndverðu og er sögð hafa einstakt lag á öllum skepnum.

„Hún Glódís er ótrúlegt barn þótt við segjum sjálf frá,“ segir móðirin stolt. „Hún er hlédræg, róleg og mjög þroskuð, með rosalega tenginu við dýr.“ Hún eigi t.d. yndislegt samband við féð sitt. „Hún gerir gemsana gæfa eins og ekkert sé, beint af fjalli. Hún labbar í hrútahólfinu og þeir flykkjast að henni í klapp og dekur. Kindin Gæla kemur heim að bæ um það bil annan hvern dag til að heilsa upp á Glódísi og fá smá brauðskorpu. Það er yndislegt að horfa á hana dröslast um, kró eftir kró, innan um allar kindurnar og hvernig hún laðar þær að sér. Hún hikar líka ekki orðið við að skamma þær sem eru óþekkar og sama með hundana. Hún er ljúf og góð en setur dýrunum samt líka mörk sem er fyndið að sjá barn sem er að verða fimm ára gera. Hún er einnig að byrja í hestunum og hún er svo slök á baki Mánadísar að hún geispar á baki.“

Merarnar Mánadís, Heilladís og Grádís eru allar í miklu uppáhaldi en tvær þær síðarnefndu eru tveggja vetra gömul tryppi, gæfar og mannelskar, og stendur til að setja þær í tamningu. „Við erum að fara að fá okkur fleiri tamda hesta svo fjölskyldan geti farið að njóta saman á baki. Því verður bara fjölgun á dýrum hér frekar en hitt,“ hnýtir hún við.

Agnes kveður dýrin á bænum



Það er sannarlega líflegt á Refsmýri og geiturnar sjá ekki hvað síst um að halda uppi fjörinu ásamt heimalningunum Höskuldi og Þröskuldi.

## Íslenska geitin *(Capra hirsus)*

- Íslenski geitastofninn er landnámsstofn án þekktra utanaðkomandi áhrifa.



- Íslenska geitin hefur strý og fiðu. Hún er ýmist hyrnd, kollótt eða hníflótt. Dindill er stuttur og loðinn. Neðan á kjálkanum er hártoppur eða skegg. Gæran er nefnd staka.
- Geitur voru algengar hér á landi fyrstu árhundruð byggðar en fækkaði eftir 1200.
- Geitur voru stundum nefndar kýr fátæka mannsins því þær gátu lifað á rýru landi og þurftu kjarnminna hey. Einnig vegna nytja, svo sem mjólkur- og kjöts, fiðu, skinna, horna og fitu.
- Íslenska geitin er flokkuð sem dýr í útrýmingarhættu. 4.200 vetrarfóðruð kvendýr þurfa að vera í stofninum til að svo sé ekki. Stofninn hefur á stundum farið undir 100 dýr en allt upp undir 3.000 dýr framan af tuttugustu öldinni. Um 1.700 geitur eru nú á Íslandi.
- Um 1965 var farið að veita stofnverndarstyrk fyrir vetrarfóðraðar, skýrslufærðar geitur.
- Söguleg þróun stofnsins hefur verið tekin saman og Erfðanefnd landbúnaðarins stutt við bakið á því verkefni.
- Stefnt er að því að ná heildar stofnstærð upp fyrir hættumörk og tryggja lágmarksfjölda dýra til lengri tíma. Jafnframt á að draga úr skyldleikarækt innan stofnsins.
- Í verndaráætlun fyrir íslenska geitastofninn er sett fram það markmið að nýta geitastofninn með markvissari hætti svo hann öðlist hlutverk sem framleiðslukyn. Jafnframt að geitfjárræktendur standi jafnfætis öðrum bændum varðandi styrkjakerfi í landbúnaði og þjónustu fagaðila.
- Geitfjárræktarfélag Íslands var stofnað árið 1991. Markmið þess er að stuðla að verndun íslensku geitarinnar og markaðssetningu geitaafurða.
- Heiðrún er kerfi frá árinu 2016 sem heldur utan um skýrslur geitfjárræktar. Þannig er m.a. ætternisupplýsingum geita haldið til haga.
- Nú til dags eru nytjar af íslenskum geitum kjöt, mjólkurvörur, snyrtivörur og ull, en í litlu mæli.
- Engin íslensk afurðastöð kaupir geitakjöt enn sem komið er. Geitabændur annast því slátrun og afurðasölu sína sjálfir.



Á Refsmýri í Fellum eru, auk hunda, sauðfé, geitur, hestar og hænur. Einnig er stunduð skógrækt á jörðinni. Agnes Klara Ben Jónsdóttir heldur hér á Samoyed-hvolpum úr hundaræktun sinni og fá þeir reglulega bað og blástur.



Fimm ára heimasætan Glódís Tekla fylgir sínum dýrum gegnum þykkt og þunnt. Hér er hún, heldur betur verkleg, í sauðburði.

öll skemmtilega ólík, hvert á sinn hátt, og þau geri lífið í sveitinni krefjandi og skemmtilegt.

„Við erum að vinna í að gera almennilega baðaðstöðu og svæði fyrir hundana núna eftir heyskap. Ætli fæðingarorlofið hjá Björgólfi fari ekki bara í það ásamt öðrum sveitaverkum,“ segir hún brosmild.

„Einnig höfum við verið með tvo heimalninga; Höskuld í fyrra og í ár er það hann Þröskuldur. Þeir hafa báðir talið sig vera hunda og taka, ásamt hundunum, fagnandi á móti okkur þegar við komum í hlað. Félagarnir hafa fengið mikla athygli á samfélagsmiðlum hjá mér og þar sem ég er með marga erlenda ræktendur á mínum miðlum þá hafa allir mjög gaman af því hvað lífið hjá okkur er frábrugðið þeirra lífi.“ Finna má þá miðla undir nafninu nordurdals á Instagram og Facebook.

***Bað og blástur í sveitinni***

Þá er einmitt komið að því að spyrjast fyrir um hundaræktunina. Þau hafa flutt inn flesta hunda sína, m.a. frá Hollandi, Rússlandi, Svíþjóð, Serbíu og Frakklandi. „Við erum með þrjár tegundir; Samoyed, Pomeranian og franskan bolabít. Við höfum ræktað Samoyed í ellefu ár og verður elsta gotið okkar því ellefu ára í haust. Samoyed er yndisleg fjölskyldutegund sem er ekki bara falleg heldur með yfirvegað og gott skap,“ segir Agnes og bætir við að þau hafi mest sýnt Samoyed en hinar tegundirnar minna. Þau eru að sögn einu skráðu ræktendur að Samoyed-hundum á landinu.

„Við erum með margfalda sýningameistara og löngu búin að missa yfirsýn yfir það,“ segir hún enn fremur. „Fyrst og fremst eru þau samt skítugir hundar sem eru hvítir og sveitahundar. Svo að bað og blástur er mjög reglulega í gangi hjá okkur!

Við förum á, má segja, allar sýningar sem eru fyrir sunnan og gengur oftast ljómandi vel en aðallega erum við að fara fyrir félagsskapinn og hafa gaman með hundunum okkar. Við eigum síðan von á einum gullmola á næstu mánuðum, frá Kanada, en hann hefur verið í Hollandi í að verða ár, á sýningum,“ segir hún.

Á þessum hásumartíma, þegar annríki er í bústörfum og flestir leika við hvern sinn fingur í sumarblíðunni, segir Agnes sveitina yndislega. „Friðsældin og náttúran heilla mann algjörlega. Ég veit ekkert betra en að horfa yfir sveitina mína og drekka inn fegurðina. Okkur langar allavega ekkert að fara, enda er þetta það besta sem við gerðum fyrir dóttur okkar sem hænir öll dýr umsvifalaust að sér. Það er svo fallegt að sjá samband hennar við öll dýrin. Ég gæti því ekki hugsað mér að búa öðruvísi í dag,“ segir Agnes að lokum.


# Beint frá býli dagurinn um land allt

BEINT FRÁ BÝLI

**Viðburðir í tilefni 15 ára afmælis félagsins 20. ágúst kl. 13-17**

**Vesturland:** Háafell geitfjársetur, Hvítársíðu
**Vestfirðir:** Brjánslækur, Barðaströnd
**Norðurland vestra:** Stórhóll, Skagafirði
**Norðurland eystra:** Holtsel, Eyjafjarðarsveit
**Austurland:** Lynghóll, Skriðdal
**Suðurland:** Efstidalur II, Bláskógabyggð

Verið velkomin að njóta þess sem býlið sem hátíðin er haldin á hefur uppá að bjóða og kynnist framleiðendum svæðisins sem verða á staðnum með vörur sínar. Fjölbreytt dagskrá. Nánari upplýsingar á www.beintfrabyli.is.

*Samstarfsaðilar:*

Samtök smáframleiðenda matvæla
SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI
Vestfjarðastofa
SSNV
SSNE
AUSTURBRÚ
SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Sveinn Sigurðsson og Þórey Richardt Úlfsdóttir stofnuðu Smiðjuna ásamt vini sínum, Vigfúsi Þór Hróbjartssyni. Síðar bættist annar Vigfús í eigendahópinn.




Smiðjan er staðsett í hringiðu ferðamannastraumsins í Vík í Mýrdal. Hér má sjá brugghúsið að utan á snjóþungum vetri.

## Handverksbrugghúsin á Íslandi:

# Perlan í alfaraleið

Höskuldur og Stefán
hoskuldur@bondi.is

**Í undanförnum tölublöðum Bændablaðsins hafa birst pistlar um íslensk brugghús. Rétt er að benda á að athugasemdum má gjarnan koma á framfæri við greinarhöfunda ef einhverjar eru. En nú er komið að Smiðjunni, brugghúsi og veitingastað í Vík í Mýrdal.**

Vík í Mýrdal er einn af þessum stöðum sem lætur ekki mikið yfir sér í fyrstu en þegar betur er að gáð leynast þar ýmsar perlur. Vík er syðsta sjávarþorp landsins og það eina sem hefur enga almennilega hafnaraðstöðu. Vegna staðsetningar sinnar og mikillar náttúrufegurðar í umhverfi Víkur hefur bærinn orðið vinsæll áningarstaður ferðamanna og líklega hefur Katla, Netflix-þáttaröð Baltasars Kormáks lítið dregið úr áhuganum.

Ferðamannastraumnum hefur fylgt ýmislegt túristalegt en þó eru þar ýmsar perlur sem teldust jafnvel faldar. Ef að meginstraums ferðamannakaffihús henta ekki er hægt að finna frábæra litla skólarútu þar sem kaffibrennslan Skool Beans er rekin. Þar er nýbrennt og malað handverkskaffi afgreitt út um baklúguna á gömlum amerískum skólabíl og fullvaxnir greinarhöfundar geta ekki alveg staðið uppi.

### *Heimabrugg tók völdin*

En handverkskaffið er ekki eina matarhandverkið í Vík, því þar er líka Smiðjan, handverksbrugghús og veitingastaður en það er umfjöllunarefni þessarar greinar.

Þórey Richardt Úlfsdóttir og Sveinn Sigurðsson voru samstillt par þegar kom að matar- og vínáhuga. Hún er frá Egilsstöðum en hann frá Hvolsvelli. Eftir að hafa klárað viðskiptafræði í HR þar sem lokaverkefni Sveins var verkefni tengt Ölvisholti ákváðu þau að halda til náms í Danmörku 2014 þar sem Sveinn lagði stund á vörumerkjastjórnun við CBS. Í Danaveldi tók heimabruggið völdin, Sveinn gerðist bjórbloggari og flestum verkefnum í skólanum var snúið upp í bjór.




Kunnasta framleiðsla Smiðjunnar er líklega Haltá ketti, margþurrhumlaður IPA bjór.

Svo gerðist það að vinur þeirra, Vigfús Þór Hróbjartsson, fékk Bjór, umhverfis jörðina á 120 tegundum, sem deilir höfundum með þessum greinarflokki, í jólagjöf og hafði samband og spurði hvort þau ættu ekki að stofna brugghús í Vík. Þá hafði Sveinn verið nýbúinn að skila inn viðskiptaáætlun fyrir lítið brugghús á Fjóni, sendi vini sínum áætlunina og sagði í gamni að hann skyldi bara þýða hana yfir á íslensku. Þegar Vigfús Þór sendi þeim teikningar 2 dögum síðar þar sem hann hafði breytt gömlu sláturhúsi í Vík í brugghús, veitingastað og hótel, varð ljóst að ekki var aftur snúið.



Smiðjan hefur vaxið úr því að vera lítið ástríðuverkefni í rúmlega 20 manna vinnustað.

Vorið 2018 opnaði Smiðjan og síðan þá hefur stöðugur straumur legið þangað í mat og drykk. Fljótlega bættist annar Vigfús í eigendahópinn en báðir Vigfúsarnir eru frá Vík meðan Þórey og Sveinn eru núna sest að í Vík og standa saman að daglegum rekstri Smiðjunnar. Allt þetta hefur vaxið úr því að vera lítið ástríðuverkefni í rúmlega 20 manna vinnustað sem er í stækkun og fram undan er að byggja bjórböð, líkt og notið hafa mikilla vinsælda.

### *Kveikur sem fólk elskar og hatar*

Kunnasta framleiðsla Smiðjunnar er líklega Haltá ketti, margþurrhumlaður IPA bjór með mjólkursykri og gerjaður með norsku sveitageri kölluðu kveik, sem þýðir einfaldlega ger á flestum þeim mállýskum þar sem þetta var notað í Noregi. Kveik gerið gerjar bjórinn oft hratt og harkalega og er hann þar af leiðandi tilbúinn fyrr og kemur gerið með ýmis ávaxtakenndari brögð en hefðbundið ger.

Óvísindaleg könnun greinarhöfunda sýndi að fólk skiptist í tvo hópa, fólk sem elskar kveik og fólk sem hatar kveik. Fáir eru þarna á milli.

Wet all day IPA bjórinn er annar sem notið hefur töluverðra vinsælda og hefðbundnari session IPA bjór. (Session bjór er alla jafna vægari í áfengisprósentu en reglubundna útgáfan). Söluhæsti bjórinn þeirra í Vínbúðinni í fyrra var þó Haltá Jólaketti, en varla þarf að útskýra orðagrínið frekar.

### *Bjart fram undan*

Unnendur handverksbjóra hafa væntanlega tekið eftir því að hönnunin á Smiðju bjórunum er nokkuð einkennandi, þó hún sé ekki beinlínis alltaf eins. Þar gætir áhrifa listamannsins Bobby Breiðholt sem hefur verið sá sem hannað hefur flestar umbúðirnar fyrir brugghúsið upp á síðkastið. Tengingarnar voru þannig að fjölskylda herra Breiðholts var með hús á Vík og þegar hann bað þau um að gera mat fyrir brúðkaupið sitt varð úr að hann tók að sér hönnunina fyrir fyrirtækið og hefur hann séð um hana að mestu leyti síðan.

Þrátt fyrir þessi sterku einkenni á dósunum er kannski samt það sem einkennir þetta brugghús að Vínbúðin er ekki þeirra stærsti útsölustaður, heldur er það veitingastaðurinn þeirra í Vík. Lauslega má áætla að um 90% af framleiðslunni sé til heimanota og voru eigendurnir oft í stökustu vandræðum að manna bjórkranana 10 með eigin framleiðsluvörum. Gekk það svo langt að frá júní til september 2022 seldi Smiðjan ekkert til Vínbúðarinnar en hafði þó ekki undan að framleiða upp í staðareftirspurn. Hefur það leitt til stækkunar brugghússins sem verið er að leggja lokahönd á en gerjunarrýmið er að fara úr um 8.000 lítrum í 28.000 lítra sem segja má að þýði lauslega um 280–300 þúsund lítra árlega framleiðslugetu. Sem er kannski eins gott því Smiðjan var fyrsta smábrugghúsið til að tryggja sér leyfi til að selja handverksbjórinn beint af framleiðslustað þegar lögum var breytt vorið 2022.

Það er ljóst að það er bjart fram undan í Vík þegar kemur að bjór og ljóst að Smiðjan er varla falin perla mikið lengur, heldur orðið að raunverulegu aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Það þurfti engan Baltasar Kormák til þess.




VINNUPALLAR EHF
- ÖRUGGAR LAUSNIR -
Samvinna – Samstaða
Vinnupallar • Vagnhöfða 7 • s. 787 9933 • vpallar.is • vpallar@vpallar.is


Þarft þú að láta bora??
Heitt vatn??
Kalt vatn??
Varmaskiptir??
Við hjá Finni ehf. búum yfir tækjakosti af allra nýjustu gerð.
Við borum niður allt að 500 metrum með beltabor sem auðvelt er að koma á torfæra staði.
Fyrir frekari upplýsingar, sendið á bor@finnurehf eða hringið í síma 897-1490
FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA

LÍF & STARF

# Vann gamlan Land Rover

## – Ætlar að mæta á honum á næstu sumarhátíð Íslandrover

**Guðmundur Líndal Pálsson vann fyrsta vinninginn í happdrætti á sumarhátíð Íslandrover í Árbliki í Dalabyggð um síðustu helgi, sem var Land Rover frá 1962.**

Sjálfur átti Guðmundur Land Rover, mjög sambærilegan þeim sem hann vann á dögunum, en seldi fyrir nokkrum árum. Hann hefur séð eftir þeirri sölu alla tíð og er því himinlifandi að vera kominn með annan í hendurnar. „Ég sel þennan bíl ekki frá mér, eins og ég gerði með hinn,“ segir Guðmundur. Hann er búsettur nokkra kílómetra frá mótsstaðnum og átti því auðvelt með að koma fengnum heim.

### *Keypti 36 miða*

„Ég keypti svolítið marga miða – ég skal viðurkenna það,“ segir Guðmundur, en hann og fjölskyldan festu kaup á 36 miðum. Hann gerði sér engar vonir um að hreppa vinninginn, enda versluðu flestir mótsgestir nokkra miða, og sumir mjög marga, þar sem verðið var einungis þúsund krónur. Fólki var frjálst að kaupa eins marga miða og það vildi. Eina skilyrðið var að viðkomandi væri á staðnum og tæki strax við bílnum eftir útdrátt.

„Það er alveg dýrðlegt að keyra þetta – maður fer svo langt aftur í tímann. Maður sest inn og það kemur einhver sérstök lykt sem er alltaf í Land Rover,“ segir Guðmundur. Hljóðið frá vélinni minnir á gamlar Massey Ferguson dráttarvélar og ekki kemur til greina að flýta sér, enda komast bílarnir ekki mikið hraðar en 70–80 kílómetra á klukkustund.„Ég hef gaman af því að keyra um á svona gömlum bílum. Það er flott að vera á þessu hérna innan sveitar og skrölta á þessu í vinnu eða búðina. Það er alltaf tekið eftir manni,“ segir Guðmundur. Hann er vélvirki og starfar sem verkstjóri hjá Vegagerðinni í Búðardal.

Núna telur Land Rover-safn Guðmundar þrjá bíla, en fyrir á hann Land Rover Discovery frá 1998 og Range Rover frá 1972. „Nú get ég valið bíl eftir því í hvernig skapi maður er,“ segir Guðmundur.

### *Í nokkuð góðu standi*

Þótt bifreiðin sé rúmlega sextug, þá er hún í nokkuð góðu standi, þar sem Land Rover-feðgarnir frá Akureyri, Óttar Ingason og Hrannar Ingi Óttarsson, voru búnir að lappa talsvert upp á hann. Helst má nefna að þeir skiptu um hvalbak og fóru yfir bremsur og rafkerfi.



Land Roverinn er í mjög góðu standi miðað við að vera rúmlega sextugur. Hvalbakurinn er til að mynda laus við ryð. Mynd / ÁL



Guðmundur Líndal Pálsson og Ingibjörg Anna Björnsdóttir, frá Efri-Hundadal, eru nýir eigendur gamals Land Rover. Mynd / Ingibjörg Gunnlaugsdóttir

Guðmundur vonast því til að geta komið bílnum í gegnum skoðun fyrir lok sumars. Það helsta sem þarf að gera er að sjóða í eða skipta um aftasta hlutann af grindinni, sem er illa farin af ryði. „Ég myndi allavega ekki hengja kerru aftan í þetta. Hún myndi vera fljót að yfirgefa þig,“ segir Guðmundur og hlær.

Guðmundur hefur ekki getað keyrt bílinn mikið, þar sem hann glímir við meiðsl á fæti og á erfitt með að beita þungri kúplingunni. Hann tók þó smá rúnt við mótsvæðið og segir Guðmundur bílinn vera afar góðan og að hann hafi ekki fundið alvarlegt slit í fljótu bragði.

Guðmundur og sonur hans festu spotta við bílinn til að koma honum heim, þó hann gæti keyrt á eigin vélarafli. Ekki var um langan veg að fara, en Guðmundur og fjölskylda búa í Efri-Hundadal, sem er skammt frá Árbliki.

### *Klár fyrir næsta mót*

Guðmundur segist ætla að mála bílinn, en hann glímir við þá togstreitu að þurfa að velja réttan lit. Upphaflega var bíllinn blár og það sé ákveðin sjarmi í að gera bílinn eins upprunalegan og hægt er. Hins vegar finnst honum dökkgrænn mun flottari. Fjölskyldan mun þurfa að komast að niðurstöðu fyrr en síðar, enda hefur Guðmundur sett stefnuna á að gera bílinn mjög góðan í vetur og keyra á honum á sumarhátíð Íslandrover á næsta ári.

Guðmundur hefur alla tíð verið mikill áhugamaður um Land Rover, en hann er alinn upp á sveitaheimili og kynntist hann bílategundinni í gegnum foreldra sína. Hann hefur verið félagi í Íslandrover frá því nokkrum árum eftir að klúbburinn var stofnaður fyrir 20 árum. Enn fremur hefur Guðmundur reynt að mæta á allar sumarhátíðir Íslandrover, þar sem félagsskapurinn sé sérlega skemmtilegur.

Guðmundur segir að þetta sé mikið fjölskyldusport. Foreldrar hans búa á bæjartorfunni og er hann oft að hjálpa föður sínum með viðgerðir á gömlum Range Rover-bílum. „Svo er ég búinn að smita öll börnin, þau eru orðin vitlaus í þetta – vilja öll fá að keyra gamla bílinn. Konan var líka furðu ánægð að ég skuli hafa unnið þetta, þó þetta kostaði meiri vinnu.“

### *Auðvelt að fá varahluti*

„Ég mæli með því að allir sem eiga svona bíla upp til sveita reyni að koma þeim á götuna,“ segir Guðmundur. Það sé óþarfi að henda þessum bílum þó þeir séu orðnir lélegir, enda auðvelt að fá varahluti á góðu verði og þetta þurfi ekki að vera dýrt áhugamál. */ÁL*


Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is


# Beint frá býli boðar fögnuð

**Félagasamtökin Beint frá býli (BFB) standa fyrir fögnuði þann 20. ágúst næstkomandi í tilefni 15 ára afmælis félagsins.**

Afmælishátíðin verður haldin á sex stöðum á landinu með ólíku sniði eftir aðstæðum. Verkefnisstjóri þeirra er Oddný Anna Björnsdóttir framkvæmdastjóri. „Tilgangur afmælishátíðanna er að vekja athygli á hugmyndafræði beint frá býli og þeim heimavinnsluaðilum sem eru í slíkri starfsemi hér á landi og eru í félaginu.“ Gestgjafarnir eru Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir á Háafelli í Hvítársíðu fyrir Vesturland, Halldóra Ragnarsdóttir og Jóhann Pétur Ágústsson á Brjánslæk á Barðaströnd fyrir Vestfirði, Sigrún Helga Indriðadóttir á Stórhóli í Skagafirði á Norðurlandi vestra, Arna Mjöll Guðmundsdóttir og Fjóla Kim Björnsdóttir í Holtaseli í Eyjafjarðarsveit fyrir Norðurland eystra, Þorbjörg Ásbjörnsdóttir á Lynghóli í Skriðdal fyrir Austurland og Sölvi Arnarsson og Ísak Eyfjörð í Efstadal II í Bláskógabyggð fyrir Suðurland.

Gestir kynnast lögbýli þar sem starfsemi beint frá býli fer fram og geta notið þess sem þar er boðið upp á, ásamt ýmsu fleiru í tilefni dagsins. Félagsmenn landshlutans munu mæta til að kynna og selja sínar vörur. Viðburðurinn fer fram milli kl. 13–17 og er haldinn í samstarfi við landshlutasamtök hvers landshluta og markaðsstofu Vestfjarða. Nánari upplýsingar má nálgast á vef Beint frá býli og á samfélagsmiðlum */ghp*




HUSQVARNA GÓLFSLÍPIVÉLAR,
RYKSUGUR, VATNSSUGUR OG SLÍPIVERKFÆRI
Husqvarna
Wendel
Stofnað 1957
Tangarhöfða 1
110 Reykjavík
S: 551 5464
wendel.is
A.WENDEL ER UMBOÐSAÐILI HUSQVARNA Á ÍSLANDI
fyrir slípivélar, ryksugur, vatnssugur og slípiverkfæri


Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá
fræjum til
afurða
Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir



Sláturgerð hefur tíðkast frá alda öðli en fólk hefur sterkar skoðanir á hvort ásættanlegt sé að nota gervivambir eður ei. Mynd / Skjáskot

## Sláturgerð:

# Neytandinn saknar vélindiskeppsins

**Enn eru margir sem vilja vambir í sláturgerð en finnst þær orðnar klénar og erfitt að vinna með.**

Guðrún Helga Jónsdóttir, 74 ára gamall íbúi í Kópavogi, hafði samband við blaðið og hvatti til eftirgrennslana um hverju sætti að í sláturtíðinni undanfarin 6–8 ár hafi ekki fengist almennilegar vambir til að sauma úr sæmilega stóra keppi. Slitrurnar sem hafi verið í boði nægi í mesta lagi utan um 200 g keppi og enga vélindiskeppi (skammkeppi) að hafa lengur.

„Ég tek slátur og hef gert alla tíð síðan ég var 22 ára og finnst þetta dásamlega góður matur. Undanfarin ár hefur versnað æ meira með vambirnar. Þær eru ekki orðnar neitt nema bara einhverjar slitrur. Verst af öllu var þegar stóri keppurinn, vélindiskeppurinn, var tekinn úr. Þeir eru svo stórir og góðir og gott að setja í þá. Ég skil ekki þessa stefnu að hætta með vélindiskeppina og fara þannig með vambirnar að þær eru ónýtar," segir Guðrún. Hún versli slátur hjá Hagkaup og segir fólk gjarnan ræða þetta í sláturtíðinni og alla sammála um að vambamálin séu hreinasta hörmung. „Eigum við að henda þessum mat? Ekki nýta allt af skepnunni?" spyr hún og hefur áhyggjur af að fólk gefist upp við að nota vambir með þessu áframhaldi og hætti jafnvel að taka slátur. „Með því að hafa þetta svona þá verður markaðurinn eyðilagður," segir hún. „Áttu ekki allir að fara í gervivambirnar? Það er bara ekki sami matur."

SS hefur séð Hagkaup fyrir slátri. Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri hjá SS, segist reikna með að engin breyting verði á því hjá fyrirtækinu að hirða vambir, líkt og undanfarin ár en vélindiskeppirnir séu ekki seldir með slátrinu. „Við erum ekki að kalóna þá því það svarar ekki kostnaði. Þá, ásamt 90% af vömbum, seljum við í dýrafóðursframleiðslu," segir hann.

Þegar keypt er eitt slátur í verslun í sláturtíð inniheldur það vömb, mör, blóð, lifur, hjarta, nýru og sviðinn haus. Árið 2014 var reynt að hætta með vambir hjá SS og þá eingöngu seldar gervivambir, svokallaðir prótínkeppir. Bar SS fyrir sig minnkandi sölu, kostnað, rýrnun við vinnsluna og úreltan tækjabúnað. Um 15 þúsund vambir höfðu selst haustið áður, allar frá SS. Kalónaðar vambir (hreinsaðar með leskjuðu kalki og sjóðheitu vatni) fóru þó aftur í sölu, væntanlega vegna ramakveina viðskiptavina.

Guðrún segist hafa breytt háttum sínum hvað það varðar að sjóða slátur einhver ósköp, 3 og 4 klukkutíma, sem geri það þurrt. Hún láti heldur suðuna koma hægt upp og sjóði svo keppina í hálftíma til þrjú korter, þá verði slátrið mýkra og ljúffengara. */sá*

## Hespuhúsið:

# Spilastokkar, þjóðtrú og nytjar

**Guðrún Bjarnadóttir náttúrufræðingur er mikil áhugamanneskja um nytjar landsins jafnt sem þjóðtrú, en árið 2021 hóf hún framleiðslu á Flóruspilunum vinsælu.**

Guðrún hefur safnað upplýsingum um grasnytjar og þjóðtrú tegunda í fjöldamörg ár sem nú er grunnurinn í Flóruspilunum. Á þeim má finna latínuheiti, gróðurlendi og ætt jurtanna, hugsað til fróðleiks og skemmtunar en jafnvel er hægt að leika með spilin sem samstæðuspil. Jafnfram Flóruspilinu gaf hún út Blómaspilið, minni og einfaldari útgáfu sem sýnir einungis mynd af tegundinni ásamt nafni á íslensku, ensku, pólsku og latínu, en á þeim er ekki að finna neinn texta líkt og á Flóruspilunum. Nýverið gaf Guðrún út annan spilaflokk, Fuglaspilin, svo og Litlu fuglaspilin, sem byggja einnig á íslenskri þjóðtrú. Á þeim má finna upplýsingar um nytjar og þjóðtrú tengda fuglum og geta því þátttakendur lesið sér til fróðleiks og skemmtunar meðan spilað er. Litla fuglaspilið er minni útgáfa þar sem spilað er samstæðuspil með fuglunum og má finna nöfn tegundanna á íslensku, ensku, pólsku og latínu. Í Litla fuglaspilinu er enginn texti, bara nöfnin, en spilið er hugsað fyrir byrjendur eða yngri þátttakendur.



Ljósmyndirnar af fuglunum tók Jóhann Óli Hilmarsson fuglaljósmyndari og fræðilegar upplýsingar um fuglana eru fengnar úr bók Jóhanns Óla, Fuglavísi, enda telur Guðrún sig ekki á heimavelli í þeim efnum, grösin séu meira hennar.






Guðrún við jurtalitun.

Guðrún, sem búsett er á Suðurlandi auk þess að reka þar verslun og vinnustofu undir heitinu Hespuhúsið, hefur einnig starfað sem stundakennari í grasafræði og plöntugreiningu við Landbúnaðarháskóla Íslands. Til viðbótar var hún landvörður til margra sumra bæði í Mývatnssveit og Skaftafelli þar sem gestir nutu góðs af þekkingu hennar um gróðurinn.

Segir hún fræðsluspil Hespuhússins hugsuð til að auka áhuga almennings á náttúru Íslands í gegnum leik og skemmtun. Hafa jurtir lengi átt hug hennar allan og í Hespuhúsinu vinnur hún jurtalitað band eftir gömlum hefðum en þó með nútíma tækni. Gefst gestum kostur á að kíkja í litunarpottana og fræðast um gamalt handverk auk þess sem á vinnustofunni er setustofa þar sem hægt er að glugga í bækur eða grípa í prjóna. Þar er einnig þjóðháttadeild og lítið safn með gömlum munum sem margir tengjast gömlu handverki. Í Hespuhúsinu er svo hægt að versla jurtalitað band, léttlopa og einband ásamt pökkum með uppskriftum að ákveðnum verkefnum, auk þess sem í uppskriftirnar þarf.

Guðrún stefnir á frekari spilaútgáfu á næstu árum, bæði með jurtirnar, fuglana og fleiri flokka enda möguleikarnir óþrjótandi – tenging landsins við þjóðtrú sé afar víðtæk. */SP*






## Smáframleiðendur:

# Seldist upp á fyrsta ári

**Jökla rjómalíkjör kom á markað fyrir tveimur árum og hafa viðbrögð neytenda verið framar vonum að sögn Péturs Péturssonar, stofnanda Jöklavín.**

Jökla rjómalíkjör er að megninu til framleitt úr ferskri íslenskri mjólk. Pétur segist stefna á að hún verði blönduð saman við mysualkóhól en slík vinnsla er í þróun á Sauðárkróki.

„Fyrsta árið var algjör sprengja og var hann uppseldur á smátíma. Einnig hafa bændur sagt vöruna skemmtilega viðbót í mjólkurframleiðsluna og hafa gaman af að bjóða upp á Jöklu með kaffinu." Hann segir að hótel- og veitingageirinn sé að taka við sér, Jökla er því á boðstólum víða um land. Bæði framleiðsla og sala hefur því aukist jafnt og þétt. Framleiðslan hefur fengið styrk frá Matvælasjóði og var sá stuðningur nýttur í gerð heimasíðu og uppskriftarbæklings auk markaðstengdra athafna á borð við landbúnaðarsýninguna í Laugardal árið 2022. Pétur segir að slíkt kynningarstarf skili sér beint í aukinni sölu. Á döfinni er ný bragðtegund Jöklu. „Nokkrar fyrirspurnir hafa komið beint til okkar erlendis frá og einnig í gegnum sendiráð Íslands um sölu á vörunni erlendis og ég vonast til að Jöklu verði að finna í hillum verslana á erlendri grundu innan skamms. Pétur hefur verið hluti af Samtökum smáframleiðenda frá stofnun. „Litlir framleiðendur verða stórir í slíkum félagsskap því saman myndum við stóra einingu sem er nauðsynlegt fyrir okkur. Við fáum góða afslætti innan framleiðslunnar og við dreifingu, einnig fræðslu og svo eru haldnir viðburðir þar sem við fáum tækifæri til að koma vörunum okkar á framfæri." */ghp*

LANDBÚNAÐUR Í SKÁLDSKAP

# Ráðskona óskast í sveit

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Sigurlín Hermannsdóttur, ljóðskáldi, sagnasmið og þekktum hagyrðingi.**

Sigurlín fæddist árið 1952, er BA í íslensku frá HÍ, stjórnarmaður í Kvæðamannfélaginu Iðunni og var til skamms tíma ritstjóri þingræðna Alþingis en er nú sest í helgan stein.

Hún hefur sent frá sér allnokkrar bækur, þ.á m. ljóð og styttri og lengri sögur, ein og með öðrum, og hefur skáldskapur hennar birst víða. Hún yrkir jafnan undir hefðbundnum bragarháttum, einkum rímnaháttum og ljóðahætti. */sá*



Sigurlín Hermannsdóttir.




**Nýjabrum**

Hann hafði alltaf verið sjálfum sér nægur og sá um þennan litla búskap einn. Systir hans var öðru hvoru að tuða um ráðskonu sem myndi elda almennilegan mat en hann sá ekkert að sínu fæði. Pulsur og bjúgu voru herramannsmatur, næringarríkur og ekkert vesen við matargerð.

Verst að honum tókst aldrei að gera almennilega hvíta sósu með bjúgunum svo að oftast lét hann kartöflumús úr pakka duga. En þegar hann brotnaði og var settur í gifs tók systir hans ráðin af honum. Hún auglýsti eftir ráðskonu og réð þá sem henni leist best á. Hann lét það yfir sig ganga eins og flest annað. Ráðskonan var með fullt af hugmyndum sem hann var ekki of hrifinn af í byrjun. Hún tók alveg fyrir pulsur og bjúgu en mátti eiga það að hún kunni að steikja hrygg og læri. Mataræði hans tók algjörum stakkaskiptum.

Hann var farinn að borða hvítlaukskryddaðan mat, pasta og kjúkling þótt það hefði hingað til ekki verið siður í hans sveit að éta hænsnfugla. Meira að segja var hann búinn að læra að meta rækjur, þessi litlu kvikindi sem litu út eins og marflær og hann hafði ávallt fúlsað við. Og hún kunni svo sannarlega að gera sósur, og ekki bara hvíta. Hann hefði seint trúað því en hann var svei mér þá farinn að éta allt sem að kjafti kom. Systir hans glotti í kampinn og sá fram á að loksins fengi hún mágkonu. Einhverju sinni ákvað hann að smyrja sér rækjusamloku. Ísskápurinn var fullur af mat og hann fann fljótlega salatið en ekki smjörið.

Eftir nokkra leit sá hann væna dós við hliðina á vaskinum. Hann var ekki með gleraugun en sá þó að það stóð „butter" á lokinu. Þetta var þá eitthvað útlenskt sem hann hafði ekki séð áður en hann var svo sem orðinn ýmsu vanur. Hann smurði samlokuna og beit í. Bragðið var óvenjulegt en alls ekki vont, einhvers konar ávaxtabragð af þessu smjöri. Þegar ráðskonan kom úr þvottahúsinu minntist hann á ávaxtasmjörið.

Í fyrstu skildi hún ekkert hvað hann var að tala um svo að hann sótti dósina. Þá fékk hún þvílíkt hláturskast að hún veltist hreinlega um og ætlaði aldrei að koma því út úr sér að þetta væri „Body butter" sem hún hefði keypt í ónefndri náttúruvörubúð og ætlaði að smyrja sjálfa sig með eftir sturtu.

Eftir þetta var hann ekki jafn viss og áður um að maturinn hennar smakkaðist neitt sérlega vel og þegar hann losnaði við gifsið sagði hann henni upp vistinni. Pulsur og bjúgu voru jú herramannsmatur.

*Gestagangur, örsögur, útg. 2022.*









UTAN ÚR HEIMI



Nýsjálendingar berjast gegn sjálfsánu villibarri (hér í Kawekas) og segja það eyðileggja náttúru landsins. Mynd / Dave Hansford

Skógar:

# Nýsjálendingar skera upp herör gegn villibarri

**Nýsjálendingar hafa áhyggjur af útbreiðslu barrtrjáategunda í landinu.**

Sérfræðingar og áhugamenn hafa efnt til vitundarvakningar heima fyrir um hættu af villibarri (e. wilding conifers) eða villifurum (e. wilding pines) sem vaxa utan skilgreindra ræktunarsvæða á Nýja-Sjálandi og þau áhrif sem trén hafi á líffræðilegan fjölbreytileika, jarðveg og landnytjar. Trén ná fótfestu í villtri náttúru landsins með sjálfsáningu út frá ræktunarreitum en einnig var m.a. stafafuru sáð vísvitandi í hálendissvæði til að koma í veg fyrir landrof og uppblástur.

Aðgerðin „War against weeds" hefur meðal annars náð til uppprætingar sedruss, furu, grenis, sýpruss, lerkis og grenis utan ræktunarsvæða. Ýmis samtök, ríkisstyrkt og/eða sjálfboðaliðasamtök, starfa að því að uppræta þessar tegundir hvar sem til þeirra sést í villtri náttúru.

„Villibarrtré eru ágengt illgresi sem getur breytt hinu einstaka landslagi sem aðeins er að finna á Nýja-Sjálandi varanlega," segir á vef náttúruverndarstofnunar nýsjálensku ríkisstjórnarinnar. „Barrtré voru flutt inn til Nýja-Sjálands árið 1880 og hafa síðan breiðst út frá skógum, skjólbeltum og rofgróðri. Verði ágangi þeirra ekki stjórnað munu þau mynda þétta skóga sem gætu haft skaðleg áhrif á upprunalegt vistkerfi landsins, taka til sín vatn sem er af skornum skammti og breyta ásýnd landsins varanlega," segir á vefnum.

Meðlimir hérlendra náttúruverndarsamtaka, svo sem Vina íslenskrar náttúru og Landverndar, hafa lýst svipuðum áhyggjum fyrir Íslands hönd varðandi að verið sé að gróðursetja sumar áðurnefndra tegunda, m.a. stafafuru, án takmarkana. Hvatt er til varkárni og að horft sé til reynslu Nýsjálendinga.

„Stafafura er ekki ágeng af því að til að teljast ágeng þarf hún að leiða til rýrnunar á líffjölbreytni að því marki að til vandræða horfi. Hún er hvergi að gera það og það verða árhundruð ef ekki -þúsund þangað til að það gerist, ef það gerist nokkurn tímann," segir Hlynur Gauti Sigurðsson, sérfræðingur búgreinadeildar skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands. Hann segir tegundina lítið gróðursetta á Nýja-Sjálandi. Stafafuran þrífist þó vel í háfjöllum landsins þar sem engar innlendar trjátegundir séu aðlagaðar vetrarríki. Hins vegar sé önnur furutegund, geislafuran, hryggjarstykkið í öflugum skógariðnaði landsins og einhverjar áhyggjur séu meðal Nýsjálendinga af að hún sái sér þar út í villta náttúru. */sá*

Þekking:

# Hvað veistu í raun um heiminn sem þú býrð í?

**Gapminder er sjálfstæð, sænsk stofnun sem miðar að því að hjálpa fólki að losa sig við algengar, kerfisbundnar ranghugmyndir um alþjóðlega þróun.**

Stofnendurnir, hin sænsku Hans Rosling, Ola Rosling og Anna Rosling Rönnlund, segja Gapminder án pólitískra, trúarlegra og efnahagslegra tengsla og hafi að markmiði að berjast gegn hrikalegri fáfræði með staðreyndabyggðri heimsmynd sem allir geti skilið. Vonir séu bundnar við að fólk taki betri ákvarðanir ef það skilji betur heiminn í kringum sig og sjái alþjóðlega þróun í sönnu ljósi.

Gapminder, sem stofnað var árið 2005, heldur úti aðgengilegum fræðsluvef (gapminder.org) og framleiðir ókeypis kennsluefni byggt á áreiðanlegri tölfræði frá öllum helstu alþjóðastofnunum, auk fyrirlestrahalds og útgáfu fræðslubóka.

*Uppfæra gamlar upplýsingar*

„Tilgangur Gapminder er að koma í veg fyrir fáránlega alþjóðlega aðferðafræði byggðri á staðalímyndum og úreltum skoðunum á heiminum, einhverju sem var mögulega rétt fyrir kannski sjötíu árum en er það ekki lengur," segir á vefsíðu Gapminder.

## Gapminder

**Markmið:** Að berjast gegn hrikalegum ranghugmyndum með staðreyndabyggðri heimsmynd sem allir geta skilið.

**Sýn:** Heimur þar sem allt fólk getur notað staðreyndir til að skilja heiminn, til að taka betri ákvarðanir um jákvæðar breytingar.

**Aðferð:** Með víðtækri þekkingarprófun eru greindar kerfisbundnar ranghugmyndir um heiminn og þróað ókeypis gagnvirkt upplýsingaefni og kennsluefni til að brjóta þær á bak aftur.

„Heimurinn tekur stöðugum breytingum og er þróaðri en nokkru sinni fyrr, með víðtæku alþjóðlegu samstarfi og stofnunum. Aldrei hafa verið til jafn miklar upplýsingar til að læra af.

Við ættum, vopnuð staðreyndum, á heimsvísu að vera fær um að knýja fram sjálfbærar framfarir, takast á við alþjóðlegar áskoranir og koma í veg fyrir helstu alþjóðlegu kreppurnar.

Við eigum að geta átt alþjóðlegt samstarf um að koma í veg fyrir stríð, heimsfaraldra, loftslagskreppu og um að hjálpa fólki úr örbirgð."

*Fáfræðiverkefnið*

Ein helsta aðferð Gapminder er að spyrja fólk í fjölmörgum löndum þúsunda spurninga um hvernig það haldi að heimurinn sé.

Síðan eru skoðuð áreiðanleg og staðfest gögn til samanburðar og greint í hverju hugmyndir fólks eru fjærstar raunveruleikanum, þ.e.a.s. mestu ranghugmyndirnar.



Verkefnið hefur það að markmiði að reyna að komast að því um hvað fólk hefur rangar upplýsingar og hvers vegna. Mynd / Uday Mittal - Unsplash




# Viðkvæmari fyrir útihita

**Hér áður fyrr var talað um að besti umhverfishiti kúa séu 5-10 gráður og að þeim líði þó ágætlega frá -15 og upp í +25 gráður.**

Þessar tölur byggja þó á gömlum rannsóknum og í dag er margt sem bendir til að kjörhitastig umhverfis fyrir kýr hafi lækkað þó nokkuð. Þetta kemur til af því að hver kýr framleiðir í dag miklu meiri mjólk en fyrir nokkrum áratugum og fyrir vikið er hitaframleiðsla þeirra sjálfra mun meiri í dag vegna gerjunar fóðurs í vömb. Hitaorka frá vömb er nánast hrein umframorka sem kýr þurfa að losna við og því meiri sem umhverfishiti kúa er, því erfiðara er fyrir kýrnar að losna við þennan hita. Í ofanálag skiptir rakastigið einnig máli, því með hækkandi rakastig verður enn erfiðara fyrir kýrnar að losna við þessa orku.

Sænsk rannsókn á áhrifum umhverfishita á hámjólka kýr, þ.e. kýr sem innbyrða mikið magn fóðurs, sýnir að þegar við 15 gráðu umhverfishita fara að sjást áhrif á kýrnar með því að þær draga úr áti og við 20 gráðu hita eru áhrifin mjög skýr.

Í dag er algengast að miðað sé við 20 gráðu umhverfishita þegar byrja ætti að bjóða kúm upp á kælingu og skugga, þ.e. þær ættu að hafa tryggt aðgengi að skugga svo sólin nái ekki að skína beint á þær. Þetta er ein meginástæða þess að fleiri og fleiri kúabú í norðurhluta Evrópu eru farin að setja upp kælikerfi í fjósunum, þ.e. setja upp viftur sem sjá um að blása á kýrnar og gera nærumhverfi þeirra ákjósanlegt – rétt eins og fólk gerir í hita með blævæng, nú eða viftum. */SNS*






Hans Rosling (1948-2017) var sænskur læknir, tölfræðingur og fyrirlesari. Hann var prófessor í alþjóðaheilsu við Karolinska Institute og meðstofnandi og formaður Gapminder. Mynd / Gapminder

## Fimm stig
### alþjóðlegrar þróunar (Hans Rosling)

**1-** Ekki eru lengur tvær gerðir af löndum í heiminum. Gömlu skiptingunni í iðnvædd ríki og þróunarlönd hefur verið skipt út fyrir 192 lönd þar sem á sér stað samfella félagslegrar og efnahagslegrar þróunar.

**2-** Mörg lönd Asíu þróast nú tvöfalt hraðar en Evrópa nokkru sinni.

**3-** Fimm milljarðar manna færast í átt að betra og heilbrigðara lífi með m.a. menntun, farsímum, rafmagni, þvottavélum og heilbrigðisþjónustu en einn milljarður manna er fastur í vítahring algerrar örbirgðar og sjúkdóma.

**4-** Fram að þessu hafa allar framfarir í átt að heilsu og auði verið á kostnað aukinnar losunar á CO2 sem knýr yfirvofandi loftslagskreppu.

**5-** Ríkar ástæður eru til bjartsýni varðandi framtíð heimsins einfaldlega vegna þess að honum er svo illa stjórnað um þessar mundir. Því höfum við gríðarleg tækifæri til að bæta líf allra manna með því að breyta heimi okkar og ýta enn frekar undir þróun og sameiningu í átt að jafnrétti, öryggi, sjálfbærni og frelsi.

Úr niðurstöðunum er þróað ókeypis kennsluefni til að fá almenning til að byggja heimsmynd sína á staðreyndum.

„Þau uppgötvuðu að fólk hafði rangt fyrir sér um næstum allt sem það var spurt um og þannig varð Fáfræðiverkefnið til, með það markmið að reyna að komast að því um hvað fólk hefur rangar upplýsingar og hvers vegna.

Gapminder hefur átt í víðtæku samstarfi, m.a. við háskóla eins og og Oxford, stofnanir Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, TED, Karolinska Institute, opinberar stofnanir og frjáls félagasamtök. Um 20 manns starfa við stofnunina og er hún fjármögnuð með styrkjum, frjálsum framlögum og tekjum af ráðgjafarþjónustu og fyrirlestrahaldi.

Gapminder hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna á alþjóðavísu fyrir framlag sitt.

Stefnt er að því að til verði endurgjaldslaust Gapminder-app sem nýtist fólki um allan heim til uppfræðslu. /sá

**Bændablaðið kemur næst út**
**24. ágúst**










**UTAN ÚR HEIMI**



Fjöldi nautgripa í Bandaríkjunum taldi 91,9 milljón skepna í ársbyrjun 2022. Cody Easterday ól upp 265.000 nautkálfa á pappír sem aldrei voru til. Þannig sveik hann út kvartmilljarð bandaríska dala. Hann var dæmdur í ellefu ára fangelsi síðastliðið haust.
Mynd / Etienne Gurardet - Unsplash

# Sagan af draugahjörðinni

**Cody Easterday var uppvís að einu stórtækasta nautgripasvindli sem sögur fara af. Hann gerði upp tilvist hundruð þúsunda gripa, gaf út falsaða reikninga og rukkaði fyrir útgjöld á framleiðslu hjarðar sem aðeins var til á pappírum. Með draugahjörðinni hafði Cody yfir þrjátíu milljarða króna af stórfyrirtækjum, aðfangakaupendum og afurðasölum í Bandaríkjunum.**

Cody Easterday nýtti sér góðan orðstír ættarnafnsins til að stela meira en 244 milljónum dollara með því að skálda upp risastóra nautahjörð. Svindlið var svo umfangsmikið að það hafði áhrif á nautakjötsverð á landsvísu.

Í hlaðvarpsseríunni *Ghost Herd* er farið ofan í saumana á þessu furðulega máli sem skók bandarískan landbúnað síðastliðið haust. Flækjustig og umfang nútímalandbúnaðarkerfis Bandaríkjanna er talinn vera einn blóraböggull þess að svo umfangsmikil svik geti átt sér stað.

***Vöxtur fjölskylduveldisins***

Umsjónarmaður hlaðvarpsins er blaðakonan Anne King. Með hljóðdæmum og litríkum viðtölum og sögum teiknar hún upp rótgróið bændasamfélag í Franklín-sýslu í Kaliforníu sem framleiðir óskópin öll af heyi, maís, kartöflum og öðrum landbúnaðarafurðum, þar sem bændurnir fara í kúrekastígvélum í kvöldverðarboð og rúnta á pallbílnum í messu.

Hún segir sögu fjölskylduveldisins með ættarnafnið Easterday. Sagan hefst árið 1958 þegar Ervin Easterday flytur með fjölskylduna á 300 ekrur af landi. Sonur hans, Gale, á að hafa elskað jörðina og landið og Karen, konu sína, og eytt óratíma í að byggja þar upp afkastamikinn jarðveg og burðugt fjölskyldufyrirtæki sem nágrannar og kollegar treystu. En búskapur er fallvölt atvinnugrein. Einfaldar breytingar á markaði, aðfangatruflanir, heimsfaraldur, veðurfar; þurrkatíð eða of mikill hiti getur kippt undan bændum rekstrargrundvellinum.

Easterday-fjölskyldan varð gjaldþrota árið 1987 eftir slæmt ár. Gale og Karen þurftu því að byrja frá grunni og sonurinn Cody ákvað að hætta í skóla svo hann gæti hjálpað til á fjölskyldubúinu.

Við það á mikið að hafa breyst. Cody var drífandi, ögrandi, var talinn snjall kaupsýslumaður og tók smám saman yfir rekstrarstjórn fyrirtækisins, þá einungis tvítugur að aldri. Hann var stórhuga og fjölskylduveldið stækkaði ört undir hans stjórn. Fjölskyldan keypti upp land sem aðrir bændur settu á sölu. Þau leigðu jarðnæði sem þau gátu ekki keypt. Framleiðslan varð stærri að umfangi og stórtækar fjárfestingar í vélum varð til þess að fyrirtækið gat unnið alla sína uppskeru inn á markað. Þau keyptu m.a. vinnslustöðvar fyrir kartöflur og lauk. Við bættust fóðurfyrirtæki, veitingastaðir, afurðavinnsla, byggingafyrirtæki og varð Easterday þannig meirihlutaeigandi í allri virðiskeðju heilmargra matvara.

Á um hálfri öld reis Easterday farms upp úr örfoka landi og varð eitt af auðugustu landbúnaðarfyrirtækjum Bandaríkjanna, veldi sem framleiðir maís, lauk, kartöflur og hveiti og eiga land sem spannar þúsundir ekra í þremur ríkjum. Frá 1 milljón dollara ársveltu í 250 milljón dollara á 20 árum. Frá sjö starfsmönnum í tæplega 200. Fjölskyldan varð veldi sem græddi á tá og fingri, þau bjuggu í glæsihýsum og ferðuðust með einkaflugvélum.

***Draumasamstarfið breyttist í martröð***

Easterday-veldinu óx ásmegin þegar Cody fór út í stórtækt nautgripaeldi. Hann notaði góðan orðstír fjölskyldunnar til að koma á samstarfi við alþjóðlegan stórrisa á sviði kjötafurða, Tyson Fresh Meats. Í hlaðvarpsþáttunum Ghost Herd er sagt að fyrirtækið ráði yfir fimmtungi af markaðshlutdeild kjöts í Ameríku.

Samstarfið snerist um uppvöxt nautgripa sem svo yrðu afhentir Tyson Fresh Meats til slátrunar og afurðavinnslu. Samstarf þetta




**Í hlaðvarpsseríunni Ghost Herd fer blaðakonan Anne King ofan í saumana á undraverðu máli sem skók bandarískan landbúnað nýlega. Serían er aðgengileg á öllum helstu hlaðvarpsveitum.**

óx ört og vakti Cody athygli fyrir myndarskap við umönnun nautkálfa. Hann flaug inn fagmönnum af ýmsu tagi til að skilja betur venjur og hegðun skepnanna. Kjötið hans var jafnvel eftirsótt og selt undir vörumerkinu „Cody´s Beef" í Japan.

Tyson treysti Cody því fjölskyldufyrirtækið þótti heiðarlegt og traustsins vert. En síðar kom í ljós að Cody var langt frá því að vera frómur.

Til að útskýra sakarefnið þarf að skilja viðskiptasamband afurðafyrirtækja á borð við Tyson og bænda: Bóndinn segir afurðafyrirtækinu að þeir ætli að kaupa ungkálfa. Fyrirtækið lætur bóndann fá pening til að kaupa dýrið og ala það. Þegar kálfurinn hefur vaxið upp í sláturstærð skilar bóndinn honum til fyrirtækisins. Þá er komið að skuldadögum; bóndinn fær mismuninn milli afurðaverðs og þess fjármagns sem hann hafði þegar fengið frá fyrirtækinu.

En það sem Cody Easterday gerði var að segja Tyson að hann væri með fleiri skepnur en raun bar vitni. Frá 2016 til ársloka 2020 stal hann kvartmilljarð dollara – eða sem nemur tæpum 35 milljörðum íslenskra króna með lygafléttu. Dýrin voru aðeins til á pappír en Cody rukkaði Tyson fyrir uppeldi þeirra.

***Afleiðing spilafíknar***

Nautgripaframleiðendur stjórna ekki því afurðaverði sem þeir fá fyrir gripinn. Rétt eins og á Íslandi stýra afurðastöðvar verðinu. Í þessari sögu eru það Tyson og önnur stórfyrirtæki sem stjórna flæði kjöts á heimsmarkaði sem móta afurðaverðið.

Það sem Cody fór að stunda, samhliða því að ala upp naut á pappír, var að leika sér að nautakjötsmarkaðnum og svo fór að hann fékk áminningu og sekt vegna ósiðlegra viðskiptahátta árið 2015 og aftur árið 2019.

Hann lét það þó ekki stöðva sig og hélt uppteknum hætti og áhættuspilið snerist í höndunum á honum – hann var kominn í yfir 200 milljón dollara skuld, en það



Vesturröst - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is - vesturrost@vesturrost.is

jafngildir um 27 milljarða íslenskra króna. Í dómskjölum kemur fram að Cody sé haldinn alvarlegri spilafíkn. Hann fann sig elta uppi tapið sitt í markaðsbraskinu þar sem hann sannfærði sjálfan sig um að það væri í lagi að „taka lán“ hjá Tyson.

Hann hefði kannski getað komist upp með þetta lengur ef ákveðinn heimsfaraldur hefði ekki skorist í leikinn.

*Covid felldi svikamyllu Codys*

Heimsfaraldur Covid kom hörmulega niður á íbúum Bandaríkjanna en tala látinna þar er komin yfir milljón manns.

Eitt af fyrstu stóru hópsmitum landsins var rakið til kjötpökkunarstöðvar Tyson. Hafði það veruleg áhrif á framleiðslukeðjuna alveg niður til frumframleiðenda. Því þegar kálfur fæðist er þegar ákveðið hvaða dag honum verður slátrað. Ferlið er líkt og færiband sem gengur eins og klukka, sem er hönnuð svo kjötvinnslan geti unnið stöðug allt árið við fulla framleiðslugetu. Tyson fékk undanþágur til að halda áfram framleiðslu sinni þegar flest önnur fyrirtæki þurftu að hægja á í heimsfaraldri. En uppi varð fótur og fit vegna hópsmits og þá þurftu stjórnendur að skoða birgðahaldið sitt í aðfangakeðjunni. Haustið 2020 skoðuðu þeir hversu margir nautgripir væru í bókunum á búgarði Cody Easterday. Verðmætin voru skráð um 300 milljón dollara af nautgripum. Það var mun stærri hjörð en þeir bjuggust við.

Því var maður sendur á vettvang til að athuga með gripina en sá greip í tómt. Miðað við fjölda rétta sem hjarðir voru geymdar í var engin leið til að stemma fjöldann af. Að kvöldi mánudagsins 30. nóvember 2020 hringdi útsendarinn í framkvæmdastjóra Tyson.

Hvernig getur svo stór aðili, sem framleiðir 2% af kjöti fyrir Tyson, einnig verið að svindla stórfellt á viðskiptavini sínum? Tyson og Easterday voru bundnir viðskiptaböndum. Tyson vildi stöðugt framboð af nautakjöti og Easterday útvegaði það. En nú var viðskiptasambandið í uppnámi. Tyson-menn flugu drónum yfir landareign Codys og töldu nautgripi í þeirra uppeldi. Reyndin var að 265.000 skepnur sem þeir voru að greiða Easterday fyrir voru ekki sjáanlegar.

Cody játaði um leið og upp komst um svikin. Stuldurinn nam 244.031.132 dollurum og ljóst að fjölskylduveldið færi í gjaldþrot. Cody Easterday var dæmdur í ellefu ára fangelsi í október síðastliðnum og situr nú bak við lás og slá.

*Frjór jarðvegur í heilagar hendur*

Þessi merkilega frásögn Anne King um draugahjörð Easterday dregur einnig fram afar athyglisverða vinkla er varðar jarðnæði. Með falli fjölskylduveldisins misstu þau einnig tangarhaldið af verðmætu ræktunarlandi.

Í Ghost Herd er fjallað um eignarhald á landbúnaðarsvæðum Bandaríkjanna. Kemur þar m.a. fram að 40% landbúnaðarlands sé í eigu fólks sem er yfir 65 ára að aldri og talið er að um þriðjungur ræktarlands Bandaríkjanna muni skipta um eigendur á næstu 15 árum.

Easterday var skipað að selja 9.000 hektara land á hinu gjöfula svæði Columbia basin. Svæðið var ekki eingöngu verðmætt eign vegna jarðgæða, heldur einnig vegna vatns. Jörðinni fylgdu nefnilega forgangsvatnshlunnindi. „Vatnsréttindi stjórna vestrænum heimi. Ef þú átt þau, þá græðir þú,“ segir Anne m.a. í þáttunum.

Verðmæti landbúnaðarlands mun eingöngu aukast næstu árin, sér í lagi land með aðgangi að vatni, og þetta hafa eignamiklir aðilar skilning á. Þannig er Bill Gates, einn af ríkustu mönnum jarðar, stærsti einstaki eigandi landbúnaðarlands í Bandaríkjunum, en hann á um 100.000 hektara um víða veröld.

En milljarðamæringar á borð við Bill eru ekki einir um hituna. Kynnt er til sögunnar Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Trúarstofnunin reynist vera ein af fimm stærstu einstöku eigendum landbúnaðarlands í Bandaríkjunum. Staðhæft er að kirkjan eigi 2% af Flórídaríki.

Og viti menn, kirkja bauð hæst í uppboði á landi Easterdays og er nú eigandi þess verðmæta lands á svæði sem kallað hefur verið eitt af matarkistum heimsins. /ghp

**Bændablaðið kemur næst út 24. ágúst**












Aldís Sigfúsdóttir, sem á heiðurinn af Fischersetrinu á Selfossi, Friðrik Ólafsson, stórmeistari og Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, eru hér við gröf Fischers í Laugardælakirkjugarði. Fjöldi fólks, ekki síst erlendir ferðamenn, koma að gröfinni á hverju ári. Myndir / MHH

# Fischersetri fagnað

**Fischersetrið á Selfossi varð tíu ára þann 9. júlí síðastliðinn.**

Af því tilefni lögðu þeir Friðrik Ólafsson, fyrsti stórmeistari okkar Íslendinga, og Guðmundur G. Þórarinsson, fyrrverandi forseti Skáksambands Íslands, blómsveig að gröf Bobby Fischers í kirkjugarði Laugardæla. Eins og flestir ef ekki allir vita þá varð Fischer heimsmeistari í skák í Reykjavík sumarið 1972 þegar hann lagði að velli ríkjandi heimsmeistara, Boris Spassky, frá Sovétríkjunum. Einvígi þeirra er alla jafna kallað einvígi aldarinnar. Bobby Fischer lést 17. janúar 2008, 64 ára að aldri. Hann var jarðsettur í nokkur hundruð metra fjarlægð frá Fischersetrinu.

*/mhh*



Sæmundur Pálsson, eða Sæmi rokk eins og hann er alltaf kallaður, var mikill vinur Fischers en hér er hann að segja frá vináttu þeirra félaga í athöfninni í Laugardælakirkju. Séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson fylgist spenntur með.



Hópurinn sem mætti til minningarathafnar í Laugardælakirkju.










## Ætir villisveppir:

# Bragðgóð búbót

**Ein mest ljóslifandi æskuminning mín er þegar fjölskylda mín ákvað dag einn að halda út í skóginn í nágrenni við gamla bóndabæinn okkar í Bretagne að leita sveppa.**



Elisabeth Bernard.

Raki hékk í loftinu niður við jörðu en sólargeislar brutu sér leið í gegnum laufþakið og þótt við værum í stígvélum og regnjökkum var sem sumarið væri ekki alveg á enda. Við tíndum hvern sveppinn á eftir öðrum í körfuna okkar þar til búið var að fylla hana og þá var haldið heim á leið.

Þegar heim var komið vigtuðum við afrakstur leiðangurs okkar og komumst að því að tveggja klukkustunda ganga um skóginn launaði okkur með 3,5 kg af kóngssvepp (Botulis edulis), sem er mikið hnossgæti fyrir bragðlaukana. Að sjálfsögðu höfðum við sveppi með veislumat kvöldsins, en við elduðum líka, verkuðum og geymdum sveppi á alla mögulega vegu fyrir komandi vetur.

Uppvaxandi skógar Íslands eru orðnir vinsælir staðir til sveppatínslu á haustin, frá miðjum ágúst fram í miðjan október. Eftir því sem flatarmál skóganna eykst og vistkerfi þeirra verður ríkulegra fjölgar þeim sem leita til skóganna með fæðu, sérstaklega íbúum ættaða frá Austur-Evrópu. Sveppatínsla er orðin vinsæl útivist hérlendis sem ýtir undir fjölbreyttara mataræði með staðbundnum og hollari mat.

Meðal vinsælla sveppategunda sem tíndir eru til matar má nefna kúalubba (Leccinum scabrum) sem vex í birkiskógum, furusúlung (Suillus luteus) sem hallast að furutrjám og lerkisvepp (Suillus grevillei) sem finnst víða í N- og A-Evrópu, þar sem lerkitré þrífast best.

Sveppir eru ein fárra grænmetistegunda sem framleiddar eru á Íslandi sem stendur og er þar algengastur hvíti sveppurinn matkempa (Agaricus bisporus). Samkvæmt ÍSGEM, íslenska matvælagagnagrunninum, hafa 100 g af þessum svepp orkugildi upp á 96 KJ, eða 22 hitaeiningar (kílókaloríur) og innihalda 40% prótín, 11% fitu og 33% kolvetni. Hvað með sveppi sem vaxa í villtri náttúru? Hvaða orku- og hitaeiningagildi geta þeir lagt til mataræðis okkar? Hvaða gagn getum við haft af þeim? Neysla villtra ætisveppa getur aukið fjölbreytni daglegs mataræðis, einkum aukið prótínneyslu. En þeir skipta líka máli í að skapa sterkari tengsl við íslenskar matvörur, eitthvað sem matreiðsluheimurinn hefur þegar skilið. Það má t.d. smakka hina frægu og ljúffengu lerkisveppasúpu á Skriðuklaustri á Fljótsdalshéraði. Einnig er hægt að kaupa þurrkaða sveppi frá Holti og heiðum í Hallormsstaðaskógi, sem leggur áherslu á aðrar afurðir skógarins en timbur. Auk þess er vitað að fólk tínir víða sveppi í töluverðu magni til að selja til veitingastaða. Áhugavert er að engar tölur eru til um hversu mikið af sveppum eru tíndir hér á landi eða fjárhagslegt gildi þeirra. Skógartölur fyrir Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), sem Skógræktarfélag Íslands og Skógræktin safna saman árlega, gera ekki greinarmun á sveppa- og berjatínslu skv. kröfum FAO, þar sem það fellur undir sama flokk. Tölurnar gefa hins vegar til kynna að verðmæti þessa flokks er tæpar 10,7 milljónir króna frá árinu 2014, fyrir þá fáu aðila sem skilað hafa inn tölum í gegnum árin. Tölur FAO miðast við verðmæti fersks hráefnis og ef hráefnið er unnið er söluverð þess mun hærra og heildartekjurnar að sama skapi hærri. Þessar viðbótartekjur eru nú mest tengdar berjatínslu, sem er mjög vinsæl á Íslandi. Þessi tala er þó samt sem áður mikilvæg, því hún sýnir að matvæli úr skóglendum, þar á meðal villtir ætisveppir, hafa ekki bara áhugavert næringar- og orkugildi; þau hafa líka fjárhagslegt gildi.

Þegar ég hugsa til eftirminnilegs sveppaleiðangurs æsku minnar fer ég að velta fyrir mér hvað fjölskyldan mín hefði getað haft upp úr krafsinu með því að selja sveppina. Gefum okkur að við séum stödd í lok október árið 2002. Samkvæmt fréttaveitu Bændamarkaðsfrétta Frakklands (Franceagrimer.fr) seldust franskir kóngssveppir á 20€/kg á þeim tíma í Rungis, stærsta bændamarkaði Frakklands með landbúnaðarafurðir. Fyrir 3,5 kg sem safnað var á tveimur tímum hefði fjölskylda mín grætt 70€, eða um 10.500 kr. Í nóvember í fyrra var verðið hins vegar 27€/kg og þar með hefðum við fengið 95€ eða um 14.200 kr. Líklega hefðu sveppirnir selst á meiri pening á Íslandi.

Ef þið eruð með skóg á jörðinni ykkar eða skammt frá heimili ykkar ættuð þið að hafa augun opin, því það eru miklar líkur á því að þið finnið sveppi á haustin. Finnið upp á nýjum leiðum til að matreiða þá, eigið þá sjálf til góða, gefið vinum ykkar eða fjölskyldu, eða seljið á næsta veitingastað; þegar allt kemur til alls gera sveppir fólk hamingjusamara.

***Elisabeth Bernard***
*mannfræðingur hjá*
*Skógræktarfélagi Íslands*

*Fyrir pólska kokkinn og jurtafræðinginn, Wioletta Tarasek, sem stóð með mér fyrir vinnustofu um matvæli úr skógum í SÓNÓ Matseljur haustið 2022, átti blandan af kúalubba og furusúlung sem við tíndum í Heiðmörk í ágúst skilið það besta. Helmingurinn var frystur og notaður síðar sem fylling í pierogi, hefðbundna pólska soðköku. Hinn helmingur sveppanna var gerjaður í krukku með ilmandi kryddjurtum og borðaðir tveimur mánuðum síðar sem pækblaðir sveppir.*



Nýjustu tvíkelfingarnir á Laxamýri, systurnar Dröfn og Díla, sem eru einstaklega fallegar á litinn enda sérstakt áhugamál á bænum að rækta sægráar og gráar kýr. Mynd /Aðsend

# Fimm tvíkeflingar á ári

**Þetta eru kvígurnar Dröfn og Díla frá Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu.**

„Þær voru komnar í heiminn að morgni 10. júní þegar fólk kom í fjós og eru fimmtu tvíkelfingarnir á árinu,“ segir Atli Vigfússon, bóndi á Laxamýri, aðspurður um þessa litfögru tvíkelfinga.

Móðir Dröfn og Dílu heitir Medúsa og er út af Núma nr.16038 frá Gaulverjabæ. Faðirinn heitir Hjörtur frá Hjartarstöðum á Héraði og er sonur Ýmis nr.13051 frá Klauf í Eyjafirði. Kvígurnar eru verðandi mjólkurkýr og hafa verið settar á í þeim tilgangi.

Á Laxamýri er blandað bú með 85 nautgripum í fjósi, þar af rúmlega 40 kýr. „Við sem búum hér á bænum höfum mikinn áhuga á litaflóru íslenska kúastofnsins og þar er sægrátt og grátt í uppáhaldi. Það er að vísu erfitt í ræktun því gráu litirnir eru víkjandi litir en stundum koma kýrnar skemmtilega á óvart með fallegum litarafbrigðum,“ segir Atli alsæll. */mhh*



Kálfasýning fer fram á Sveitasælunni. Mynd /Aðsend

# Sveitasæla Skagafjarðar

**Landbúnaðarsýningin og bændahátíðin Sveitasælan verður haldin í Skagafirði þann 19. ágúst næstkomandi.**

Hátíðin er nú endurvakin eftir þriggja ára dvala en hún er haldin af sveitarfélaginu Skagafirði, reiðhöllinni, Búnaðarsambandi Skagfirðinga og búgreinafélögum á svæðinu. Viðburðurinn fer fram í reiðhöllinni á Sauðárkróki. Bændur og áhugafólk um landbúnað gera sér þar glaðan dag, kynna starfsemi sína, handverk og vörur beint frá býli, fram fer kálfasýning, hrútaþukl og aðrar óvæntar uppákomur. Hátíðin verður með myndasamkeppni þar sem myndasmiðir eru beðnir um að sýna sína sveitasælu með því að tagga myndir af hátíðinni og verða vinningar í boði fyrir bestu myndirnar. Hægt er að nálgast allar frekari upplýsingar gegnum samfélagsmiðla Sveitasælunnar. */ghp*










## Bændageð:

# Að halda haus

**Eitt af fyrstu þroskaverkefnum okkar er að halda höfðinu stöðugu eða eins og sagt er í daglegu máli að „halda haus“.**


Halla Eiríksdóttir.

Þetta orðatiltæki hefur einnig aðra merkingu eins og að halda andlitinu eða með öðrum orðum að láta ekki tilfinningar í ljós. Alveg sama á hverju gengur. Innra með okkur bærist þó ólgusjór og stormviðvörun sem fyllir á stundum tilfinningaskalann. Við höldum samt andlitinu og þjálfum okkur markvisst í að þjappa tilfinningum saman eins og gert var þegar síld var söltuð í tunnu. Þjappa og þjappa, svo skellum við lokinu á. Líkaminn fær að kenna á tilfinningapressunni, því við höldum stöðugri spennu, erum eins og spennt teygja til að koma í veg fyrir að það komi leki. Áhrifin eru líkust því sem við sjáum í aflraunakeppnum þar sem haldið er á þungum hlut í útréttri hönd sem reynist ótrúlega mikil áreynsla.

Fylgikvilli stöðugrar spennu er þreytutilfinning sem fólk áttar sig oft ekki á eða tengir við orsökina. En tunnan getur brostið á böndunum og þá gusast út vökvinn og það sama gerist í tilfinningagosinu þegar við ausum úr okkur með hávaða og orðaflaumi sem við ráðum bara ekki við því það kom jú leki í tunnuna. Afleiðingarnar geta verið slæmar, við missum út úr okkur eitthvað sem við sjáum eftir og upplifum slæmar tilfinningar á eftir. Og þá kemur að iðruninni eða að gangast við sínum tilfinningabrestum. Það getur verið hægara sagt en gert því orðin sem sögð voru eru ekki aftur tekin og fyrirgefning ekki alltaf gefin. Þá hefst viðgerðarvinnan sem tekst sisvona, allt eftir því hvað við getum verið heiðarleg gagnvart tilfinningum og tekist á við grunnvandann eða bara nota gömlu aðferðina og þjappa í tunnuna. Þegja þetta bara af sér.


**Okkar eigin mistök sæta oft meiri gagnrýni frá okkur sjálfum, eitthvað sem við myndum sjaldnast gera gagnvart vinum.**

En besta leiðin er sennilega sú að hætta að troða í tunnuna, mæta sínum áskorunum og læra að takast á við tilfinningaágjöfina. Fyrir þá sem ekki eru reiðubúnir til þess, að þá eru til leiðir sem markvisst geta dregið úr spennu sem eru fólgnar í líkamlegri áreynslu, teygjum eða djúpslökun.

### *Að kenna gömlum hundi að sitja*

Það reynist mörgum fullorðnum verulega erfitt að breyta um lífsstíl eða lífsmáta til hins betra. „Ég er bara svona“ eru í raun ákveðin skilaboð um að við treystum okkur ekki til eða sjáum ekki fram á að við getum breytt neinu til batnaðar. Við búum til hindranir eða höft til að takast á við óþægilegar tilfinningar, af því við viljum það ekki, getum það ekki eða vitum ekki hvernig á að gera það. Dómharkan gagnvart okkur sjálfum er mun meiri en til dæmis gagnvart vinum, við fyrirgefum þeim, umberum og styðjum þá. En gagnvart eigin breyskleika setjumst við gjarnan í dómarasætið og gefum okkur sjálfum falleinkunn og niðurbrot. Okkar eigin mistök sæta oft meiri gagnrýni frá okkur sjálfum, eitthvað sem við myndum sjaldnast gera gagnvart vinum. Þetta er eitthvað sem nánast allir kannast við og þú, lesandi góður, manst örugglega eftir atviki þar sem dómgæslan í leiknum var ekki alveg sanngjörn.

### *Þroski og umburðarlyndi*

Lífshlaupið er eitt þroskaverkefni með öllum sínum áskorunum sem við ýmist leitum eftir eða færast í hendur okkar óumbeðið. Að vera ábyrgur fyrir lífi annarra sem foreldri, forráðamaður eða bóndi er stórt þroskaverkefni sem færir okkur í fang ótrúlegar áskoranir sem geta haft meiri tilfinningaleg áhrif en við gerum okkur grein fyrir. Þroskinn felst meðal annars í að gangast við þessum tilfinningum, reyna að skilja þær, sýna umburðarlyndi í stað dómhörku í eigin garð og stækka þar með persónuna sem við viljum vera. Í landi þar sem ekki er alltaf sumar og sól þó að dagatalið segi annað, er lífið stundum erfitt á drungalegum degi og við leitum leiða til að bæta okkar geð. Vanlíðan er hægt að deyfa með lyfjum og áfengi og sú leið er vel þekkt og enda telja sumir sig ná mjög góðum árangri í að svæfa sínar tilfinningar á þann hátt. Sú leið er hins vegar öfug við það sem ég áður nefndi með þroskann því svo einkennilegt sem það virðist þá erum við að taka út þroska allt lífið enda er skóli lífsins eilífur. Lífsgjöfin sem okkur var gefin við fæðingu er á okkar ábyrgð að rækta og hlúa að svo vöxturinn verði sem bestur og gefi góðan ávöxt.

***Halla Eiríksdóttir,***
*stjórnarmaður BÍ,*
*hjúkrunarfræðingur og*
*sauðfjárbóndi.*


# STÁLGRIND TIL SÖLU!

495 fm² (18x27,5m)




Nánari upplýsingar veitir
Gísli Már 842-5462 | gislia@veritas.is



**Fátt er leiðinlegra en að uppgötva þegar úr búðarferð er komið að maður keypti óvart eitthvað annað sem einvörðungu svipar til þess sem stóð til að kaupa – en alls ekki það sama.** Mynd / ghp

# Að kaupa köttinn í sekknum

**Allir kannast við það að kaupa sér eitthvað, annaðhvort eitthvað sem þá vantar eða eitthvað sem þá langar í.**


Vigdís Häsler.

Það er samt fátt leiðinlegra en að uppgötva svo þegar heim er komið og tekið er upp úr pokunum að maður keypti óvart eitthvað annað sem einvörðungu svipar til þess sem stóð til að kaupa – en alls ekki það sama. Maður var hreinlega að kaupa köttinn í sekknum.

Bændur hafa um nokkra hríð haft áhyggjur af merkingaróreiðu sem sé allsráðandi á búvörum; innflutt kjöt í umbúðum frá íslenskum kjötvinnslum með íslenska fánanum og innflutt grænmeti með íslenskum texta þótt upprunaland sé allt annað en Ísland. Þegar stóra samkeppnisforskot íslenskra búvara er uppruninn er til lítils að tala um samkeppnishæfni íslenskra afurða gagnvart innflutningi þegar þessi staða er uppi.

„Ég reyndi alltaf að kaupa bara erlent á öllum „íslenskt, já takk!“ dögum af því mér finnst hugmyndin um að ég eigi að versla við einhvern eingöngu vegna þjóðernis vera fráleit hugmynd,“ skrifaði einn í þráð á Twitter.

Þetta snýst ekki um þjóðrembing eða ófullnægjandi vöru. Þegar öllu er á botninn hvolft þá snýst þetta um réttindi neytenda á upplýstu vali og að fá það sem þeir telja sig vera að kaupa. Í Gallup-könnunum fyrir árin 2020–2022 um kauphegðun Íslendinga kemur fram skýr vilji landsmanna til að versla íslenskt. Það sé hins vegar upplifun margra að þeir séu blekktir til að kaupa innfluttar vörur vegna bágra merkinga. Þannig eru 72% óánægð með að erlendar kjötvörur séu seldar undir íslenskum vörumerkjum og 63% svarenda óska þess að innlendar matvörur verði upprunamerktar.

### *Drifkraftur neytenda*

Mælingar Gallup síðustu ár benda til þess að meira en helmingur Íslendinga hafi breytt daglegum neysluvenjum sínum nokkuð eða mikið til að minnka umhverfisáhrif. Þá sýna tölur erlendis frá að hjá dagvöruframleiðendum er vöxturinn mikill hjá þeim sem selja sjálfbæra og umhverfisvæna vöru. Er þetta í takt við það sem kannanir erlendis sýna og eru neytendur reiðubúnir að greiða hærra verð fyrir umhverfisvænu vöruna. Allt eru þetta áherslur neytenda sem ná þvert á alla hópa og litlar breytingar eru á viðhorfi eftir t.d. aldri, menntun, búsetu eða kyni. Drifkraftur framleiðslunnar kemur þannig frá neytendum þar sem þarfir viðskiptavina munu til framtíðar ráða miklu um vöruúrval.

Þannig þurfi að tryggja betur rétt neytenda til upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif matvæla, ásamt því að finna leiðir til að upplýsa neytendur og fyrirtæki betur um réttindi og skyldur. Það er sameiginlegt hagsmunamál neytenda, stjórnvalda, verslunarinnar, framleiðenda og innflytjenda að bæta enn frekar merkingar á matvælum og tryggja þannig betur rétt neytenda til upplýsinga, sérstaklega þegar neytendur vilja beina kaupum sínum að innlendri framleiðslu þar sem þeir telja sig nokkuð kunnuga um framleiðsluhætti innlendra búfjárafurða.

### *Þörf er á vottun*

Í anda góðra tengsla milli framleiðenda og neytenda þarf að stefna markvisst að því að innleiða upprunamerkið Íslenskt staðfest á alla frumframleiðslu matvæla hér á landi og sem fylgir vörum gegnum framleiðslu og söluferli, því neytendur eiga skýlausan rétt á upplýsingum um uppruna og innihald matvæla; í verslunum, kjötborðum, á veitingahúsum og í mötuneytum.

Meðvitund og áhugi forsvarsmanna fyrirtækja og samtaka neytenda, um þær kröfur sem gerðar eru í löggjöf tengdri matvælum og rétti neytenda til upplýsinga, mætti þannig vera meiri. Því er eðlilegt að kröfurnar fái nánari kynningu, leiðbeiningar liggi fyrir, auk þess sem nauðsynlegt er að virkt eftirlit sé með framfylgd þeirra.

Neytendur eiga ekki að þurfa að sætta sig við að krydd á kjötsneið þurrki út þörfina á upprunamerkingu, en þannig var innleiðing á evrópsku reglunum um upprunamerkingar. Þess vegna hefur skapast þörf fyrir upprunamerki fyrir íslenskar búvörur. Sú viðurkennda vottun sem upprunamerkið Íslenskt staðfest felur í sér er mikilvægur liður í að tryggja áreiðanleika upplýsinga um matvæli.

***Vigdís Häsler,***
*framkvæmdastjóri*
*Bændasamtaka Íslands.*

**Bændablaðið kemur næst út**
**24. ágúst**

LÍFRÆNT ÍSLAND

# Lífræna geiranum gefinn meiri gaumur

**Meðal markmiða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til ársins 2030, sem snúa að lífrænni ræktun, eru meðal annars áhersluatriði um að að minnsta kosti 25 prósent af ræktuðu landi innan sambandsins verði að vera lífrænt ræktað, draga þurfi úr varnarefnanotkun og minnka næringarefnaleka um helming ásamt því að draga þurfi úr áburðarnotkun um 20 prósent.**



Erla Hjördís Gunnarsdóttir.

Ljóst er að lífræna geiranum er gefinn mun meiri gaumur en áður í Evrópu en í matvælastefnu Evrópusambandsins er heilum 49 milljónum evra meðal annars varið til kynningarefnis lífræna vara ásamt samþættingu vara í lágmarks-skylduviðmiðum fyrir græn opinber innkaup. Þar að auki mun um 30 prósent af fjármagni úr Horizon Europe-sjóðnum verða veitt til þekkingarframfara á lífrænum matvælakerfum næstu fjögur árin.

Eitt skref í átt að aukinni vitundarvakningu almennings í Evrópu var að halda hátíðlegan lífræna daginn, 23. september 2021, sem jafnframt var fagnað í fyrra og vonandi um ókomin ár. Aðilar sem tengjast lífrænni framleiðslu á Norðurlöndunum fylgjast grannt með hverju skrefi sem tekið er innan raða Evrópusambandsins þegar kemur að þessum málaflokki og er ljóst að Íslendingar geta sannarlega fylgt löndum Evrópu fast eftir séu réttar forsendur til staðar.

Svíþjóð er eitt af leiðandi löndum heims þegar kemur að lífrænni framleiðslu og neyslu. Þegar kemur að hlutdeild lífræns ræktunarlands, hlutdeild lífrænna matvæla hjá hinu opinbera og einkaneyslu á lífrænum matvælum eru Svíar ofarlega þegar litið er til annarra landa heimsins. Árið 2022 jókst sala lífrænna matvæla í Svíþjóð um 2,5 prósent en sala beint frá bónda í þessum vöruflokki jókst um 5,9 prósent á sama tímabili.

Sömu þróun má sjá í Finnlandi þar sem framleiðsla á lífrænum matvælum eykst hægt og rólega. Ræktun lífrænna vara eykst um nær tvö prósent árlega en í Evrópu er sú tala helmingi hærri. Svíar standa betur að vígi en Finnar þegar kemur að framleiðslu lífrænna matvæla en vegna þess búast Finnar við mun meiri eftirspurn eftir slíkum vörum á næstu árum og áratugum í sínu heimalandi. Yfir tíu prósent af ræktunarsvæði í Finnlandi er nú nýtt til lífrænnar framleiðslu en tæplega 4.500 býli stunda nú lífrænan búskap.

Heildarlandsvæði í Noregi sem er vottað lífrænt er 4,3% af heildarlandbúnaðarlandi landsins. Heildarfjöldi bænda í lífrænni ræktun í Noregi eru tæplega tvö þúsund talsins. Í Noregi eru nokkur áhugaverð verkefni sem tengjast lífræna geiranum og eitt þeirra kallast Hvetjandi bændur þar sem áhugasamir og rótgrónir lífrænir bændur vinna að því að hvetja starfsbræður sína og nýliða í greininni til að fjárfesta í lífrænni framleiðslu. Hlutverk þeirra er einnig að hvetja matvörukeðjur, verslanir og neytendur, þar á meðal stóreldhús, til að forgangsraða lífrænum vörum sem framleiddar eru í Noregi. Í dag eru hvetjandi bændur orðnir 40 talsins um allt land og hvetjandi verslanir hafa einnig bæst við verkefnið.

Danir fullyrða að þeir séu með þeim fremstu í heimi þegar kemur að lífrænni framleiðslu og sölu á lífrænum vörum og sýna tölur að sú er raunin en um 80 prósent Dana kaupa lífrænar vörur. Árið 2021 voru Danir með hæstu lífrænu markaðshlutdeild í heimi, eða 13 prósent.

> „Yfir tíu prósent af ræktunarsvæði í Finnlandi er nú nýtt til lífrænnar framleiðslu."

Helmingur íbúa Danmerkur kaupa lífrænar vörur í hverri viku. Það er kannski ekki svo skrýtið þar sem Danir voru fyrsta landið til að koma á reglum fyrir lífræna framleiðslu, ríkiseftirliti með lífrænni framleiðslu og fyrsta landið til að innleiða lífræna merkið Ø ásamt því að vera fyrstir í heiminum til að kynna þjóðarmarkmið um að 60 prósent matvæla ættu að vera lífræn í opinberum eldhúsum.

Það er því ljóst að í Evrópu og á Norðurlöndunum er lífræna hreyfingin á fleygiferð í átt að mörgum jákvæðum skrefum. Því má síðan bæta við í lokin að forsvarsmenn lífræna geirans á Norðurlöndunum hafa allir hafið undirbúning fyrir stærstu sýningu lífrænna matvæla á Norðurlöndunum, Nordic Organic Food Fair, sem haldin verður dagana 15. og 16. nóvember næstkomandi í Malmö í Svíþjóð. Það væri því ekki úr vegi fyrir aðila hérlendis, sem tengjast ræktun lífrænna matvæla, að bera saman bækur við starfsbræður sína í Malmö.

*Erla Hjördís Gunnarsdóttir, verkefnastjóri Lífrænt Ísland*

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is








Niðurstöðurnar sýna að þrátt fyrir að hin viðurkennda verndandi ARR-samsæta sé mjög sjaldgæf er hægt að innleiða hana tiltölulega hratt hér á landi, þannig að allar kindur á riðusvæðum verði með verndandi arfgerðir eftir innan við 10 ár og allur stofninn eftir innan við 20 ár. Mynd / ÞÞ

# Hægt að innleiða ARR hratt án þess að stofna stofninum í hættu

**Búið er að birta lokaskýrslu verkefnisins „*Ræktun gegn riðu - Áhrif mismunandi leiða við innleiðingu verndandi arfgerða metin með slembihermunum*“ á heimasíðu RML.**

Verkefnið var unnið af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og var styrkt af Þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar. Niðurstöðurnar sýna að þrátt fyrir að hin viðurkennda verndandi ARR-samsæta sé mjög sjaldgæf er hægt að innleiða hana tiltölulega hratt hér á landi, þannig að allar kindur á riðusvæðum verði með verndandi arfgerðir eftir innan við 10 ár og allur stofninn eftir innan við 20 ár. Þetta er hægt með viðráðanlegum fjölda arfgerðagreininga og án þess að setja stofninn í hættu vegna skyldleikaræktar eða lítillar virkrar stofnstærðar.



Jón Hjalti Eiríksson.



Þórdís Þórarinsdóttir.

Þegar fyrstu íslensku kindurnar sem bera ARR-samsætuna fundust á bænum Þernunesi á Austurlandi í fyrra vöknuðu miklar vonir um innleiðingu samsætunnar í íslenska sauðfjárstofninn og sigur í baráttunni gegn riðu, en ARR-samsætan er alþjóðlega viðurkennd sem verndandi gegn riðu. Fáir arfberar ARR, sem allir eru úr sömu hjörðinni í upphafi, vekja hins vegar áhyggjur um að innleiðing samsætunnar í allan stofninn geti verið tímafrek og kostnaðarsöm, dregið úr erfðaframförum í kynbótastarfinu ásamt því að valda óhóflegri skyldleikarækt og tapi á erfðafjölbreytni í stofninum. Markmið þessa verkefnis var því að meta áhrif mismunandi leiða innleiðingar ARR í íslenska sauðfjárstofninn og voru helstu áhrifaþættir til skoðunar: Hraði innleiðingar, skyldleikarækt, virk stofnstærð og erfðaframför.

Í rannsókninni var íslenski sauðfjárstofninn og kynbætur á honum settur upp með hermilíkani í tölvu og reyndum við eftir fremsta megni að líkja eftir stofninum í raun. Stofninum var skipt niður í hjarðir og hjörðunum skipt þannig að hluti var á riðusvæðum og hluti á öðrum svæðum. Í hermilíkaninu voru hermdir þrír framleiðslueiginleikar: Fallþungi, gerð og mæðraeiginleiki. Settar voru upp 12 sviðsmyndir fyrir 20 ár af riðumótstöðuræktun þar sem ARR-samsætan var innleidd í 130.000 áa stofn. Þrjár breytur aðskildu sviðsmyndirnar: 1) hvort áhersla á riðumótstöðuræktun var mikil í öllum stofninum eða mikil á riðusvæðum en minni annarstaðar, 2) hversu stórt hlutfall lamba var arfgerðargreint, og 3) hvort hrútar með verndandi arfgerðir voru aðeins notaðir í eitt ár eða í allt að þrjú ár. Til samanburðar var sett upp grunnsviðsmynd þar sem aðeins var valið fyrir framleiðslueiginleikum. Í töflu 1 má finna lýsingu á sviðsmyndunum sem eru sýndar í myndum 1 til 3 í þessari grein.

Í öllum sviðsmyndum báru nánast allar kindur minnst eina ARR-samsætu eftir 20 ár af riðumótstöðuræktun og á riðusvæðum eftir 9 ár. Á mynd 1 sést þróun arfgerðahlutfalla ærstofnsins í fjórum af sviðsmyndum rannsóknarinnar. Eftir 20 ár af riðumótstöðuræktun er hlutfall arfhreinna ARR-gripa að nálgast 100% í sviðsmyndum þar sem allur stofninn leggur áherslu á innleiðingu en er á bilinu 50-70% í sviðsmyndum þar sem minni áhersla er utan riðusvæðanna.

Mikill munur var á fjölda arfgerðar




Mynd 1 - Þróun arfgerðahlutfalla ærstofnsins á árunum eftir að riðumótstöðuræktun hefst. Q eða R tákna breytileika í sæti 171.




Mynd 2 - Þróun meðalskyldleikaræktarstuðuls í stofninum við innleiðingu ARR-samsætunnar.




Mynd 4 – Virk stofnstærð fyrir ár 1-15.

MYKJULÓN

Hagkvæm geymsla verðmæta

Mykjulón eru hagkvæm og afturkræf aðferð við geymslu á húsdýraáburði sem gerir bændum kleift að hámarka verðmæti áburðarefna og uppfylla kröfur um geymslu búfjáráburðar. Mykjulón eru styrkhæf framkvæmd.

Verðdæmi:

1.000m³ 2.800.000 án vsk. Kr. 3.472.000 m/vsk

1.500m³ 3.500.000 án vsk. Kr. 4.340.000 m/vsk

2.000m³ 4.300.000 án vsk. Kr. 5.332.000 m/vsk



VINNUVÉLAR & ÁSAFL

Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær
www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400

## Merkingar og lýsingar sviðsmynda sem sýndar eru á myndum í þessari grein

| Sviðsmynd | Lýsing |
|---|---|
| 1_I_gg | Mikil áhersla á innleiðingu ARR á öllu landinu. Hefðbundin endurnýjun hrúta. |
| 1_I_uu | Mikil áhersla á innleiðingu ARR á öllu landinu. Ásettir ARR hrútar fyrstu árin aðeins notaðir í 1 ár. |
| 2_I_gg | Minni áhersla á innleiðingu ARR utan riðusvæða. Hefðbundin endurnýjun hrúta. |
| 2_I_uu | Minni áhersla á innleiðingu ARR utan riðusvæða. Ásettir ARR hrútar fyrstu árin aðeins notaðir í 1 ár. |
| Grunnur | Aðeins hefðbundið ræktunarstarf. |

greininga milli sviðsmynda. Þar sem mest var greint þurfi næstum eina og hálfa milljón arfgerðargreininga á næstu 20 árum sem gæti kostað hátt á fjórða milljarð króna. Ef lægra hlutfall er greint og aðeins riðusvæði hefja riðumótstöðuræktun af fullum krafti dugar aftur á móti að greina um 300 þúsund kindur samtals næstu 20 ár, að hámarki 30 til 40 þúsund á ári. Kostnaður við slíka leið gæti væri nær 700 milljónum, miðað við 2.500 kr á greinda kind. Umfangsmiklar arfgerðargreiningar, svo sem mikil greining gimbrarlamba til lengri tíma, skilaði litlum viðbótarárangri miðað við kostnað og breytti litlu um erfðaframför og skyldleikarækt samkvæmt líkaninu.

Í öllum tilfellum dró riðumótstöðuræktunin úr erfðaframför fyrir framleiðslueiginleikana, samanborið við grunnsviðsmyndina. Niðurstöðurnar benda til að á bilinu 6 til 10 ár af framförum gætu tapast, sem lauslega áætlað getur jafngilt um 600 milljóna verðmætum fyrir greinina. Aftur á móti var lítill munur á riðumótstöðusviðsmyndum varðandi tap á erfðaframför.

Mynd 2 sýnir þróun skyldleika- ræktarstuðuls í stofninum í fjórum sviðsmyndum riðumótstöðuræktunar og í grunnsviðsmyndinni til samanburðar. Allar sviðsmyndir riðumótstöðuræktunar leiddu til meiri skyldleikaræktar en hefðbundin ræktun. Skyldleikaræktin var afgerandi meiri í sviðsmyndum þar sem allur stofninn lagði áherslu á innleiðingu ARR en í sviðsmyndum þar sem áherslan var meiri á riðusvæðum en á öðrum svæðum. Sviðsmyndir þar sem hrútar voru endurnýjaðir hratt leiddu til minni skyldleikaræktaraukningar en sviðsmyndir þar sem endurnýjun hrúta var hefðbundin. Mynd 3 sýnir virka stofnstærð á árum 1 til 15 af riðumótstöðuræktun fyrir fjórar sviðsmyndir ásamt grunnsviðsmyndinni. Í öllum sviðsmyndum minnkaði virk stofnstærð við riðumótstöðuræktun í samanburði við grunninn. Lægsta virka stofnstærðin var 86 sem er þó vel yfir 50 sem mælt er með sem algeru lágmarki af Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna. Niðurstöðurnar sýndu að hraðari endurnýjun hrúta eykur virka stofnstærð og eru áhrifin sérstaklega greinileg í sviðsmyndum þar sem innleiðing ARR fer hratt fram í öllum stofninum.

Niðurstöður þessa verkefnis sýna að þrátt fyrir lága upphafstíðni ARR-samsætunnar er hægt að innleiða samsætuna í allan íslenska sauðfjárstofninn á innan við 20 árum og á riðusvæðum á innan við 10 árum. Þó riðumótstöðuræktunin hafi neikvæð áhrif á skyldleikarækt er þetta hægt án þess að skyldleikarækt fari yfir hættumörk eða virk stofnstærð fari undir hættumörk. Þrátt fyrir það er rétt að hvetja bændur og forsvarsmenn sæðingastöðvanna til að nota ekki sömu ARR hrútana mikið fyrstu ár innleiðingarinnar og helst skipta þeim út árlega, enda sýna niðurstöður hermilíkansins að notkun lambhrúta eingöngu eykur virka stofnstærð verulega.

Í þessari rannsókn var aðeins horft til arfgerða með ARR-samsætunni og niðurstöðurnar sýna að við getum vel komið okkur upp stofni sem er ónæmur fyrir riðu á stuttum tíma með því að horfa eingöngu til ARR. Það þýðir ekki að við eigum að hætta að horfa til fleiri arfgerða sem rannsóknarniðurstöður benda til að veiti góða vernd gegn riðu. Fleiri samsætur fjölga þeim möguleikum sem við höfum.

Svona hermilíkan getur að sjálfsögðu ekki líkt eftir öllum atriðum raunveruleikans og er í einhverjum tilfellum byggt á einföldunum. Slík líkön eru þó einhver nákvæmasta leið sem við höfum til að spá fyrir um framtíðina og gefa góða mynd af afleiðingum mismunandi ræktunaráherslna, sem er mjög gagnlegt hjálpartæki við stefnumörkun. Líkanið sem sett var upp í þessu verkefni er hægt að nota til að svara fleiri spurningum um kynbótastarfið í sauðfjárræktinni, bæði um ræktun á riðuþolnu fé og hefðbundnara kynbótastarf.

*Þórdís Þórarinsdóttir,*
*ráðunautur hjá RML*
*Jón Hjalti Eiríksson,*
*lektor hjá LBHÍ*












SKÓGRÆKT



Barr á degli er fremur mjúkt. Hér sést grein með nývexti í júní.
Myndir / Pétur Halldórsson.

# Degli *(Pseudotsuga menziesii)*

***Pseudotsuga* er lítil ættkvísl a.m.k. sex tegunda sígrænna barrtrjáa af þallarætt (Pinaceae).**

Fjórar tegundir eru í Austur-Asíu, allar sjaldgæfar, og tvær í vestanverðri Norður-Ameríku. Önnur þeirra síðarnefndu hefur nokkuð verið reynd hérlendis og gæti verið framtíðartré í skógrækt á Íslandi með hlýnandi loftslagi.

### *Nafnaóreiða*

Nokkuð hefur verið á reiki hvað kalla skuli þessa tegund á íslensku, degli, döglingsvið eða douglas-greni. Því síðasttalda er auðvelt að hafna því grenitegund er þetta ekki. Vísun í konungsheitið döglingur úr fornkvæðunum væri aftur á móti til sóma þvílíkri eðaltrjátegund. Þó virðist sem tillaga Axels Kristinssonar, degli, sé helst að festast í málinu. Það er þjált, stutt og laggott heiti.

En víðar er nafnaóreiða á degli en hérlendis. Í fyrsta lagi kemur ættkvíslarheitið Pseudotsuga spánskt fyrir sjónir því það þýðir eiginlega „gerviþöll“. Við sjáum líka erlend heiti á degli sem vísa ýmist til grenis, þallar, furu eða þins – en þó ekki til lerkis, einhverra hluta vegna. Það er nokkuð kostulegt því þróunarfræðilega er það lerkiættkvíslin sem er skyldust degliættkvíslinni af öllum ættkvíslum þallarættarinnar. Margt er skrýtið í kýrhausnum.

Heitið degli vísar beint og óbeint til grasafræðingsins skoska, Davids Douglas, sem fæddur var 1799. Douglas er sagður hafa komið fyrstur með deglifræ til Evrópu og vakið á tegundinni athygli. Uppruna latneska tegundarheitisins menziesii má hins vegar rekja til annars skosks grasafræðings sem hét Archibald Menzies og var fæddur hálfri öld fyrr, 1754. Hann lýsti tegundinni fyrstur og kom með sýni af henni vestan um haf. Af þeim sýnum var tegundin ranglega greind sem fura. Og þótt degli minni lítt á furu lifir furutengingin góðu lífi því timbrið úr degli er kallað Oregon pine sem þýðir „fura frá Oregon“. En svo við drögum þetta saman er degli sérstök ættkvísl innan þallarættar. Þar með er það skylt furu , greni , þallar , þin- og lerkitegundum, þróunarfræðilega skyldast lerkinu sem fyrr segir.

### *Með hæstu trjám*

Degli er einstofna tré með keilulaga krónu og getur vaxið hratt við góðar aðstæður. Þetta er mjög stórvaxin trjátegund sem mun örugglega ná 30 metra hæð hérlendis og vafalaust miklu meira en það. Degli hefur nú þegar náð yfir 20 m hæð í Hallormsstaðaskógi og tegundina má finna í skógum víða um land þótt hvergi myndi hún skóg. Í upprunalegum heimkynnum sínum í miðhluta vesturstrandar Norður-Ameríku er talið að fyrrum hafi staðið deglitré sem náð höfðu yfir 120 metra hæð. Mögulega voru það hæstu tré í heiminum þá. Hæsta deglitréð sem nú er þekkt er um eitt hundrað metra hátt. Í nokkrum Evrópulöndum standa deglitré sem gróðursett voru á nítjándu öld og nálgast nú 70 metra. Hérlendis hefur degli þroskað fræ og hraustar sjálfsánar degliplöntur má finna í Stálpastaðaskógi í Skorradal – alíslenskt degli.



Deglitré á Mógilsá, gróðursett 1994, í góðum vexti.

### *Framtíðartré*

Degliviður er mjög eftirsóttur þegar krafist er stöðugs efniviðar sem haggast lítið við hita- og rakabreytingar, svo sem í gluggasmíði. Stór deglitré gefa mikinn kvistalausan við sem er mjög verðmætur. Á meginlandi Evrópu er litið til deglis sem framtíðartegundar í skógrækt, ekki síst eftir því sem loftslagsröskun sverfur að. Tegundin er hins vegar viðkvæm í æsku, bæði fyrir næðingi og haustfrostum. Hana verður því að rækta upp í skjóli eldri trjáa. Af því að degli getur nýtt sér samlífi við sömu svepprótartegundir og lerki getur verið mjög álitlegur kostur fyrir okkur að rækta það undir eldri lerkitrjám þar sem það getur notið bæði skjóls og frjósemi. Vel má sjá fyrir sér að á komandi árum verði degli víða látið taka við af lerki í íslenskum skógum, sérstaklega í innsveitum. Lerkireitir með illa aðlöguðum lerkikvæmum verða e.t.v. best nýttir með því að láta þá fóstra deglitré í uppvexti. Lerkitrén víkja þá í fyllingu tímans þegar deglið hefur harðnað og getur bjargað sér á eigin spýtur. Degli gæti þannig komið að góðu gagni á Íslandi við auka fjölbreytni og þar með mótstöðuafl skóganna, ekki síður en á meginlandi Evrópu.

Degli er falleg trjátegund og gefur mjög verðmætt timbur en hentar líka mjög vel sem jólatré.

***Pétur Halldórsson***

RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS



Ekki eru til margar tilraunir sem skoða samband áburðarsvörunar við mismunandi skammta köfnunarefnis á mismunandi jarðvegsgerðum en árið 2009 var þetta samband skoðað út frá gögnum sem fengust úr áburðarsvörunartilraunum sem voru gerðar í Hörgárdal. Þær sýndu að frjósamasti jarðvegurinn, mýrartún, gáfu mestu heildar uppskeruna en hlutfallslega minnstu áburðarsvörunina en áburðarsvörun jókst með minnkandi magni köfnunarefnis í jarðvegi.

# Mæling á glæðitapi

## – Viðbót við jarðvegsefnagreiningar

**Jarðvegsefnagreiningar gefa upplýsingar um sýrustig (pH) jarðvegs og magn auðleystra plöntunæringarefna sem svo eru nýttar til að áætla áburðarþarfir ræktunarspildna og til að meta þörf á kölkun.**

Plöntunæringarefnin sem mæld eru í jarðvegsefnagreiningum hér á landi eru aðalnæringarefnin fosfór (P), kalíum (K), kalsíum (Ca) og magnesíum (Mg) og á síðustu árum var snefilefnunum mangan (Mn), sink (Zn) og kopar (Cu) bætt við. Einnig er rúmþyngd jarðvegsins mæld. Köfnunarefni (N) hefur aldrei verið hluti af stöðluðum jarðvegsefnagreiningum hér á landi þar sem nokkuð dýra tækni þarf til þess að mæla N í jarðvegi og því um nokkuð dýra greiningu að ræða.

Á tímum þar sem kolefni (C) í lofti og láði er allsráðandi í umræðunni um hlýnun jarðar er ljóst að mikill kostur væri að hafa einhverskonar mælingar á C í ræktarlandi. Nokkuð hefur því verið rætt hvort ekki væri mikilvægt að bæta við aðferð, í staðlaðar jarðvegsefnagreiningar á jarðvegssýnum bænda, sem mælir hlutfall lífræns efnis í jarðvegi. Til er aðferð sem nefnist glæðitap (e. Loss-on-ignition) sem er einföld mæling, auðveld í framkvæmd og þarfnast mjög einfalds tækjabúnaðar. Í öllum lífrænum efnasamböndum er kolefni og getur glæðitap því nýst sem óbein mæling á kolefni (C) í jarðvegi. Auk þess er mjög náið samband á milli C og N í jarðvegi og því getur mæling á lífrænu efni líka nýst til þess að meta köfnunarefni í jarðvegi (sjá mynd 1).

### *Lífrænt efni í jarðvegi – mikilvægur þáttur*

En hvað er lífrænt efni eiginlega? Jú það er, ásamt steinefnum, það efni



Sigurður Max Jónsson.



Þórey Gylfadóttir.

sem myndar hinn fasta hluta jarðvegs. Lífrænt efni í jarðvegi samanstendur af ummynduðum leyfum plantna og dýra og getur verið mjög breytilegt að gerð og samsetningu. Lífræni hluti jarðvegs gegnir ýmsum mikilvægum hlutverkum í jarðvegi og tengist í stórum dráttum hringrás næringarefna, frjósemi jarðvegs og heilbrigði jarðvegs auk kolefnisbindingar.

**Hringrás næringarefna:** Lífrænt efni gegnir því mikilvæga hlutverki að miðla næringarefnum sem berast með því í jarðveginn. Þau efni sem helst berast í jarðveginn með niðurbroti lífrænna efna er köfnunarefni (N), fosfór (P) og brennisteinn (S), ásamt fleiri efnum sem eru þó í miklu minni mæli. Með niðurbroti lífrænna efna í jarðvegi verða þessi næringarefni aðgengileg plönturótum í gegnum hringrásir sérhvers efnis.

**Frjósemi og heilbrigði jarðvegs:** Lífrænt efni í jarðvegi er nátengt frjósemi jarðvegs. Jarðvegur með hátt lífrænt innihald er að öllu jöfnu frjósamari en steinefnaríkur jarðvegur en það er vegna þess að lífræni hlutinn hefur jákvæð áhrif á ýmsa eiginleika jarðvegs eins og byggingu hans, vatnsheldni og katjónarýmd. Greining á lífrænu efni getur því gefið innsýn í frjósemisstöðu jarðvegs og hjálpað til við túlkun á áburðarþörfum hans. Lífrænt innihald jarðvegs er grundvallarþáttur í heilbrigði jarðvegs þar sem það styður fjölbreytt örverulíf eins og t.d. bakteríur, sveppi og frumdýr. Jarðvegslífverur stuðla að heilbrigðri næringarefnahringrása, stuðlar að minni sjúkdómsálagi og halda uppi þeirri heildarvirkni sem fer fram í vistkerfi jarðvegsins.

**Kolefnisbinding:** Verulegur hluti af lífrænu efni er kolefni sem spilar meginhlutverk í kolefnishringrásinni enda er jarðvegur þriðja stærsta kolefnisgeymsla heims á eftir bergi og höfum. Greining á lífrænum hluta jarðvegs er nálgun á kolefnishlutfalli í jarðveginum og getur nýst sem tól til að meta hæfileika jarðvegs til að binda meira kolefni, sem er mikilvæg loftslagsaðgerð.

### *Hvernig getur mæling á glæðitapi hjálpað bændum í jarðrækt?*

**Kornrækt**

Í núverandi áburðarleiðbeiningum hjá RML fyrir korn er gerður greinarmunur á köfnunarefnisskömmtum eftir jarðvegsgerð. Það er vegna þess að rotnun lífræns efnis og losun köfnunarefnis og annarra næringarefna, er t.d. töluverð í mýrarjarðvegi en mjög lítil í rýru landi. Mýrartún, eða frjósamasta landið, ætti því að fá minnsta köfnunarefnisskammtinn en rýrt land ætti að fá stærsta. Magn lífræns efnis er mjög mismunandi í þessum tveimur jarðvegstegundum og jafnvel innan þessara jarðvegsgerða og þá einkum ef um framræst land er að ræða og ekki endilega hægt að setja framræst land allt undir sama hattinn þegar kemur að áburðarleiðbeiningum á korn. Sumt framræst land telst ekki endilega til mýrlendis, það hefur ekki nægilega hátt hlutfall kolefnis í jarðvegi til að flokkast sem slíkt. Hingað til hefur því verið reynt að nálgast heppilegasta áburðarskammtinn miðað við




**Mynd 1. Sterkt samband er á milli hlutfalls lífræns efnis í jarðvegi og annars vegar hlutfalli kolefnis í jarðvegi og hins vegar köfnunarefnis (Sigurður Max Jónsson, 2022). Jarðvegsflokkunin í myndum byggist á flokkun sem birtist t.d. í grein Ólafs Arnalds og Hlyns Óskarssonar (2009).**

fyrirliggjandi gögn og ræktunarsögu en glæðitapsmæling myndi styrkja áburðarleiðbeiningar í kornrækt þar sem hún mun bæta við mikilvægum upplýsingum.

Fyrir bændur í kornrækt þá er einnig gott að hafa góða hugmynd um magn köfnunarefnis í jarðveginum sérstaklega ef verið er að sá í lífrænan jarðveg og á fyrsta ári eftir endurræktun. Mikilvægt er að bera ekki of mikið á af N því það seinkar kornþroska síðsumars. Mikið aðgengi af N síðsumars getur valdið því að kornþroskinn sé kominn of stutt á veg þegar það er kominn tími til að þreskja en N sem losnar síðsumars, eykur fyrst og fremst hálmvöxt og seinkar um leið þroska kornsins. Glæðitapsmæling getur gefið óbeina mælingu á N í jarðvegi því ef lífrænt efni í jarðveginum er þekkt er hægt að nálgast magn N í jarðvegi sem myndi styrkja áburðarleiðbeiningar í kornrækt miðað við það sem nú er. Með mælingu á glæðitapi er því hægt að stilla köfnunarefnisskammta á korn með meiri nákvæmni en nú .

**Grasrækt**

Eins og áður kom fram getur verið umtalsverð losun á köfnunarefni úr frjósömu landi, en sú losun er breytileg eftir hlutfalli lífræns efnis sem köfnunarefnið losnar úr. Ekki eru til margar tilraunir sem skoða samband áburðarsvörunar við mismunandi skammta köfnunarefnis á mismunandi jarðvegsgerðum þar sem fyrir liggja mælingar bæði á C og/eða N í jarðvegi. Þóroddur Sveinsson og Þorsteinn Guðmundsson (2009) skoðuðu þetta samband út frá gögnum sem fengust úr áburðarsvörunartilraunum sem voru gerðar á nokkrum stöðum í Hörgárdal Þær sýndu að frjósamasti jarðvegurinn, mýrartún, gáfu mestu heildar uppskeruna en hlutfallslega minnstu áburðarsvörunina en áburðarsvörun jókst með minnkandi magni köfnunarefnis í jarðvegi. Gáfu þeir út eftirfarandi tillögu að köfnunarefnisgjöf miðað við magn N í jarðvegi; 120 kgN/ha ef N-tala væri „lág" 90 kgN/ha ef N-tala væri „miðlungs" og 60 kgN/ha ef N-tala væri „há". Þeir tóku þó skýrt fram að nauðsynlegt væri að leggja út fleiri tilraunir til að sannreyna gildi þessara niðurstaða fyrir almennar áburðarleiðbeiningar en slíkar tilraunir hafa því miður ekki verið lagðar út enn þann daginn í dag.

**C og N í jarðvegi**

Með óbeinum mælingum á bæði C og N í jarðvegi er hægt að skoða svokallað C/N hlutfall sem er mælikvarði á framboð köfnunarefnis í jarðvegi. C/N hlutfall er jafnan 10-20 í þurrlendisjarðvegi en 15-50 í votlendisjarðvegi (Þorsteinn Guðmundsson, 2018). Auk þess getur verið mjög nytsamlegt að vita C/N hlutfall jarðvegs þegar verið er að nota lífrænt efni, sem áburð þar sem C/N hlutfall í lífrænum efnum þarf að vera lægra en í jarðveginum til þess að það hafi áburðargildi en sé ekki einungis jarðvegsbætandi.

***Áhrif lífræns efnis á sýrustig og kölkun***

Mæling á lífrænu innihaldi jarðvegs myndi einnig styðja leiðbeiningar um kölkun í jarðrækt. Kölkunarþörf jarðvegs er að miklu leiti háð hlutfalli lífræns efnis í jarðvegi en einnig þó hlutfalli leirs í jarðvegi. Jarðvegur á Íslandi er jafnan með mjög hátt lífrænt innihald en þó líka mjög breytilegt og kölkunarþörf jarðvegsins getur því verið breytileg vegna þessa. Það eru til þumalputtareglur um kölkunarþörf jarðvegs eftir jarðvegsgerðum sem eru meira byggðar á reynslu bænda og ráðunauta frekar en á hérlendum tilraunum þar sem að þær skortir og því eru leiðbeiningar í dag meira almenns eðlisfrekar en sérstækar.

Víða erlendis er jónrýmd jarðvegs notuð til þess að áætla magn kalkefna, sem þarf við kölkun, en eiginleikar íslensk jarðvegs eru með þeim hætti að erfitt að reikna út jónrýmd hans.

Fjöldi bindimöguleika leiragna í eldfjallajörð er breytilegur eftir sýrustigi og einnig hefur hlutfall lífræns efnis í jarðvegi áhrif á jónrýmdina. Í öðrum jarðvegsgerðum er miklu auðveldara að reikna út jónrýmd því bindimöguleikar jarðvegs í lagsílikötum, sem eru ráðandi leirsteindir í hefðbundnum ræktunarjarðvegi erlendis. Hérlendis ætti að vera hægt að nýta upplýsingar um lífrænt innihald, sem fengist með glæðitapsmælingu, til að nálgast hvers mikið kalk þarf til þess að hækka sýrustig um tiltekið gildi með meiri nákvæmni en nú er hægt. Kalkþörf mundi þá geta tekið tillit til upphafs sýrustigs jarðvegs, því sýrustigi sem stefnt er að og lífrænu innihaldi jarðvegs. Samt sem áður vantar töluvert uppá þekkingu á hérlendum jarðvegi og framkvæma þyrfti títrunarmælingar á tilraunastofu á mismunandi jarðvegsgerðum til þess að styrkja grunninn í leiðbeiningum á kalkþörf jarðvegs en mælingar á lífrænu innihald jarðvegs er skref í rétta í þessum efnum.

Í stuttu máli þá er greining á lífrænu innihaldi jarðvegs mikilvægt tæki til að meta frjósemi lands, heilsu jarðvegs, hringrás næringarefna og möguleika á bindingu kolefnis í jarðvegi ásamt því að nýtast til að styrkja ráðleggingar varðandi áburðarþörf ræktarlands og kölkunarþörf. Mat á kolefnisinnihaldi jarðvegs er viðbót við hefðbundnar jarðvegsefnagreiningar, eins og þær eru í dag, sem veitir ekki bara mikilvægar upplýsingar til að taka upplýstar ákvarðanir í landbúnaði, heldur getur líka nýst sem tól í umhverfisstjórnun og landnotkunarskipulagi. RML hefur því ákveðið að glæðitap verði bætt við staðlaðar mælingar á þeim jarðvegssýnum sem tekin verða af RML frá næstkomandi hausti. Faglegt mat er að sú viðbót í greiningum á jarðvegssýnum verði mjög til gagns fyrir bændur sem er byggt á þeim rökum sem farið hefur verið í gegnum hér að ofan. Við hvetjum bændur til að panta jarðvegssýnatöku tímanlega en það má t.d. gera á heimasíðu RML.

***Sigurður Max Jónsson og Þórey Gylfadóttir***
*jarðræktarráðunautar.*





Auglýst eftir umsóknum
um jarðræktarstyrki í garðyrkju



**Opnað hefur verið fyrir rafrænar umsóknir um jarðræktarstyrki í garðyrkju vegna útiræktunar á grænmeti, kartöflum og garðávöxtum til manneldis á Afurð.is.**

Umsóknum skal skilað eigi síðar en á miðnætti 15. ágúst næstkomandi. Til að geta sent inn umsókn í *Afurð* þarf að liggja fyrir skýrsla í forritinu *Jörð*. Vakin er sérstök athygli á að hægt er að skila skýrslu í *Jörð* án þess að endanleg uppskera ársins liggi fyrir.

Skilyrði fyrir veitingu stuðnings eru skil á skýrsluhaldi í skýrsluhaldsforritinu *Jörð* og fullnægjandi túnkort af ræktunarspildu sem sótt er um styrk fyrir.

**Stjórnarráð Íslands**
Matvælaráðuneytið


Olíujurtir í blóma á Hvanneyri. Mynd / Þóroddur Sveinsson

## Vetrarnepja:

# Próteinræktun og olíuframleiðsla

**Mikil tækifæri eru á ræktun olíujurta hér á landi. Með ræktun á olíujurtum má anna eftirspurn matarolíu, lífdísils og próteingjafa fyrir búfé.**

Niðurstöður rannsókna við Jarðræktarmiðstöð Landbúnaðarháskóla Íslands hafa sýnt tvöfalt meiri uppskeru vetrarrepju samanborið við vornepju og uppskerumöguleika á við það sem best gerist erlendis. En undanfarin ár hafa verið stundaðar rannsóknir á repju og nepju styrkt af Matvælasjóði, Þróunarsjóði nautgripabænda, Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar og Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Vetrarafbrigði eru ólík vorafbrigðum að því leyti að vetrarafbrigðum er sáð síðsumars og látin yfirvetrast sem blómgast svo og þroskast haustið eftir, rúmu ári eftir sáningu. Helsti munurinn á afbrigðum þegar kemur að kostnaði er áburðarliðurinn, þar sem bera þarf á við sáningu til vetrarundirbúnings og að vori eftir veturinn. Niðurstöður erlendis og hérlendis hafa sýnt fram á hærri uppskeru vetrarafbrigða en vorafbrigða sem leiðir til hærri tekna og vegur því upp á móti gjöldum sem við kemur ræktuninni.

Hér má sjá samanteknar niðurstöður tilrauna síðustu ára fyrir þrjár gerðir olíujurta

| | Þurrefni % | Rúmþyngd g/dL | Þúsundkornaþyngd g | Uppskera Tonn þe/ha | Olíuhlutfall % | Tonn olía/ha | Tonn repjukaka/ha |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vetrarnepja | 59 - 78 | 64 - 69 | 2,7 - 3,0 | 0,4 - 3,3 | 31 - 36 | 0,1 - 1,0 | 0,2 - 1,8 |
| Vetrarrepja | 57 - 78 | 55 - 67 | 3,2 - 5,2 | 1,4 - 5,6 | 36 - 43 | 0,5 - 2,4 | 0,8 - 3,2 |
| Vornepja | 57 - 88 | 58 - 68 | - | 0,8 - 2,3 | 38 - 46 | 0,4 - 1,1 | 0,4 - 1,2 |


Sunna Skeggjadóttir.


Hrannar Smári Hilmarsson.

Að því gefnu að vetrarafbrigðið lifi veturinn af, sem er ekki alltaf raunin hér á landi.

Olíurepja- og -nepja búa yfir ólíkum eiginleikum þegar kemur að þroska en hvað útlitið varðar eru þær mjög líkar. Nepja hefur styttri vaxtartíma og er harðgerðari en repja. Nepja er því talin öruggari í ræktun á norðlægari slóðum þrátt fyrir að repja skili alla jafna mun meiri uppskeru. Á heimsvísu er repja mun meira ræktuð en nepja en repja er með algengustu olíujurtum heims. Olían af nepju er alla jafna talin af síðri gæðum til manneldis en af repju.

Hægt er að fóðra svín með uppskeru olíujurta án þess að pressa olíuna úr fræinu. Við pressun fæst annars vegar olía og hins vegar kaka (sem áður hefur verið kölluð hrat). Olían nemur um ⅓ og kakan ⅔ af uppskerunni. Olíuna má meðal annars nýta til manneldis en kökuna má nýta sem próteinhráefni í fóður. En talsvert er af repjuköku og repjumjöli í kjarnfóðuruppskriftum fyrir nautgripi.

Repjukaka, úr íslenskri uppskeru, eftir eina umferð í kaldpressun er um 30% prótein en um 10% fita. Kökuna má þannig nýta beint í heilfóðurblöndu en huga þarf að magni kökunnar svo fituhlutfallið verði ekki of hátt í heildarfóðri gripa. Mögulegt er að minnka fituhlutfallið í kökunni enn frekar með því að pressa kökuna og nýta hita við pressun.

Umhleypingar, frostlyftingar, snjór og klaki eru þættir sem hafa áhrif á vetrarlifun olíujurta. Niðurstöður rannsókna á vegum Jarðræktarmiðstöðvar LbhÍ bentu til þess að sáðtími og haustáburður hafði áhrif á vetrarlifun, vaxtarhraða og uppskeru.

Bornir voru saman þrír sáðtímar á vetrarnepju á Hvanneyri 2021-22, ljóst var að vori að afföllin voru talsvert meiri hjá fyrri sáðtíma (8. júlí). En þær plönturnar sem eftir stóðu fengu því meira rými til vaxtar og urðu því mun stærri og með fleiri hliðarsprota. Plöntum sem sáð var seinna (28. júlí) voru talsvert fleiri í hverjum reit, grennri og hærri samanborið við fyrri sáðtíma. Engar plöntur lifðu veturinn sem sáð var 18. ágúst.

Niðurstöðurnar sýndu að plöntur sem fengu mismunandi sáðtíma meðferð urðu fullþroska á sama tíma haustið eftir. Fjöldi vaxtardaga fyrir fyrri sáðtímann var því 476 dagar en fyrir seinni 453 dagar, því munaði rúmum þremur vikum á vaxtartímanum. Þessar niðurstöður eru sambærilegar þeim sem finnast erlendis. Marktækur munur var á allflestum gæðaeiginleikum sem mældir voru en einungis munaði 0,2 tonn þe/ha í uppskeru á milli sáðtíma. Svo virðist sem plönturnar úr fyrri sáðtíma hafi náð að bæta upp fræuppskeru með því að nýta plássið en kom það verulega niður á gæðum uppskerunnar.

Repja og nepja eru kjörin til skiptiræktunar við korn og túnrækt. Stólparætur repjunnar brjóta jarðveginn á annan hátt en trefjarætur grastegunda. Sem tvíkímblöðungar veita olíujurtir þann möguleika að verjast ágangi einkímblöðunga í ræktun með varnarefnum, helst ber að nefna húsapunt. Varast skal einnig að rækta káltegundir eins og repju og nepju á sama stað lengi þar sem kálflugumaðkurinn getur auðveldlega grandað allri uppskeru í akri.

Hálmur olíujurta er góður undirburður en talinn steinefnaríkur og því gæti verið til bóta að skilja hann eftir til jarðvegsbóta en kanna má möguleika að nýta hann sem steinefnahráefni í fóðuruppskriftir.

Þó að möguleikar á olíujurtaræktun hér á landi séu talsverðir og eftirspurn olíu og próteins til staðar, þá er úrvinnsluþátturinn helsta hindrun í vegi stórfelldrar ræktunar. Því ljóst er að olíujurtum líður vel í íslenskri jörð.

*__Sunna Skeggjadóttir og Hrannar Smári Hilmarsson,__ starfsmenn Jarðræktarmiðstöðvar LbhÍ.*


SIXT langtímaleiga

Verð: 149.600 kr. á mánuði



Brostu hringinn!

(Tesla Model Y bíður eftir þér!)

Verð: 149.600 kr. á mánuði.

Komdu við í sýningarsalinn okkar að Krókhálsi 9 eða skoðaðu úrvalið og kynntu þér kosti langtímaleigu á sixtlangtimaleiga.is. Einnig getur þú haft samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is

Innifalið í langtímaleigu:

Þjónustuskoðanir · Tryggingar · Bifreiðagjöld · Hefðbundið viðhald · Vetrardekk · Dekkjaskipti

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.


## Bændablaðið kemur næst út 24. ágúst

# Hamprækt á Íslandi?

**Bændasamtök Íslands (BÍ), í samstarfi við Hampfélagið, lögðu nýlega fram könnun sem er opin öllum áhugasömum til 15. ágúst. Könnunin er aðgengileg á heimasíðum og samfélagsmiðlum félaganna, bondi.is og hampfelagid.is.**

Hamprækt á Íslandi er fjarlæg hugmynd í augum margra en það var kartaflan líka þegar hún var fyrst kynnt fyrir Íslendingum fyrir þremur öldum. Enginn hefur farið varhluta af kartöflum. Það er ærin ástæða til að trúa á að iðnaðarhampur geti orðið að nýrri „kartöflu“ fyrir íslenskan landbúnað. Sú ímynd af hampi sem náð hefur að skjóta hvað dýpstum rótum hérlendis er væntanlega sprottin frá Bandaríkjunum á tímum hippanna en þá fékk hampurinn orð á sig fyrir að vera eiturlyf. Allur annar ávinningur hampplöntunnar féll þar með í skugga þessara heilasljóvgandi áhrifa og þannig hefur það bara verið.





Hlynur Gauti Sigurðsson.



Þórunn Þórs Jónsdóttir.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar og í dag hafa vísindamenn náð orðstír hampsins aftur til vegs og virðingar. Það er nefnilega fjölmargt sem hampplantan getur gefið okkur. Sumir segja að hampur sé eina plantan sem æðri máttarvöld hafi ætlað manninum því hún veitir flest það sem mannveran þarfnast. Fyrir utan afurðir eins og trefjar í föt, stöngla í steypu og olíur til heilbrigðis má nefna jarðvegsbæti og kolefnisbindingu.

Ýmsir frumkvöðlar hafa prófað að rækta iðnaðarhamp hérlendis og er árangurinn misjafn, rétt eins og við var að búast; því þekking og reynsla er mislangt á veg komin. Þeirmsem hafa náð tökum á ræktuninni hefur þó tekist að sýna fram á að ræktunin er auðveldari en marga hefði grunað. Áskorunin nú er að skilgreina viðráðanleg markmið og finna viðeigandi markað fyrir þá afurð sem ætlunin er að rækta. Þá þarf að vita hvaða möguleikar eru fyrir hendi; hvar, hve mikið og fleira eftir því.

Tilgangur könnunarinnar er að safna upplýsingum til greiningar á núverandi stöðu iðnaðarhampræktar hérlendis og kanna mögulegt umfang hampræktar út frá því. Með viðunandi fjölda svara úr könnuninni má reikna með að hægt verði að áætla hvar á landinu sé mestur áhugi á hamprækt, hvaða landkostir eru til umræðu, flatarmál mögulegs ræktunarlands og ytri skilyrða og upp úr þeim gögnum má til dæmis gera útreikning á mögulegu framboði hráefnis og setja í samhengi við vaxandi eftirspurn.

Könnunin er gerð til að vinna að framgangi iðnaðarhampræktar á Íslandi.

*Hlynur Gauti Sigurðsson, sérfræðingur hjá BÍ og félagsmaður í Hampfélaginu og Þórunn Þórs Jónsdóttir, stjórnarformaður og einn af stofnendum Hampfélagsins.*


LSB
Lífeyrissjóður bænda

## Aukaársfundur

### Rafrænt stjórnarkjör

**Aukaársfundur Lífeyrissjóðs bænda** verður haldinn að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 31. ágúst 2023 og hefst kl. 11:00.

Á fundinum verða kynntar **niðurstöður rafræns stjórnarkjörs og tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.**

**Rafrænt stjórnarkjör fer fram dagana 21. – 28. ágúst n.k.** á vef sjóðsins www.lsb.is. Allir sjóðfélagar hafa jafnan atkvæðisrétt við stjórnarkjörið. Innskráning er með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Sjóðfélögum gefst einnig kostur á að greiða atkvæði kl. 9-14 virka daga á skrifstofu sjóðsins á meðan kosning stendur yfir.

**Framboðsfrestur er til og með 3. ágúst 2023.**

Kosið verður rafrænt um fjögur sæti í aðalstjórn og eitt sæti karls í varastjórn.

Framboðum skal skilað á kjornefnd@lsb.is eða til skrifstofu sjóðsins, merkt kjörnefnd. Með framboði skal koma stutt kynning um frambjóðanda ásamt mynd til birtingar á vef sjóðsins, www.lsb.is. Sjá nánari upplýsingar um stjórnarkjörið á vef sjóðsins og hvaða gögnum ber að skila vegna framboða til setu í stjórn sjóðsins.
Um hæfisskilyrði stjórnarmanna vísast til 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
**Tillögur um breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs bænda** eru kynntar á vef sjóðsins, www.lsb.is.

**LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA**
**Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík**
**s. 563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is**



# BÁRUPLAST



METAL

Suðurhrauni 12b - 210 Garðabæ | 545 4600 | metal@metal.is



# SERRALUX

Gróðurhús og yndisreitir í miklu úrvali

Sérstyrkt fyrir íslenskar aðstæður - 24 ára reynsla á Íslandi





Lágafell verslun og byggingar

LÁGAFELL VERSLUN OG BYGGINGAR EHF
VÖLUTEIGUR 4, 270 MOSFELLSBÆR
WWW.LAGAFELLVERSLUN.IS
846 7014 – 895 4152

Lágafell verslun og byggingar
Gróðurhús og Garðhús





Lífrænt hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Skoska landbúnaðarsýningin engri lík

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



**Seinnipartinn í júní var hin fræga og margrómaða landbúnaðarsýning Royal Highland Show haldin rétt utan við Edinborg eins og venja er.** Þessi sýning er nokkuð frábrugðin hefðbundnum landbúnaðarsýningum, þar sem Skotar leggja mikla áherslu á að sameina sýninguna við árlegt uppgjör í ótal keppnisgreinum. Úr verður eins konar blanda af landbúnaðarsýningu og því sem við á Íslandi þekkjum líklega best sem landsmót. Einkar góð blanda og áhugaverð. Sýninguna sóttu heim 217 þúsund manns og þar af þónokkrir Íslendingar, m.a. hópur nýnema frá Hvanneyri sem var í útskriftarferð í Skotlandi á sama tíma.

Á sýningunni, sem stóð yfir í fjóra daga, bar margt fyrir augu eins og vera ber. Sýningu sem þessari er líklega einna best gerð skil með myndum og skýringartextum og þó hér sé einungis gripið niður í örfá atriði, gefa myndirnar og textarnir nokkuð góða mynd af því sem fyrir augu bar á þessari skemmtilegu sýningu.



Mikill fjöldi ólíkra kúakynja var sýndur á Royal Highland Show. Mynd /Snorri

### *Fjölbreytt úrval tækja*

Á sýningunni voru rúmlega 800 sýnendur að kynna vörur sínar og þjónustu og mátti í raun sjá þarna alla tækni og tæki sem bændur í hefðbundnum búskap gætu þurft á að halda, allt frá handverkfærum og upp í stærstu vinnutæki.

Á svona sýningum er alltaf eitthvað sem stendur upp úr og vekur meiri athygli greinarhöfundar en annað, eins og Mitsubishi dráttarvélin sem hér má sjá. Það eru til fleiri tegundir dráttarvéla í heiminum en margir halda!




Mitsubishi framleiðir ýmislegt annað en bíla eins og sjá má. Mynd /Snorri



Á sýningunni voru m.a. kynbótagripir af skosku tegundinni Highland Cattle eins og hér má sjá. Mynd /RHSa

### *Gömul tæki - en ný!*

Á sýningum sem þessum er yfirleitt verið að skarta nýjum tækjum og tólum og árlega koma fram einhverjar nýjungar sem vekja áhuga sýningargesta. Það eru þó enn framleidd sígild tæki, sem hafa verið framleidd í áratugi og gott dæmi um það var þessi keðjudreifari frá skoska fyrirtækinu Marshall. Þarlendum bændum stendur til boða svona dreifari, sem hefur verið framleiddur nánast í sömu útfærslu í 40 ár, á rétt rúma milljón íslenskra króna!




Marshall keðjudreifarinn sem enn er hægt að kaupa í Skotlandi. Mynd /Snorri

### *Stærsta sláttuvélasamstæða í heimi*

Á sýningunni var sýnd stærsta sláttuvélasamstæða í heimi en um var að ræða svokallaða tvöfalda fiðrildauppsetningu frá fyrirtækinu SIP, þ.e. dráttarvélin er með framsláttuvél og svo tvær sláttuvélar á hvora hönd!

Hver vél er með rúmlega þriggja metra vinnslubreidd og með skörun þeirra er heildar sláttubreiddin hvorki meira né minna en 14,55 metrar. Þessi samstæða þarf hraustlega dráttarvél eða að lágmarki 350 hestafla vél. Eins og sjá má af myndinni, þá er vélasamstæðan svo stór að greinarhöfundur gat einungis tekið mynd af tæplega helmingi hennar!



Á sýningunni var einnig keppt í margs konar hestaíþróttum. Mynd /RHS




Hluti af stærstu sláttuvélasamstæðu heims. Mynd /Snorri

### *Handavinnukeppni*

Á sýningunni í ár voru til sýnis rúmlega 150 verðlaunagripir Skotlandsmeistaramóts í handverki, en þegar kemur að keppnisgreinum á því sviði eru hreint ótrúlega fjölbreyttir möguleikar til þátttöku. Veitt voru brons-, silfur- og gullverðlaun í hverjum flokki og voru flokkarnir eiginlega hver öðrum ótrúlegri.

Þannig höfðu keppendur m.a. sent inn ullarvettlinga af alls konar gerðum og stærðum sem voru dæmdir af fagfólki, þarna voru útskornar tréskálar, heklaðir dúkar, jólaleikföng, útsaumur og margt fleira mætti nefna.

Þá voru keppnisflokkar fyrir árið 2024 einnig kynntir til sögunnar en alls verður hægt að taka þátt í 61 keppnisgrein í handverki í 11 mismunandi flokkum það ár! Þeir voru athyglisverðir handgerðu fjár- og göngustafirnir, en alls höfðu verið sendir inn stafir í 16 mismunandi og eiginlega ótrúlega sérhæfðum flokkum.

Þannig var til dæmis gerður munur á fjárstöfum með handfangi úr slípuðu kindahorni og útskornu kindahorni svo dæmi sé tekið og sjá má á meðfylgjandi mynd.

### *Heimsmeistaramótið í rúningi*

Á sýningunni í ár var haldið heimsmeistaramótið í rúningi og tóku alls 350 þátt í keppninni og voru þátttakendurnir frá alls 30 löndum. Þá var ekki síður áhugavert að fylgjast með keppni í ullarfrágangi.

Þar komu saman öflugir keppendur sem sáu um að ganga frá ullarreifum frá tveimur rúningsmönnum og snerist keppnin um að ganga rétt frá ullinni, flokka tvíklippur og óhreina ull frá og halda gólfinu við rúningsmanninn hreinu. Þetta var svo gert á tíma og var einstakt að vera í salnum þar sem viðburðinum var lýst beint af íþróttafréttamanni sem tókst að gera keppnina enn meira spennandi og skemmtilega.

### *Fjölbreytt búfjárkyn*

Á Royal Highland Show koma bændur einnig með gripi sína til sýningar og keppa þarna eigendur hesta, geita, kinda og nautgripa um vegleg verðlaun á Skotlandsmeistaramóti búfjár. Auk verðlauna skiptir titillinn líklega

LESENDARÝNI



Nýbúar í sveitum landsins eru velkomnir. En það gerist æ algengara að jarðir séu setnar án búfjáhalds, sauðfjár. Þessir jarðeigendur líta sumir svo á að búfénaður nágrannanna megi ekki ganga til beitar á þeirra heimalöndum. Mynd / ghp

# Aftaka íslenskra sauðfjárbænda með ráðuneytisúrskurði

**Hvaða hömlur voru á búfjáreign fyrr á öldum hér á landi? Frá Færeyjum höfum við „Seyjabrevet" sem segir hversu stóran bústofn grasbíta hvert býli mátti hafa (mátti halda, eiga), til að ofgera ekki beitilandinu.**

Hér, á Íslandi, var ekki nein opinber skrá um beitaþol einstakra jarða, en jarðamatið var vegvísir, kúgildamatið. Það var einnig mælikvarði annarra auðlinda en aðeins um magn og gæði jarðargróða, beitilands. Í bók sinni KELTAR eftir Þorvald Friðriksson (2022) segir á bls. 69: „Í kúgildakerfinu er ein kýr sama og eitt hundrað á landsvísu, en það jafngildir sex ám, loðnum og lembdum í fardögum á vori, eða 120 álnum vöruvaðmáls, eða eitt hundrað í jörð, þ. e. jörð sem framfleytti einni kú eða sex ám." Þetta sýnir að forfeður okkar hugsuðu um gæði landsins og að ofbeita ekki. Skildu að hæfileg beit er eina leiðin til að viðhalda verðmæti landsins og tryggja afkomu til lengri tíma.

### *Sauðfé hefur alltaf gengið frjálst um heimalönd*

Reglur um smalanir heimalanda, þar sem gert er ráð fyrir að allir fjáeigendur í sömu „sveit", sama svæði, smali samtímis, sýna að gert var ráð fyrir að fé nágranna gæti gengið á þínu landi, eins og þitt fé gæti verið í högum nágrannans.



Sveinn Hallgrímsson.

Enda sé fjárfjöldi í samræmi við burðargetu landsins. Í kerfinu er gert ráð fyrir að fjárfjöldi hvers og eins miðaðist við beitarþol jarðarinnar. Innbyggt í þetta kerfi var „ásetningur", forðagæslan. Hver fjáreigandi þurfti að eiga ákeðið magn fóðurs fyrir hverja ásetta kind. Þetta fóðurmagn var mismunandi eftir sveitum og jörðum: Frá einni sátu upp í 2 hestburði. Þá var gert ráð fyrir að allir ættu kindur, að allir nýttu beitarréttinn. Margar jarðir eiga einnig upprekstrarrétt á afrétt, en það er sér kapítuli. Á stórum svæðum á Íslandi eru hins vegar, aðeins heimalönd, eins og t.d. algengast er í Strandasýslu. Bændur á Ströndum samræma smalamennskur með bændum í Reykhólasveit, þar sem heimalönd þeirra liggja saman. Það gera bændur vegna þess að fénaðurinn gengur ekki eingöngu á sínu heimalandi, frekar en fénaður nágrannanna.

### *Lýsing Íslands*

Þorvaldur Thoroddsen ferðaðist um Ísland á árunum 1876 og (aftur) 1881–1898. Hann kynnti sér landbúnað á Íslandi og fjallar um hann í þriðja bindi bókar sinnar, Lýsing Íslands. Í eftirfarandi grein mun ég vitna í Þorvald, enda eru lýsingar hans taldar nákvæmar og ábyggilegar. Hér verður vitnað í þriðja bindi af Lýsingu Íslands og aðeins nefndar blaðsíður.

Á bls. 99: Í Jónsbók segir: „Garður er granna sættir" og „hver maður skal löggarð gjöra um töðuvöll sinn". Þá er lýst hvað átt er við með löggarði. Enn fremur segir Þorvaldur: „Eftir Jónsbók voru menn þannig réttlausir fyrir ágangi fjár, ef menn höfðu ekki löggarða um tún sín." Þegar Jónsbók var lögtekin á Alþingi 1281, voru bændur óánægðir með þessi ákvæði, og bendir það til þess að þeir muni ekki allir hafa haft

# Áhættumatið og aðför að íslenskum hagsmunum

**Í fréttatilkynningu Hafrannsóknastofnunar og í grein Ragnars Jóhannssonar, rannsóknastjóra fiskeldis hjá stofnuninni, í Bændablaðinu hinn 9. mars kemur m.a. eftirfarandi fram:**

„Lokun fyrir laxeldi í innri hluta Ísafjarðardjúps túlkar Valdimar sem beina aðför að hagsmunum fyrirtækja í íslenskri meirihlutaeigu."

Margir veiðiréttaeigendur og umhverfissinnar hafa lagt áherslu á að Ísafjarðardjúp verði lokað fyrir laxeldi í sjókvíum og reyndar að eldi á norskættuðum laxi verið bannað í öllum fjörðum landsins.

Skoðum fyrst fyrri ákvæði um heimildir til eldis á frjóum eldislaxi í íslenskum fjörðum og förum síðan yfir þær svæðisbundnu takmarkanir sem settar hafa verið í áhættumati erfðablöndunar.



Valdimar Ingi Gunnarsson.

### *Fyrri takmarkanir*

Í auglýsingu nr. 460/2004 er tilgreint hvar heimilt er að vera með eldi á frjóum laxi og m.v. núverandi eldistækni takmarkast eldissvæðin við Austfirði, Eyjafjörð og Vestfirði. Í reglugerð nr. 105/2000 var sett ákvæði um fjarlægðarmörk laxeldis í sjókvíum við laxveiðiár, 5 km fyrir minni laxveiðiár og 15 km fyrir stærri laxveiðiár. Reglugerðin er nú fallin úr gildi en áfram stendur auglýsingin.

Það voru ekki allir sáttir með auglýsingu nr. 460/2004 og í umsögnum við fiskeldisfrumvarpið á árunum 2018 og 2019 koma Landssamband veiðifélaga (LV), nokkur veiðifélög og umhverfissamtök o.fl. með athugasemdir. Þar var m.a. bent á samkomulag frá 25. október 1988 af formanni Fiskeldis- og hafbeitarstöðva og veiðimálastjóra fyrir hönd Veiðimálastofnunar um að aldrei skyldi leyft að norskur lax væri notaður í sjókvíaeldi eða hafbeit og dreifingu hans skyldi takmarka við landeldi.

### *Áhættumatið*

Til að takmarka enn frekar eldi á frjóum laxi lagði Hafrannsóknastofnun til svokallað áhættumat erfðablöndunar á árinu 2017 til starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Fiskeldisfrumvarpið var fyrst lagt fram á árinu 2018 og aftur 2019 með veigamiklum breytingum að mati Landssambands veiðifélaga (LV). Fulltrúi LV sat í stefnumótunarhópnum ásamt fulltrúum fiskeldisfyrirtækja og stjórnvalda. Í umsögn LV er bent á að breytingar á áhættumatinu séu ekki til samræmis við það samkomulag sem gert var í starfshópnum. Jafnframt kemur fram í umsögn LV að *„áhættumat erfðablöndunar verði ekki túlkað sem sátt á milli hagsmunaaðila, og að LV væri áfram á móti eldi á frjóum laxi og vísar til eldra samkomulags um að norskur eldislax verði aðeins notaður í landeldi"*.

### *Aðför að íslenskum hagsmunum*

Fram kemur í grein rannsóknastjórans að *„matið gerir engan greinarmun á laxeldi eftir því hvort um innlend eða erlend fyrirtæki sé að ræða"*. En er það rétt? Reiknilíkan áhættumatsins sjálft gerir ekki greinamun á þjóðerni en það gera þeir sem vinna með líkanið og koma með tillögurnar eða setja reglurnar. Áhættumatið erfðablöndunar setur takmarkanir á:

- Framleiðsluheimildir til eldis á frjóum laxi.
- Svæði þar sem heimilt er að vera með eldi á frjóum laxi er minna í umfram en skilgreint er í auglýsingu nr. 460/2004.

Það er einkum með takmörkun á eldi í Ísafjarðardjúpi þar sem verið er að mismuna íslenskum fyrirtækjum og afleiðingin er að uppbyggingu hefur seinkað með tilheyrandi fjárhagslegu tjóni. Í grein rannsóknastjórans kemur fram að *„við gerð áhættumatsins voru varfærnissjónarmið höfð að leiðarljósi þar sem náttúran var látin njóta vafans"*. Því er til að svara, eins og höfundur hefur m.a. bent á í greinum sínum í Bændablaðinu á árinu 2020, að áhættumat erfðablöndunar hefur lítið sem ekkert með náttúruvernd að gera, það snýst fyrst og fremst um að úthluta framleiðsluheimildum.

### *Ferli málsins*

Það hefur alltaf verið og er enn þá mikil óánægja með áhættumat erfðablöndunar og skoðum ferli málsins og er varðar takmarkanir og úthlutanir framleiðsluheimilda fyrir Ísafjarðardjúp:

- *Ákvörðun 2017:* Hafrannsóknastofnun lagði til að loka Ísafjarðardjúpi þrátt fyrir auglýsingu nr. 460/2004 og svokallað reiknilíkan áhættumats erfðablöndunar gæfi möguleika á nokkurra þúsunda tonna eldi í Djúpinu. Þannig var fyrirhugað laxeldi íslensks fyrirtækis slegið út af borðinu. Hafrannsóknastofnun hefur ekki enn þá komið með fagleg handbær rök fyrir þessari ákvörðun að mati höfundar.
- *Ákvörðun 2018:* Hafrannsóknastofnun gaf út fréttatilkynningu um væntanlegt tilraunaeldi í Ísafjarðardjúpi og hafa sérfræðingar stofnunarinnar eflaust áttað sig á að ekki væri heiðarlega unnið og 3.000 tonna heimildir stóðu eftir skv. reiknilíkani áhættumatsins þegar laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila á sunnanverðum Vestfjörðum höfðu fengið allt sitt. Ekkert heyrðist meira um þetta tilraunaeldi og eflaust hefur jafnræðisreglan og skortur á lagaheimildum átt þar hlut að máli.
- *Ákvörðun 2019:* Það voru miklir hagsmunir undir og unnið var að því að fá heimild til eldis á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi af laxeldisfyrirtækjum, sveitarstjórnar- mönnum og fleirum og sendar voru fjölmargar umsagnir og athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið áður en það var lögfest á Alþingi Íslendinga. Ísafjarðardjúp var áfram lokað og með samþykkt fiskeldisfrumvarpsins voru miklir fjárhaglegir hagsmunir erlendra fjárfesta og íslenskra fulltrúa þeirra tryggðir á kostnað íslenskra fyrirtækja.
- *Ákvörðun 2020:* Við endurskoðun á áhættumatinu var Ísafjarðardjúp utan Æðeyjar opnað fyrir eldi á frjóum laxi. Það fól m.a. í sér að sjókvíaeldi á frjóum laxi sem íslenskt fyrirtæki hafði lagt upp með að stunda innar í Ísafjarðardjúpi varð ekki að veruleika en gerði öll fyrirhuguð áform laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila möguleg. Hafrannsóknastofnun hefur ekki enn þá komið með fagleg handbær rök fyrir þessari ákvörðun.
- *Ákvörðun 2023:* Endurskoðun á áhættumatinu sem átti að gera fyrrihluta þessa árs hefur dregist verulega af einhverjum ástæðum.

### *Að lokum*

Það má alltaf deila um hvort heimila eigi eldi í sjókvíum með norskættuðum laxi í Ísafjarðardjúpi eða íslenskum fjörðum. LV bendir á að samkomulag við ríkisvaldið hafi verið brotið tvisvar sinnum. Það verður að teljast óheppilegt og er eingöngu til að skapa meiri ósátt. Hafrannsóknastofnun með sínum vinnubrögðum við innleiðingu áhættumats erfðablöndunar bætir um betur með aðför að íslenskum fyrirtækjum, með ófaglegum og óheiðarlegum vinnubrögðum, fyrst með lokun Ísafjarðardjúps og síðan opnun utan við Æðey.

*Valdimar Ingi Gunnarsson,*
*sjávarútvegsfræðingur.*


TIL LEIGU



• Askalind 4, 200 Kóp.
• Atvinnuhúsnæði
• Stærð 222 m²

Atvinnuhúsnæði í Lindunum til leigu

Snyrtilegt atvinnuhúsnæði á jarðhæð í Askalind 4, Kóp. til leigu frá 1. ágúst.

Stærð 222 m², stórir salir ásamt skrifstofuherbergi. 2 innkeyrsludyr og 1 göngudyr í vestur.

Hentugt undir léttan rekstur/iðnað eða geymslur.

Upplýsingar í síma 896-4494



löggarða um tún sín og ekki viljað láta skylda sig til að byggja þá. Þessu ákvæði Jónsbókar var breytt með ,,réttarbót Eiríks Magnússonar 1294.“ Þar er lögboðið að full skaðabót skuli greiðast fyrir beit töðu, akra og engja ,,þó að eigi sé löggaður um“. Hér er hins vegar átt við að menn geti ekki komið með fénað sinn, t. d. hesta og beitt í tún eða engi, þó enginn túngarður sé.

Hér nefnir Þorvaldur sem dæmi: ,,Í Reykdæla sögu kap. 15, bls. 48-49 segir svo: ,,Bóndi þóttist þurfa að láta gera garð um tún sitt fyrir þingmönnum til þess, at eigi beitti þeir upp völlinn.“ Hér er því bent á að hafi bændur ekki girðingu, garð, um tún sín séu þeir réttlausir, ekki öfugt! Það virðist því skýrt að bændur áttu, undir venjulegum kringumstæðum, að verja sín tún, og akra, sjálfir“.

Nýbúar í sveitum landsins eru velkomnir. En það gerist æ algengara að jarðir séu setnar án búfjárhalds, sauðfjár. Þessir jarðeigendur líta sumir svo á að búfénaður nágrannanna megi ekki ganga til beitar á þeirra heimalöndum. Þeir vitna gjarnan til 33. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil og fl. nr.6/1986. Það segir í IV. kafl. Um **ágang afréttarpenings** o. fl., 33. gr.:

,, Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í **fjallskilasamþykkt.**

[Sinni sveitarstjórn ekki skyldum sínum skv. 1. mgr. að mati lögreglustjóra skal hann láta smala ágangsfénaði á kostnað eiganda.]“.

**Er hér átt við fé úr afrétti?** Kaflinn heitir um ágang afréttarpenings o.fl. Hvað er átt við með ágangsfé? Hóp fjár, sem gengur í annars manns landi, og veldur landeiganda tjóni. Ekki eina og eina kind sem þekkir ekki landamerki og fer inn á land nágrannans.

**Um friðun lands** segir svo í lögum nr 38/2013: ,,Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð. Slík ákvörðun skal tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi og skal liggja fyrir umsögn búnaðarsambands um að vörslulínur séu fullnægjandi og uppfylli ákvæði laga þessara, sbr. 3. gr. Sveitarstjórn skal auglýsa slíka ákvörðun í Stjórnartíðindum. Umráðamaður lands skal fyrir 15. júní á hverju vori framvísa til sveitarstjórnar umsögn búnaðarsambands um að vörslulína sé fullnægjandi.“

Er tún, töðuvöllur, friðað land? Nei, en hver og einn eigandi túns, garðlands eða akurs má, getur, girt af sinn töðuvöll. Það gefur engum rétt til að reka fénað inn á tún eða engi í eigu annars manns, hvort sem túnið er girt eða ekki. Sé fénaður, sem rekinn er inn á annars manns land, þá er það ágangsfénaður.

Hvar á fénaður í heimahögum að vera? Hann má vera í heimahögum eiganda síns, en hann má líka vera í landi nágrannans sé ekki um friðað land að ræða, samaber ákvæði laga, ef um er að ræða einstaka kindur! Það er ekki skilgreint nokkurs staðar að fénaður megi ekki fara yfir lækinn, ef ekki er fénaður þar fyrir, sem heldur aftur af fé nágrannans! Má hann fara inn á tún nágrannans? Eiginlega ekki, en ef ekki er girt með fjárheldri girðingu um túnið eða akurinn, eins og eigandi þarf að gera, ef hann vill verja sín tún, er það eiganda að verja túnið! Honum ber að að hafa löggarð um töðuvöll sinn og akra, annars getur hann ekki krafist beitartolls!

### *Hugsunarháttur nýlendutímans*

Þegar,,hvíti“ maðurinn, Evrópubúar, hófu landnám í Ameríku hröktu þeir frumbyggja af löndum sínum og afnámu réttindi þeirra til að lifa af landinu eftir sínum siðum og reglum. Það sama gerðu nýlenduveldin í Afríku, Asíu og Eyjaálfu.

Ég verð að játa að mér finnst ,,nýbúar“ í sveitum landsins vilja hafa sama háttinn á og nýlenduveldin. Breyta þeim siðum, venjum og reglum, sem gilt hafa um aldir um réttindi og skyldur íbúa sveitanna. Bændur hafa alltaf þurft að verja sinn töðuvöll og garða sjálfir. Samkvæmt nýlegum úrskurði dómsmálaráðuneytisins (-ráðherra?) er þessi regla numin úr gildi með einu pennastriki! Púnktum! Sveitarstjórn og lögreglu sigað á fjárbændur.

Í minni sveit er ástandið þannig að fjáeigendur þora ekki að sleppa fé í úthaga; Parraka fénaðinn á túnum þar til reka má á afrétt! Þetta gengur ekki, nema tilgangurinn sé að ganga endanlega að íslenskri sauðfjárrækt dauðri?

*Sveinn Hallgrímsson,*
*fjárhirðir, búandi á Vatnshömrum í Andakíl.*


Kýrland
Íblöndunarefni
Stæðuplast og yfirbreiðslur
Grænu velferðargólfin
Kyrland.is
Grétar Hrafn s: 892 1480
kyrland@kyrland.is





Nýjar teygjubuxur
• 4 átta teygja
• Aðsniðnar
• Verð: 9.734 kr.
Ný skyrta
• Verð: 7.130 kr.
KH VINNUFÖT
Vefverslun: Khvinnufot.is
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is
Nýjar vörur frá Jobman



Límtré-Timbureiningar

STRÚKTÚR
Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull
| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |



BÆTIEFNI Á TÆKIÐ ÞITT


Aldrei hefur verið þýðingarmeira að nota bætiefni í eldsneytið, hvort sem er í bensín eða dísel. Motul framleiðir framúrskarandi efni sem hafa jákvæð áhrif á eldsneytiseyðslu og mögulegar bilanir.
Við erum einnig á Reyðarfirði
Sendum vörur um land allt
MOTUL
MOTUL Á ÍSLANDI SÍM 462-4600 MOTUL@MOTULISLAND.IS



Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is




TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI
OG VINNUM ÚR ÞEIM
LAUSNIR
VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

VÉLABÁSINN

# Evrópsk-amerískur pallbíll

## – Prufuakstur á Volkswagen Amarok



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Bændablaðið fékk á dögunum til prufu splunkunýjan Volkswagen Amarok. Þetta er önnur kynslóð pallbíla með þessu nafni frá þýska bílaframleiðandanum, en sú fyrri gat sér góðan orðstír. Amarok myndi teljast til millistórra pallbíla og keppir þá helst við Toyota Hilux, Isuzu D-Max og Ford Ranger.**

Þróun Amarok var unnin í nánu samstarfi við bandaríska bílaframleiðandann Ford. Þessi pallbíll situr á sama undirvagni og notar sömu vél og drifrás og Ford Ranger. Á móti fær Ford að nýta undirvagninn sem Volkswagen þróaði fyrir rafmagnsbílinn ID.3. Engir boddíhlutir eru sameiginlegir með Ranger og er innréttingin alfarið runnin úr ranni Volkswagen.

Ef einhver hefur náð tökum á smíði pallbíla, þá er það Ford, á meðan sá framleiðandi sem er einna bestur í að setja saman notendavænar innréttingar er Volkswagen. Niðurstaða þessa samstarfs getur því ekki verið annað en góð.




Önnur kynslóð Volkswagen Amarok mun veita öðrum pallbílum öfluga samkeppni. Kraftmikil þriggja lítra dísilvél, öflugt fjórhjólakerfi og þægileg innrétting eru meðal helstu eiginleika. Myndir / ÁL

### *Myndarlegur í persónu*

Volkswagen Amarok er einn þeirra bíla sem lítur mun betur út í persónu en á myndum. Útlitið er kraftalegt, með stóru grilli og háu húddi. Það þarf enginn að vera í vafa um að þetta sé Volkswagen, því Amarok minnir um margt á aðra jeppa frá sama framleiðanda, eins og Tiguan. Svo er VW merkið í miðju grillsins á stærð við kökudisk.

Bíllinn sem Bændablaðið fékk til prufu var af Pan Americana útgáfunni, sem er næstdýrasta týpan og með öllum þeim búnaði sem hugurinn girnist. Enn fremur var Hekla búin að setja 32 tommu dekk undir bílinn, sem var hægt að gera án breytinga. Stór dekkin gera útlitið enn kraftalegra en ella.

Þótt Amarok sé með fágaða hönnun, þá er þetta vinnubíll. Að aftan er stór pallur, nógu breiður til að rúma EURO-bretti á þverveginn.




Hekla setti 32 tommu dekk undir bílinn, sem gerir hann kraftalegan á að líta og gefur góða torfærueiginleika.



Innréttingin er mjög sambærileg þeim sem eru í öðrum Volkswagen bifreiðum. Margar stillingar eru í sætum og stýri, en sessan er í styttra lagi.

### *Innrétting fyrir augað*

Þegar sest er um borð tekur á móti manni týpísk Volkswagen innrétting. Allar línur og hlutföll eru úthugsuð og er hún mikið fyrir augað. Enn fremur virðist allt vera vel skrúfað saman og smíðað til að endast.

Í miðju innréttingarinnar er stór margmiðlunarskjár sem snýr ekki á breiddina, heldur hæðina. Volkswagen fékk stýrikerfið að láni frá Ford, en hefur breytt öllu viðmótinu þannig að það lítur út eins og allt annað frá Volkswagen.

Að mörgu leyti er þetta gott margmiðlunarkerfi – til að mynda tekur enga stund að tengja síma þráðlaust með Android-Auto eða AppleCarplay – en það hefur líka nokkra galla. Þar má helst nefna að engir hnappar eru til að stjórna miðstöð. Því þarf ökumaðurinn að beina óþarflega mikilli athygli til að hitta akkúrat rétt á snertiskjáinn og fara í gegnum öll þau skref sem nauðsynleg eru til þess eins að stilla blásturinn.

Á móti þessu vegur stór kostur, sem er frábært 360° gráðu myndavélakerfi. Þótt Amarok sé stærðarinnar bifreið, þá er leikur einn að leggja henni, þar sem margmiðlunarskjárinn sýnir skýrar og bjartar myndir úr öllum áttum.

Það er mikil synd að myndavélakerfið nýtist ekki þegar ekið er utanvegar, en það er fljótt að slökkva á sér um leið og ekið er áfram.

### *Duglegur á jeppaslóðum*

Amarok er prýðilegur torfærujeppi. Það er býsna hátt undir bílinn og eru 32 tommu dekkin, sem Hekla setti undir, með öflugu gripi. Í þjóðvegaakstri er Amarok almennt í afturhjóladrifi, en með snúningstakka í miðjustokknum er hægt að velja fjórhjóladrif, læsa millikassa og setja í lága drifið. Jafnframt kemur bíllinn með driflæsingu að aftan.

Þegar ekið er niður brekkur er hægt að láta bílinn halda hraðanum rafrænt við 3–4 kílómetra hraða, en hann fer hraðar niður brekku í fyrsta gír í lága.

### *Afslappandi þjóðvegabíll*

Ein sterkasta hlið Amarok er hversu góður bíllinn er á þjóðvegum. Ökumannshúsið er vel hljóðeinangrað og er algjörlega á pari við fólksbíla frá Volkswagen. Fullkomin akstursaðstoð, eins og skynvæddur hraðastillir og akreinavari, er staðalbúnaður. Þjóðvegaakstur er því afslappandi.

Sætin eru með rafmagnsstillingum og ættu lágir sem háir að geta komið sér vel fyrir. Rétt er þó að nefna að sjálf sessan er full stutt og stíf, sem gerir ökumanninn þreyttan í lærunum eftir langan akstur.

V6 vélin er öflug og er bíllinn enga stund að ná hámarkshraða. Þegar gefið er inn heyrist þýður ómur sem einkennir sex strokka vélar. Tíu þrepa sjálfskiptingin er hnökralaus og maður veit ekkert af henni. Í lausagangi berst nokkur titringur frá vélinni inn í ökumannshúsið, sem minnir mann á að Amarok er í grunninn vinnubíll.



Þrír fullorðnir geta setið án mikilla vandræða í aftursætunum.



Amarok er vinnutæki með stórum palli. Á milli hjólaskálanna er nægt rými fyrir EURO-bretti á þverveginn.

### *Tölur*

Helstu mál Amarok eru: hæð, 1.884 mm; breidd, 1.917 mm; lengd, 5.390 mm. Burðargeta á palli er 1.000 kg og er dráttargetan 3.500 kg. Verðið á Amarok Life, með minni vél og sjálfskiptingu, er 10.790.000 kr. Volkswagen Amarok Pan Americana er á 14.390.000 kr. án stærri dekkja. (Verð með vsk.)

### *Að lokum*

Volkswagen Amarok er góður pallbíll og veitir öfluga samkeppni á sínum markaði. Allir pallbílar eru vinnutæki, en Volkswagen hefur náð að fela það að mestu með þykku lagi af fágun og þægindum. Sterkustu hliðar Amarok eru þær að þetta er pallbíll með aksturseiginleika á þjóðvegum og í þéttbýli á pari við Volkswagen Golf. Amarok hefur ágæta eiginleika til utanvegaaksturs, en á markaðnum eru margir jeppar sem eru umtalsvert öflugri torfærutæki.

SÖFNIN Í LANDINU





Frá sýningunni Búðareyri – Saga umbreytinga í Vélsmiðjunni á Seyðisfirði. Myndir / Jessica Auer

Austurland:

# Tækniminjasafnið opnað aftur

**Tveimur og hálfu ári síðan stóra skriðan á Seyðisfirði olli gríðarlegum skemmdum á húsum og safnkosti Tækniminjasafns Austurlands á Seyðisfirði, hefur það nú opnað nýja sýningu;** *Búðareyri – Saga umbreytinga.*

Er sýningin haldin í Vélsmiðjunni sem hefur gengið í gegnum miklar umbætur. Þessi sýningaropnun markar mikil tímamót í starfi safnsins, aftur er tekur á móti gestum. Sýningin fjallar um hina fjölbreyttu og margbreytilegu sögu mannlífs og atvinnustarfsemi á lítilli landræmu; Búðareyrinni á Seyðisfirði, þar sem hafa skipst á miklir framfaratímar og atvinnuuppbygging og erfiðari tímabil auk tíðra skriðufalla. Búðareyrin er það svæði sem varð verst úti í skriðuföllunum á Seyðisfirði í desember 2020. Í dag er búseta ekki leyfð nema á innsta hluta hennar og blikur á lofti varðandi áframhaldandi atvinnustarfsemi. Umbreytingar einkenna sögu Búðareyrarinnar sem er miðlað út frá nokkrum mismunandi þemum; höfninni, upphafi byggðarinnar, verslun og viðskiptum, Vélsmiðjunni, samskiptum og ritsímanum, hernámsárunum og að lokum náttúrufari og skriðuföllum.

Á sýningunni eru engir eiginlegir safngripir til sýnis þar sem Vélsmiðjan stendur á óverjandi hættusvæði. Í stað þess er notast við nýstárlegar miðlunarleiðir og leikmuni. Starfsfólk safnsins, í góðu samstarfi við hönnuðina og myndlistarmennina Litten Nystrøm og Harald Karsson, unnu sýninguna sem var opnuð þann 17. júní sl. Ætlunin er að sýningin standi þar til nýtt safnahúsnæði verður tekið í notkun á úthlutaðri lóð safnsins á Lónsleirunni, vonandi innan fárra ára.

Það er vissulega ekki svo að starfsfólk safnsins hafi verið iðjulaust frá því að skriðan féll. Lyft hefur verið grettistaki við björgunar- og hreinsunarstörf, ný safnastefna hefur litið dagsins ljós, hönnun á nýju safnasvæði og byggingum er hafin auk þess sem mikil vinna hefur farið í endurbætur á þeim hluta Vélsmiðjunnar sem eftir stendur. Elsti hluti hennar hvarf hins vegar því miður undir skriðuna. Þessi vinna hefði ekki verið möguleg nema með miklum stuðningi og hjálp frá fjölmörgum aðilum, innan fjarðar og utan. Þessi mikla aðstoð verður seint fullþökkuð.



Vélsmiðjan er opin mánudaga til laugardaga kl. 10–17 og frá október samkvæmt samkomulagi. Nánari upplýsingar má finna á www.tekmus.is og á samfélagsmiðlum safnsins.

*Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir.*









# KROSSGÁTA Bændablaðsins



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 201 | ÁGÆTASTI | OFMETA | LÖMUN | GÆLU-NAFN | | ÓVIRÐA | DÁSAMI | BALDINN | HLJÓÐ-FÆRI | |
| | | | | PLANTA | | | | | | | | | | SKYGG-NAST |
| | | | | STYRKJA | | | | | LÍKAN | | | | | |
| | | | | LOK | | | | | SKAMMIR / FÉFLETT | | | | | |
| | | | | DREGUR / UPP-GEFINN | | | | | | MEINT / ÁRÁS | | | | |
| | ↓ | JARÐEFNI | BLAKT / BLÖSKRI | | | | | MERGÐ / ÞYRMA | | | FUGL / EIND | | | |
| SINDRA | | | | | EINUNGIS / MIÐJA | | | | | | | ELLEGAR | DRYKKJAR-ÍLÁT | |
| SPILA | | | | | | SAM-BANDS | TEKJUR / HAFNA | | | | | | | |
| ÖFUG RÖÐ | | | DÁLKAR / FAGUR-GALI | | | | | | SORTERA | | | | | HÚÐ |
| TÍMABILS | | | | AFHENDA / DRABBA | | | | | BÆN / GRETTA | | | | | |
| | | SVEIGUR / ÓÐUR | | | | | | LÆTI / DANS | | | LOFT-SIGLING | TVEIR EINS / GNAUÐA | | |
| SEIGLA | | | | | SKRÆKIR | | | | | FORM | | | | |
| KLÆÐI | | | | | LÆVÍS | | | | | BEYGÐU | | | | |
| SKAUT | | | | | RÖLT | | | | | INNVOLS | | | | |
| SAMHÆFA | | | | | | | GARMAR | | | | | | | |

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 200 | RUGLA | FULL-ORÐNAST | ÓVISSA | DEILA | | STUTT-NEFNI | FEILSKOT | FYRIR-FERÐ | LETUR-TÁKN | |
| | | | | STERK-LEGUR | Þ | R | E | K | L | E | G | U | R | EINFALT |
| | | | | SVÍFA | V | O | F | A | HÁLFAPI | L | E | M | Ú | R |
| | | | | EGGJAR | Æ | S | I | R | FJÖRGAST / PUKUR | L | I | F | N | A |
| | | | | ÖFUG RÖÐ / STREÐA | L | K | ÞREYTA / HNÍFA | P | L | A | G | A | BRUÐL | K |
| | F | KYRRA | DANGL / TVEIR EINS | B | A | N | K | VIRKIS-GARÐUR | A | SKRAMBI / ROKNA | A | N | S | I |
| SNEMMA | Á | R | L | A | SÁR / ÞRAUT | A | U | M | U | R | ÁGÆT / AMLÓÐI | G | Ó | Ð |
| FANTALEG | F | Ó | L | S | K | RÍKI Í AFRÍKU / ÚTDEILDI | T | Ú | N | I | S | STAFUR | U | REFSING |
| ÁTT | N | A | ENDUR-BÆTIR / AÐGÆTI | L | A | G | A | R | SPOTT / GLJÁVAX | S | K | E | N | S |
| | I | FLAKA / TRJÁ-TOPPUR | G | A | P | A | MERKJA | SPLÆSTI / FLOKKAÐ | B | A | U | Ð | PLATA | T |
| TIL HLIÐAR | S | K | Á | STÍA / SÉRHLÍFNA | A | F | K | R | Ó | SMÁGER | S | ÖFUG RÖÐ / INNI-LEIKUR | S | R |
| RIST | G | R | I | L | L | STÚDERA / ÖFUG RÖÐ | R | A | N | N | S | A | K | A |
| NÆÐI | R | Ó | ÁVALLT / ÖFUG RÖÐ | A | L | T | Í | Ð | ENDALAUS / Í RÖÐ | E | I | L | Í | F |
| UMHUGAÐ | A | N | N | T | RÆSING | S | T | A | R | T | DÆS | Ú | F | F |
| Í FÉLAGI | S | A | M | A | N | HJÁLPA | A | Ð | S | T | O | Ð | A | |

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

www.bbl.is

MATARKRÓKURINN

# Hamborgari

## – með heimagerðum sósum og frönskum kartöflum



Hafliði Halldórsson
hafliði@icelandiclamb.is

**Góður hamborgari á allar sínar vinsældir skilið, en er samt auðvitað bara hamborgari hversu mikið sem góðir auglýsingamenn vilja telja okkur trú um að einhverjir hafi klofið atómið yfir steiktum borgara.**

Að elda hamborgara tengist ekkert geimvísindum, og allir ættu að klóra sig fram úr því verkefni með bravör. Hamborgarinn er einmitt vinsæll á sumrin vegna þess hversu einfalt og fljótlegt er að hrista hann fram úr erminni fyrir fjölda fólks heima, í útilegunni eða í sumarbústaðnum.

Persónulega finnst mér skemmtilegast að poppa borgarann ögn upp með heimagerðum góðum sósum og meðlæti og síðast en ekki síst að sleppa kryddblöndunni sem heitir hamborgarakrydd og nota bara gott salt og nýmulinn svartan pipar. Það er auðvitað ekkert að því að nota svona bleika sósu úr brúsa. En það er líka mjög auðvelt að gera eigið majones með skemmtilegu bragði. Eða einfaldlega að taka gott majones úr búðinni og krydda eftir eigin smekk. Svo má líka nota alls kyns súrsað grænmeti sem brýtur upp bragð og áferð. Klassískur borgari er gerður úr góðu nautakjöti og þarf að innihalda a.m.k. 20% fitu sem gefur bragð og mýkt. Borgarana má auðvitað gera frá grunni með því að hakka hráefnið og forma í góð buff, en víða má líka finna góða hamborgara. Lesið bara vel smáa letrið, því íslenskar umbúðir, fánalitir o.fl. er engin trygging fyrir íslenskum uppruna kjötsins. Við byrjum á því að gera majones, sem við síðan deilum í tvær sósur, aðra á hamborgarann, og hina til að dýfa kartöflunum í. Við gerum svo franskar kartöflur frá grunni og síðast en ekki síst steikjum við borgarann og berum fram ásamt hefðbundnu meðlæti og súrsuðum gúrkum.



***Majones uppskrift***
***2 eggjarauður***
***1 tsk. salt***
***2 msk. sítrónusafi***
***1 msk. hvítvínsedik***
***½ lítri olía***

Þeytið eggjarauður með salti þar til eru orðnar léttar og ljósar, pískið sítrónusafa og ediki saman við þar til þykknar, pískið síðast olíunni saman við í mjórri bunu. Má gera í skál með handpísk, í hrærivél eða með töfrasprota. Grunnuppskriftina má svo krydda til og frá, teygja og toga.

***Jalapeno majones***
***3 msk. súrsað jalapeno***
***3 dl majones***
***Salt***

Saxið fínt eða maukið jalapeno og blandið saman við majonesið, smakkið til með salti.

***Chipotle sósa fyrir franskar kartöflur***
***1 msk. chipotle mauk ( Chipotle er reyktur chilipipar)***
***2 dl majones***
***1 dl grísk jógúrt***
***Sítrónusafi***
***Salt***

Blandið saman í skál og smakkið til með sítrónusafa og salti.

***Súrsaðar gúrkur***
***2 dl eplaedik***
***150 g sykur***
***2 dl vatn***
***1 tsk. salt***
***2 tsk. fennelfræ***
***1 tsk. kóríanderfræ***

Setjið allt nema gúrkur í pott og látið suðuna koma upp, skerið gúrkur í jafnstórar sneiðar eða bita eftir smekk og setjið í tandurhreina krukku eða annað ílát með loftþéttu loki. Hellið heitum vökvanum yfir og lokið.

Tilbúið eftir 2 klst. en getur geymst vikum og mánuðum saman í kæli. Sama uppskrift gildir jafnvel fyrir annað súrsað eins og lauk, smátómata, sveppi, hvönn, skessujurt o.s.frv.

***Steikarfranskar***
***3-4 bökunarkartöflur***
***Olía***
***Salt***

Steikarfranskar eru alla jafna grófskornar og taka því lengri tíma í eldun en þær sem við sjáum oftast á skyndibitastöðum. Auðveldlega er þó hægt að keypt tilbúnar kartöflur, og líka nota ofninn frekar en að djúpsteikja. Fyrir þá sem vilja prófa að gera franskar frá grunni má endilega fylgja leiðbeiningunum. Athugið að franskar kartöflur eru alltaf tvísteiktar, Skerið kartöflurnar í um 1x1 cm strimla og setjið í kalt vatn. Látið liggja í vatninu í a.m.k. klukkustund. Skolið vel tvívegis í miklu vatni og þerrið á viskastykki. Hitið olíu í djúpsteikingarpotti í 130 °C og steikið kartöflurnar í 5–6 mínútur. Setjið til hliðar og steikið síðan aftur rétt áður en hamborgarinn fer á pönnuna. Nú í 180 °C heitri olíu þar til þær verða gullinbrúnar, takið úr pottinum, saltið vel og berið fram.

***Hamborgari með jalapeno majonesi, sultuðum gúrkum, steikarfrönskum og chipotle sósu***
***4 stk. 120 g hamborgarar***
***Ostur í sneiðum, Cheddar-ostur hentar best.***
***Hamborgarabrauð***
***Salatblöð***
***Tómatar í sneiðum***
***Agúrkur í sneiðum***
***Sneiddur laukur***
***Salt og nýmulinn pipar***
***Steikarfranskar***

Saltið borgarana og steikið eða grillið, snúið þeim við þegar kjötsafinn myndar polla á yfirborðinu, piprið og setjið ostinn á. Hitið brauðin og berið fram með nýsteiktum kartöflunum, grænmeti, sósum og súrsuðum gúrkum**.**

Verði ykkur að góðu!

ERFINGJAR LANDSINS

## Útilega & hestaferðir skemmtilegast

**Hún Lilja Sól Favour Kristbjörnsdóttir er hress og kát stúlka að norðan, sem hefur áhuga á íþróttum og hestamennsku.**



**Nafn:** Lilja Sól Favour Kristbjörnsdóttir.

**Aldur:** 11 ára.
**Stjörnumerki:** Fiskar.

**Búseta:** Sigtún.

**Skóli:** Hrafnagilsskóli.

**Skemmtilegast í skólanum:** Heimilisfræði, myndmennt og smíðar.

**Áhugamál:** Hestamennska, fótbolti, körfubolti og frjálsar.

**Tómstundaiðkun:** Fótbolti, körfubolti og frjálsar.

**Uppáhaldsdýrið:** Hestur.

**Uppáhaldsmatur:** Tortilla.

**Uppáhaldslag:** Copines með Aya Nakamura.

**Uppáhaldslitur:** Blár.

**Uppáhaldsmynd: The** Addams Family.

**Fyrsta minningin:** Þegar ég fór í göngutúr á Ítalíu og sá flottan turn.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Fara í útilegu og hestaferð.

**Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!**
**sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 5 | 2 | 8 | | | | 1 |
| | | | 9 | 5 | 4 | | 8 | 7 |
| | | 4 | 3 | 7 | | 5 | | |
| | | | 8 | 9 | 2 | | 5 | |
| 5 | 1 | 2 | | | | | | 9 |
| 3 | | | | | 7 | 4 | | |
| | | 1 | | 3 | 8 | | 2 | |
| 6 | 3 | | | | 9 | 7 | | |
| | 4 | | | | 5 | 9 | 3 | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | 8 | | | | | | 5 |
| 9 | | | 6 | | 5 | 3 | 7 | |
| | | | | 2 | 6 | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| 7 | | 5 | | | | 2 | | |
| | | 4 | 8 | | | | | 6 |
| | 1 | 9 | 7 | | | | | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | | 9 | | 8 |
| 3 | | | | | | | 2 | |
| | | | 6 | | 9 | 1 | | |
| 2 | | | | | 6 | 5 | | |
| | | 7 | | | | | 1 | |
| | | | | 1 | | | 3 | |
| | | 3 | | 5 | 8 | | | 7 |
| 1 | | | | | | | | |
| | | 4 | | | 3 | | 8 | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | | 9 | 6 | 5 | |
| | | | 2 | | | | | 8 |
| | | 4 | 5 | | | | | 2 |
| 4 | 7 | | | | | | | |
| | 2 | | | | | 7 | 8 | |
| | | 5 | | | 2 | | | 1 |
| 6 | | 7 | | | 1 | | | |
| | | | | 8 | 3 | | 4 | |
| | | | | | | 3 | | |

## HANNYRÐAHORNIÐ




# Blúndutuskur

**Prjónaðar tuskur í garðaprjóni með blúndukanti úr DROPS Cotton Light.**

**DROPS mynstur:** cl-075
**Stærð:** ca 23 cm á breidd og ca 21 cm á lengd.
**Garn:** DROPS COTTON LIGHT fæst hjá Handverkskúnst, www.garn.is.

1 tuska er ca 47 g.
**Litir á mynd:** hvítur nr 02, natur nr 01, ljós beige nr 21, perlugrár nr 31, mintu nr 27.
**Prjónar:** nr 3 – eða sú stærð sem þarf til að 23 lykkjur með garðaprjóni verði 10 cm á breidd.
**Uppskriftin:** Tuskan er prjónuð fram og til baka.

Fitjið upp 52 lykkjur á prjóna 3 með Cotton Light. Setjið 1 prjóna -merki í hvora hlið innan við 4 lykkjur frá kanti.

**UMFERÐ 1** (= rétta):
Prjónið slétt.

**UMFERÐ 2** (= ranga):
Prjónið slétt.

**UMFERÐ 3** (= rétta):
Prjónið sléttar lykkjur þar til eftir eru 4 lykkjur á prjóni, prjónið 2 lykkjur slétt saman, sláið uppá prjóninn, í hverja og eina af 2 síðustu lykkjunum eru prjónaðar 2 sléttar lykkjur (prjónið 2 lykkjur í sömu lykkju með því að prjóna í fremri og aftari lykkjubogann) = 2 lykkjur fleiri.

**UMFERÐ 4** (= ranga):
Takið fyrstu lykkjuna óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir, prjónið 1 lykkju slétt, steypið öftustu lykkjunni yfir á hægri prjón yfir fyrstu lykkjuna (= 2 lykkjur færri), prjónið síðan sléttar lykkjur þar til 4 lykkjur eru eftir, prjónið 2 lykkjur slétt saman, sláið uppá prjóninn, í hverja og eina af 2 síðustu lykkjunum eru prjónaðar 2 lykkjur slétt = 2 lykkjur fleiri.

**UMFERÐ 5** (= rétta):
Takið fyrstu lykkjuna óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir, prjónið 1 lykkju slétt, steypið öftustu lykkjunni á hægri prjón yfir fremstu lykkjuna (= 2 lykkjur færri), prjónið síðan sléttar lykkjur út umferðina.

**UMFERÐ 6** (= ranga):
Prjónið slétt. Endurtakið umferð 3 til 6.

Haldið svona áfram þar til stykkið mælist 21 cm – endið eftir umferð 6, fellið af.

Prjónið aðra tusku alveg eins úr hverjum og einum lit sem eftir er.

*Prjónakveðja*
*Stelpurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*







## BÆRINN OKKAR



# Vestri-Leirárgarðar

**Á bænum Vestri-Leirárgörðum, Hvalfjarðarsveit er bæði stunduð sauðfjárrækt og hrossarækt auk þess sem ábúendur taka að sér uppeldi graðhesta og unghrossa.**

**Býli:** Vestri-Leirárgarðar.

**Staðsett í sveit:** Hvalfjarðarsveit.

**Ábúendur:** Karen Líndal Marteinsdóttir, Valmundur Árnason, Marteinn Bóas Maríasson, Emilía Ingibjörg Valmundsdóttir, Kristján Andri Valmundsson, Marteinn Njálsson og Dóra Líndal Hjartardóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Karen Líndal og Valmundur eiga þrjú börn, þau Martein Bóas, Kristján Andra og Emilíu Ingibjörgu auk tveggja hunda, Ídu, sem er enskur bulldog og Bubba, sem er Pug. Foreldrar Karenar, Marteinn og Dóra, búa einnig á jörðinni og eiga í sameiningu með þeim jörðina.

**Stærð jarðar:** Um 150 hektarar.

**Gerð bús:** Á bænum er stunduð hrossarækt og sauðfjárrækt. Við tökum líka að okkur graðhesta og unghross í uppeldi.

**Fjöldi búfjár:** Það eru um 50 hross í okkar eigu á jörðinni og að auki eru um 30 graðhestar hérna í uppeldi. Kindurnar eru um 60.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum:** Við förum bæði snemma af stað á morgnana, Valli er í hlutastarfi á Akranesi til hádegis og sinnir bústörfum eftir hádegi og Karen til Reykjavíkur þar sem hún stundar nám í tannlæknisfræði.

Marteinn, pabbi Karenar, sér um að gefa skepnum á morgnana, gefur útigangi og hann sér aðallega um rollurnar.

Seinnipart dags sér Karen aðallega um tamningu og þjálfun á hrossum með aðstoð Marteins og Valla. Svo er Valli mjög duglegur að dytta að vélum og tækjum.

Dóra vinnur mikið úr íslensku ullinni, hún er að spinna ull og prjóna úr henni og svo vinnur hún í hlutastarfi í Ullarselinu á Hvanneyri.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin:** Það eru aðeins skiptar skoðanir á þessu, Valla og Karen finnst báðum leiðinlegast þegar dýr veikjast og við missum þau, en Valla skemmtilegast að vera í heyskap og dytta að byggingum og umhverfinu á sveitabænum.

Karen finnst skemmilegast að vera í kringum hestana og pæla í hrossarækt.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár:** Sveitabærinn verður orðinn enn þá snyrtilegri og örugglega komið upp meira af trjám. Tækjakostur heldur áfram að batna og fullt af úrvals gæðingum til á bænum.

Ætli það verði ekki líka komið eitthvað af holdanautum til kjötframleiðlu og kannski tvö svín.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum:** Collab og egg.







**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu:** Lambakjöt og spaghetti carbonara.

**Hvað er eftirminnilegast tengt bústörfunum:** Ætli það sé ekki helst þegar hestar úr okkar ræktun ná langt í kynbótasýningum eða keppnum.

Hestar úr okkar ræktun hafa staðið mjög ofarlega á landsmótum, Íslandsmótum og heimsmeistaramótum og það er alltaf mjög gaman.

En svo eru bara forréttindi að fá að búa í sveit og njóta allra þeirra skemmtilegu stunda sem sveitalífið hefur upp á að bjóða.



Músarrindill er afar smár, kvikur og forvitinn fugl. Þeir eru reyndar nokkuð felugjarnir þótt þeir séu forvitnir. Mannaferðir eða óvenjuleg hljóð duga oft til að þeir komi til að kanna hvað er um að vera. Forvitnin hefur jafnvel átt það til að leiða þá inn um opna glugga eða opnar dyr. Ekki er langt síðan músarrindill var minnstur íslenskra fugla en nú hefur glókollur steypt honum af stóli og tekið titilinn sem sá minnsti. Músarrindillinn er hins vegar mjög lítill, eða um 9-10 cm að lengd og ekki nema 15 grömm. Íslenski músarrindillinn er staðfugl og sérstök undirtegund sem er stærri og dekkri en frændur hans í Evrópu. Þeir eru útbreiddir um allt land en þá helst á láglendi. Þar verpa þeir í birkikjarri, hrauni eða urð. Þeir gera sér hreiður undir bökkum eða sprungum í hrauni. Þeir eru einfarar og yfir vetrarmánuðina má oft finna staka músarrindla við opnar ár, skurði eða vatnsbakka. Þeir eru afar duglegir varpfuglar og verpa 6–8 eggjum jafnvel tvisvar yfir sumartímann. Myndin hérna að ofan er af ungahóp sem er nýbúinn að yfirgefa hreiður, ef vel er skoðað má sjá sex unga sem hafa þjappað sér saman líkt og þeir séu enn þá í hreiðrinu

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Ferill amerísku derhúfunnar




**Höfuðföt af ýmsu tagi hafa verið vinsæl frá því elstu menn muna. Þá ekki sem skjólfatnaður heldur til þess að sýna stöðu þess sem það ber, nú eða sem tískufyrirbrigði.**

Eitt hið þekktasta í nútímanum er akkúrat hámóðins nú í ár, hvort sem um sumar eða vetur, en það er derhúfan sem við þekkjum öll svo vel. Hóf hún feril sinn sem íþróttabúnaður hafnaboltaliða, en naut fljótt vinsælda meðal aðdáenda og bera menn enn þann dag í dag stoltir húfu síns liðs.

### *Náttúruleg efni, strá & ull*

Fyrsta útgáfa derhúfunnar fór sem sé í notkun 24. apríl árið 1849 er hafnaboltalið New York-borgar (New York Knickerbockers) hóf að klæðast frumútgáfu hennar gerðri úr stráum til að skýla sér fyrir sólskini. Innan fárra ára fór liðið að vera með hatt úr fínni merínóull með áföstu deri, framleiddum af íþróttavörufyrirtækinu Peck & Snyder, enda var raunin sú að stráhattarnir ollu kláða. Ullarderhúfan varð því frumgerð að einum vinsælasta stíl þess tíma og enn í dag þótt ullin sé á undanhaldi, í íþróttaleikjum a.m.k.

Þess má geta að þetta var fyrsta liðið sem sögur fara af að hafi klæðst einkennisfatnaði, en búningur þeirra samanstóð af bláum ullarbuxum, hvítum flannelskyrtum og stráderhúfum. Hafnaboltaliðið, sem einnig var hið fyrsta sem skráði niður reglur leiksins og fór samviskusamlega eftir þeim, lagði upp laupana í kringum 1870.







Albert Spalding, íþróttamaður, hönnuður og meðstofnandi Spalding-fyrirtækisins.



Liðsmenn hafnaboltaliðsins New York Knickerboxers, árið 1862.

New York Knickerboxers voru þó frumkvöðlar að derhúfutískunni og geta glöggir íþróttaunnendur í dag tengt nafnið við körfuboltaliðið margfræga, New York Knicks.

### *Albert Spalding gerist hönnuður*

Fyrirtækið Peck & Snyder komst hins vegar á bragðið með derhúfuframleiðsluna og hugsaði sér gott til glóðarinnar, enda varð hafnabolti sífellt vinsælli í Bandaríkjunum. Framleiddu þeir húfur í öllum verðflokkum, hægt var að fjárfesta í 1–2$ húfum, en einnig fyrir nokkra aura. Einn besti liðsmaður hafnaboltaliðsins Boston Red Stockings – sem var virkt um sama leyti og NYK – og íþróttaáhugamaður mikill, Albert Spalding, gerði sér lítið fyrir og tók við að hanna derhúfur. Má segja að þar hafi hann sannarlega fundið sína hillu í lífinu enda stofnaði hann í félagi við bróður sinn íþróttavöruverslun, og reyndar líka bóksöluna The Spalding Athletic Library.

Derhúfan óx sífellt í vinsældum og hönnun hennar farið örlitlum breytingum í gegnum árin þó frumgerðin hafi haldið sér. Rapparar níunda áratugarins fóru stórum með derhúfuna og má segja að þá hafi hún gengið í raðir tískunnar. Mátti vart líta til hægri eða vinstri án þess að sjá helstu tískuunnendur með derhúfu – sumar hafðar á hlið, eða afturábak og þeir allra hörðustu settu tvær á höfuðið. Nema þeir sem rétt tylltu þeim á höfuðið og hækkuðu því um tæpa tíu sentímetra. Neonlitaðar og djarfar enda ekkert meira kúl.



Ábúðarfullir bílstjórar með sæmandi derhúfur merktum American Agriculture Colorado.

### *Hagkvæmar jafnt sem hámóðins*

Í byrjun nýrrar aldar voru derhúfur orðnar hámóðins tískugripur undir merkjum á borð við Von dutch, Diesel auk þess sem „trukkahattar" svokallaðir þurftu að vera í eigu hvers manns. Hjólabrettaiðkendur gerðu þá útgáfu derhúfunnar vinsæla, en þá var derið helst haft alveg flatt.

En lesendur gætu velt fyrir sér hvers vegna nú er farið út af spori tísku og íþrótta yfir í eitthvað sem gefur til kynna akstur. Jú, þessir ókrýndu riddarar hraðbrauta Bandaríkjanna sáu sér leik á borði er kom að derhúfunotkun. Hófst sagan einhvern tíma í kringum árið 1965 er þeir, með sólina í augunum, stoppuðu á bensínstöðvum og ráku þar augun í þetta fyrirtaks höfuðfat. Eins og tíska þess tíma bauð upp á mátti finna ýmsar útgáfur í boði, en sú sem þeim leist best á var úr léttu nælonefni með breitt og stórt der, upplagt til þess að skýla sér fyrir sólargeislunum sem áttu það til að trufla við akstur. Í kjölfar vinsælda hjá þessum lífsreyndu mönnum sem óku landið þvert og endilangt, komust ýmis fyrirtæki á bragðið og hófu að gefa þeim húfurnar undir yfirskini ókeypis auglýsinga, merki fyrirtækjanna þá prentuð á húfurnar, fólki til upplýsinga.

Í dag, tæpum 200 árum eftir að derhúfan var kynnt til leiks, þykir afar smart að bera hana sem höfuðfat. Helst má sjá fólk líða þokkafullt um með látlausar, einlitar derhúfur á kollinum og gjarnan úr ullarefni líkt og á árum áður. Hlutlausir litir á borð við allan regnbogann af húðlitum þykir hvað álitlegastur og má bera þetta höfuðfat hvernig sem viðrar.

/SP



Rapparinn JayZ er gallharður aðdáandi hafnaboltaliðsins NY Yankies, en í texta eftir hann segir „... so when I'm dead and gone I got one last wish: put my Yankee hat on ..."

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Greinakurlari
með 15hp bensínmótor fyrir allt að 100mm greinar

Einnig fyrirliggjandi gott 6 strengja girðinganet á gömlu verði.
Vír og lykkjur ehf
www.viroglykkjur.is - Sími 772-3200


2ja manna infrarauður saunaklefi
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.

Rafmagnspotturinn HYDRO
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.
GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550

**Bændablaðið kemur næst út 24. ágúst**

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:
„Ef nokkurn þyrstir þá komi hann til mín og drekki. Frá hjarta þess sem trúir á mig munu renna lækir lifandi vatns."
Jóh. 7.37-38
biblian.is



Ég leita að stórri ritvél sem gengur ekki fyrir rafmagni – svona eins og voru á skrifstofum. Hafið samband í s. 822-5269 eða sendið skeyti á netfangið astvaldurl@gmail.com


Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.


Farmall cub 1952 til sölu. Vélin er gangfær og ökufær. Verð kr. 870.000. Allar upplýsingar í s. 846-2947.


Dísilhitarar, ósamsettir og samsettir, verð frá kr. 48.900.- Allir varahlutir og viðgerðarþjónusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185 . Opið frá 15-17 mán. til föst.



Patura spennar og rafgirðingarvörur í úrvali. P1 er t.d. bæði fyrir 12V og 230V. 5 km. drægni. Skoðið Patura bækling á www.brimco.is Brimco ehf., Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111. Opið kl.13-16.30.


Til sölu Iveco Euro Cargo árg. 2001 með Wingliner vörukassa og gámalásafestingum. Ekinn 288.000 km. Tilboð óskast. Uppl. hjá Kristjáni í s. 892-2033.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sér -pöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.


Kia Soul, dísil, árgerð 2017, sjálfskiptur, ekinn 92.000 km. Verð kr. 2.390.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.


Shetland Black Prince 7 m sportbátur með Volvo Penta 200 D bensínvél. Skipt var um rafkerfi og er það viðurkennt hér á landi. Var settur í ryðfrír eldsneytistankur. Óskað er eftir tilboði Uppl. í s. 863-3316.


Renault master 2005, 18 manna rúta, upptekin vél, góður undirvagn. Lakk ekki það besta eftir óveðrið, annars í toppstandi. Verð kr. 1.190.000, skipti möguleg. Uppl. í s. 661-1223.


Kontra 400 bátarnir hafa reynst afar vel hvað varðar stöðugleika og styrk. Bátarnir eru úr harðplasti sem þarfnast lítils viðhalds, henta vel fyrir sjó og vötn. Bátarnir fást hjá www.hafsport.is s. 620-5544.


Ford Econoline 250 árg. 1990. Endursmíðaður, ryðlaus, beinskiptur, loftlæstur að framan. Nýtekinn í gegn að innan, parketlagður, á eftir að klára innréttingu. Eldavél, fortjald, annar dekkjagangur o.fl. fylgir. Með skoðun til 2025. Allar uppl. veittar í s. 852-3668. Verð kr. 2.000.000.

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

JAPÖNSK GÆÐI!
Léttir — Kraftmiklir
Fyrirferðalitlir — Sparneytnir
Hljóðlátir — 3,5-250 hö
Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is


Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð- 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt tréárum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf, netfang: hak@hak.is. S . 892-4163.


Stiga Park 320 sláttutraktor til sölu. 2ja ára, mjög vel með farinn, í toppstandi. Uppl. S. 433-8851.

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Úrvalið hefur aldrei verið meira.
AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.
Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.
BRIMCO
EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Sérsmíðaður fyrir 3 öxla dráttarbíla. Hardox 450 -8 mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind heitsprautuzinkað, (tvöföld grind) 6 þrepa sturtutjakkur, sem gefur um 53 g halla, seglyfirbreiðsla. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612 - thadolfs@gmail.com



Finnmaster 680 til sölu. 2009 módel 160 hestöfl Volvo penta dísel keyrð 170 tíma. Með vagni. Upplýsingar veitir Sigurður í s. 892-1164.



Avant 630 með skóflu. Notkun- 1.414 vinnustundir. Glæný dekk. Nýyfirfarinn af umboði. Verðhugmynd kr. 2.000.000 +vsk. Eða tilboð. Upplýsingar í s. 664-0840.



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x 110. Net 15x10. Frá kr. 24.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.


# Streymishitarar

**Slepptu hitakútnum**
**Fáðu strax heitt vatn**

## 20% afsláttur



KGG.is
**KGG**
- Kristján G. Gíslason ehf
- 552-0000
- Verslaðu á www.kgg.is



**NÝI ÖKUSKÓLINN**

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is
C-CE-D-C1-C1E-B/Far



EYJALIND **Varahlutir í Bobcat**



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



**ÁSCO**

BÍLARAFMAGN

# OKKAR ÆR OG KÝR

**— STARTARAR OG ALTERNATORAR —**



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í 12V,* truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. *Sjálvirk öryggi í bíla. Glerörygg 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett *fyrir bassakeulur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raffgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. *Kol í alternarora.* Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

**ÁSCO**

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is
BÍLARAFMAGN




Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus fræsing, verð reiknast á fermetra. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Nánari upplýsingar og tilboð í S. 892-0808- Oliver.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is

PUNKTAR OG HNIT
RÁÐGJÖF

Hnitset landamerki, hnitset nýjar lóðir og sé um umsókn til byggingafulltrúa, set niður merkjahæla. Vinnusvæði er Vesturland og Suðurland, en hvert sem er eftir samkoulagi. Netfang- punktaroghnit@gmail.com, punktaroghnit.is



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Palmse PT-700 7 tonna kr. 1.490.000 +vsk. Búvís ehf. S. 462-1332.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð- L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.

HR MÁLUN

Hr-Málun tekur að sér alla almenna málningarvinnu að innan sem utan. Áratuga reynsla sem tryggir hraða og fagmannlega vinnu. Hr-Málun sérhæfir sig í þakmálun. Roland Þór málarameistari s. 888-3003 og ritari Hanna Guðný s. 888-2002.




Ledljós fyrir kerrur og landbúnaðartæki. 12 og 24 V , 7 pinna tengi. 2,5 m kapall á milli ljósa og 12 m kapall í pinnatengi. Segulfesting, IP66 vatns- og rykvörn. Handhæg plasttaska fylgir. Til á lager. Hákonarson ehf., S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is - www.hak.is



Þessi sláttuvél er til sölu. Sláttubreidd er ca 1,9 m. Vélin er mjög lítð notuð eða um 5 klst/ári og er eins og ný. Hefur alltaf staðið inni á vetrum. Upplýsingar í s. 896-7050.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari- 680 kg og 1500 kg CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf / S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Til sölu Renault Kangoo Maxi langur, árgerð 2017, ekinn 117.000 km. Bíll í mjög góðu lagi. Ásett verð á bílasölu 2.490.000. Fæst með miklum staðgreiðsluafslætti. Upplýsingar í s. 898-2823.



Til sölu MB 914 árgerð 1987. Frábær hústrukkur með einangruðu húsi. Ekinn aðeins 26.000 km Verð kr. 4.500.000. Athuga ýmis skipti. Upplýsingar í s. 792-1954



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is




Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is


VINNUVÉLAR & ÁSAFL

*Vélar til sölu*



Volvo FM500 með Krana
486.682km
HM2220 Krani Árg 22
Tveggja drifa bíll
12.800.000 kr+vsk



Doosan DX225LC-5
Árg 2018
1836 vst
Smurkerfi
Tvær skóflur, ripper og fleygur
verð 17.800.00+ vsk



Trejon FlexiTrac 1226
Ónotuð sýnigarvél
26 hö án mengunarsíu
Verð 4.490.000kr+vsk



Valtra N154 Direkt
2500 V/std
Hús of fjaðrandi hásing
Vel útbúin vél

Verð 13.490.000 +vsk

Við höfum mjög góð sambönd erlendis og verslum aðeins við trausta aðila
Það eina sem þú þarft að gera er að hafa samband og við finnum réttu vélina fyrir þig.
Við sjáum svo um ferlið frá A-Ö og afhendum þér vélina skráða og tilbúna í vinnu.
4964400

VINNUVÉLAR & ÁSAFL



Gamalt stálgrindarhús til sölu. Húsið stendur á Akureyri en verður tekið niður í vetur. Mál eru 21,4 x 7,3 m. Einhalla þak. Gæti hentað vel sem t.d. útihús/gróðurhús/geymsla/hesthús. Verð kr. 5.000.000 +vsk. Kaupandi þarf að fjarlægja húsið. Upplýsingar veitir Daníel í s. 849 1337.'



Heildarlengd með beisli 857 cm og húsið er 734 cm. Breidd 246 cm og hæð 260 cm. Þyngd hýsis um 1800 kg og heildar leyfileg þyngd 2.000 kg. Grjótgrind, kojur, svefnpláss fyrir 6, hjónarúm með upplyftanlegum höfðagafli. Panorama þakgluggi. Tvöfaldir innfelldir gluggar, þykkt á veggjum og þaki er 33 mm og gólfi 47 mm. Í eldhúsi er gaseldavél með 3 hellum og eldhúsviftu ásamt bakaraofni og 167 L ísskáp. Baðherbergi með sturtu. Góðar geymslur hvort sem er fyrir útilegudótið eða skíðin. Àsett verð kr. 7.300.000. Uppl. Gummi í s. 893-6353.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt-1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki-Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Deutz fahr 6150 árg. 2016 153 hestöfl. Ekinn 1834 vinnustundir með frambúnaði. Verð kr. 10.800.000 +vsk. Upplýsingar í s. 899-4179.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

OPEL

Rýmingarsala á Opel varahlutum. Mikið úrval á góðu verði. Nánari upplýsingar hjá varahlutir@benni.is.



Sláttuorf með Honda vélum. Orfin henta mjög vel sveitarfélögum og verktökum. Margar útfærslur. Einnig öflugar sláttuvélar með Honda vélum. Allar vélarnar eru fjórgengis. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang - hak@hak.is



Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðnar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Fullur gámur af harðvið frá Brasilíu. Besti viður sem völ er á á mjög góðu verði. Frábær fyrir hesthús, hús, kofa og margt fleira. 4 fallegar hurðir og gluggar fylgja. Verðhugmynd kr. 2.500.000 með 20 ft gám. Hafðu samband við Örn í s. 820-6726 eða ornoskargud@gmail.com. Er opinn fyrir skiptum.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.


Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is
Þjónusta við Iðnaðinn

Lofpressur,trésmíðavélar,járnsmíðavélar, borvélar, Bandsagarblöð,sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn,sporjárn.

Öllverð á heimasíðu www.roggi.is





Er E10 bensínið að eyðileggja vélina þína?

Móteitrið fæst hjá okkur! Wynn's Supremium lagar E10 bensínið og bjargar vélinni!






automatic ... gengur vel

S: 512 3030 | www.automatic.is



BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR frá Ifor Williams

Ifor Williams Trailers





Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is


Þú skráir inn smáauglýsinguna þína á www./bbl.is/smaauglysingar

**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík


Skipulagsstofnun

# Mat á umhverfisáhrifum

## Álit Skipulagsstofnunar

## Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og umhverfismatsskýrslu Rangárþings ytra er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

















Rampar fyrir Frysti/Kæligámaá lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is

mýranaut

Bragðgott og meyrt ungnautakjöt. 1/8úr skrokk um 20 kg. Inniheldur steikur, hakk, gúllas og snitsel. Heimkeyrsla á höfðuborgarsvæðinu. S. 868-7204 www.myranaut.is



Glussadrifnar haughrærur á ámokstursstæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útitanka, útilón og víðar. Lengdir- 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is – www.hak.is – S. 892-4163.



Benz Atego árg. 2000, kassabíll með 7.1m. kassa og lyftu. Fékk endurskoðun í útaf bilun í rúðuþurrku, stefnuljósum(búið að laga) og flautu, einnig er rafmagn í mælaborði í ólagi. Fær skoðun því hraðamælir virkar og síriti, en snúningshraðamælir er úti og einhver ljós á loftpúðum að aftan. Lyfta virkar en er nokkuð stíf eftir litla notkun, þarf að yfirfara dælu, hún lekur. Ekinn 304.000 km. Verð kr. 600.000. Uppl. í s. 866-3322 / kiddithor73@gmail.com



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stíflulhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísel, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstæð verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Hitar vatn í allt að 110°C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margskonar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagni eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Sólarsellur 50w ,100w ,120w, 150w, 180w og 370w Verð frá kr. 17.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185. Opið frá 15-17 mán. til föst.









Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjólofl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Bátur til sölu, Siggi EA-150. 5tonna bátur, vel við haldinn. 85 HP Mermaid vél, keyrð 1.800 tíma. Upplýsingar í s. 897-7823- Ágúst.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu steypustöð með pokasíló. Framleidd 2005 endurnýjuð 2019. Hliðarstækkun fylgir. Hefur verið geymd innandyra síðan 2015. Fyrirspurnum er svarað á netf. 2th@eyjar.is - Þór.



Sjálfsogandi dælur frá Japan(Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2" , 3" , 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntakfyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

## Atvinna

Ég er að leita að vinnu á Íslandi. Ég myndi helst vilja vinna með dýr eða í matvælaiðnaði. Ég hef áður unnið í eldhúsi og hef líka reynslu af geitum, ostagerð og smyrslum. Ég er að leita að launaðri vinnu. Ég er 28 ára, útskrifaðist nýlega frá leikhús- og kvikmyndaháskólanum í Búdapest. Ég fylgist mjög vel með og er sjálfstæður. Netfangið mitt er fenyvesi.mih@gmail.com

Óska eftir eldri konu til að sjá um lítið heimili í Borgarfirði með góðri aðstöðu. Frekari upplýsinar í s. 894-5063.

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir að taka á leigu stang-veiðisvæði, annað hvort litla á eða veiðirétt stakra jarðareiganda. Mig langar að taka á leigu svæði sem ég get farið með fjölskyldu mína yfir sumartímann og veitt. Er líka til í að skoða með uppbyggingu á veiðisvæði ef það er í boði? Er helst að leita eftir svæði á vesturlandi og vestfjörðum, norðurland vestra kemur líka til greina. Sendið mér skilaboð á traffic64@simnet.is ef þið hafið áhuga á að spjalla.

Óska eftir Land Rover Discovery. Skoða allt. Árgerðir 1989 til og með 2004. S. 620-0708.

Vantar vörubílsdekk 13r x 22.5 notuð eða ný. Tvö til fjögur stykki. Uppl. í s. 864-4262.

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Til sölu Polaris Sportman 2008, keyrt 13.800 km. Dekkjagangur á felgum fylgir með. Er á nýlegum dekkjum. Alltaf geymt inni, í góðu lagi. Verð kr. 800.000. Uppl. í s. 616-9452. Netfang-siggikre@simnet.is

Ódýrar trjáplöntur til sölu. Heimaræktaðar trjáplöntur til sölu í 2ja lítra pottum. Birki, ilmreynir, silfurreynir ribs, kvistir o.fl. Allar plöntur á sama verði, aðeins kr. 800 stk. Frábært tækifæri fyrir sumarbústaðarlandið. Uppl. í s. 857-7363 (Er í Reykjavík).

Kia Sportage, 4x4, árgerð 2016, sjálfskiptur, ekinn 156.000 km. Verð kr. 2.690.000. - notadir. bennis.is– S. 590-2035.

Hvít bílskúrshurð, vel með farin breidd 2.47m hæð 2.30m til sölu. Verð kr. 100.000. upplýsingar í s. 860-2782.

Fullkomið lóðrétt vatnsræktunar-kerfi til sölu. Sjálfvirk stjórntölva, rekkar, kör, bakkar, vatns og loft dælur, rakatæki og margt fleira. Kerfið ber uþb. 1000 plöntur en má auðveldlega stækka það með því sem fylgir í kaupunum. Upplýsingar veitir Daníel - s. 849-1337.

JEEP Compass Trailhawk- 4xE Plug In Hybrid. Hvítur, svartur toppur. Nýskráður 2/2022, akstur 5.000 km. Bensín / Rafmagn. Sjálfskipting 5 dyra, 5 manna. Verð kr 7.550.000 eða tilboð. uppl. S. 864-4140.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Snyrti aspir og víðitré í Haust. 3000 kr/klst. Nýti greinar f. græðlinga get því boðið lágt verð. Gróðursettir aspargræðlingar á 119kr/stk. ÓE 5-10 hektara fyrir asparskóg á 2 m. Uppl. s. 849-0636.

Viðurkenndur bókari getur bætt við sig viðskiptavinum. Endilega sendið á sibbabokhald@gmail.com fyrir frekari upplýsingar.

Er með 2 kassa af garni til sölu. Bútateppi á kr. 10.000 og saumavel á kr. 25.000. Það fylgir bók með. Upplýsingar í s. 692-3220 Guðlaug.

## LOFTSLAGSVÆNN LANDBÚNAÐUR

**Auglýst eftir nýjum þátttakendum í nautgriparækt, sauðfjárrækt og útiræktun grænmetis.**

Loftslagsvænn landbúnaður er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Markmið verkefnisins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu.

Auglýst er eftir umsóknum til þátttöku frá tíu búum í sauðfjárrækt og/eða nautgriparækt og fimm grænmetisframleiðendum sem stunda útiræktun. Þátttakendur þurfa að hafa áhuga fyrir að setja sér skriflega aðgerðaáætlun fyrir búreksturinn, hrinda markmiðum í framkvæmd og vera virkir þátttakendur í vegferð landbúnaðarins að loftslagsvænum lausnum.

Þátttakendur fá heildstæða ráðgjöf, fræðslu og aðhald frá RML, Landgræðslunni og Skógræktinni og auk þess þátttökustyrk, styrk til efnagreininga og þegar líður á verkefnið aðgerða- og árangurstengdar greiðslur.

Verkefnastjórn áskilur sér rétt til að velja þátttakendur, verði umsækjendur fleiri en fimmtán, en öll þátttökubú þurfa að uppfylla lögbundnar skýrsluhaldskröfur.

**Verkefnið hefst í sept/okt 2023 og er umsóknarfrestur til 20. ágúst n.k. Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu RML, www.rml.is.**

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ósk Alfreðsdóttir verkefnastjóri, **berglind@rml.is** og í síma **516-5000**.

skógræktin
RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
Landgræðslan



# Hjartað í íslenskum landbúnaði

Bústólpi



bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is